**BRYNHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR**

*Klæðir sig í kjól sem lífgar upp á lundina*

• tíska

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**



**SÓFAR**

*Notalegt og hlýlegt nýtur mikilla vinsælda*

Sérblað um sófa

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.**




Windows 7

7 dagar

windows7.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. október 2009 — 244. tölublað — 9. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


**FIMMTUDAGUR**

### Heimska og dirfska



Þorsteinn Gunnar Jónsson frumsýnir fyrstu kvikmynd sína í fullri lengd, grínmyndina Jóhannes.

KVIKMYNDIR 46

### Opnar dyr að auðlindum



Öld liðin frá útgáfu fyrstu íslensku kennslubókarinnar í esperanto.

TÍMAMÓT 36

### Undankeppni lokið



Riðlakeppni HM lauk í gær þegar barist var í fjórum riðlum af átta um sæti á HM eða í umspili keppninnar.

ÍÞRÓTTIR 58






**VEÐRIÐ Í DAG**




**VINDASAMT** Í dag verða suðvestan 5-15 m/s, hvassast á Vestfjörðum og með norðurströndinni. Léttskýjað eystra annars smáskúrir framan af degi en síðan úrkomulítið og bjart með köflum.

VEÐUR 4

# Ríkið eða kröfuhafar munu ákveða afskriftir starfsfólks

**Eigendaskipti verða á Íslandsbanka í dag. Ákvörðun um afdrif kúlulána til starfsmanna hefur meðvitað verið látin liggja milli hluta fram yfir skiptin. Kaupþing hefur ekki afskrifað nein starfsmannalán.**

**VIÐSKIPTI** Nýir eigendur Íslandsbanka taka ákvörðun um hugsanlega afskrift lána sem Glitnir veitti starfsmönnum til hlutabréfakaupa í bankanum á sínum tíma. Stjórn Íslandsbanka hefur fram til þessa látið málið vera og beðið eigendaskipta, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Lán Glitnis til fyrrverandi og núverandi starfsmanna bankans hleypur á milljörðum króna. Frá því hefur áður verið greint að þrír framkvæmdastjórar bankans fengu í maí í fyrra lán upp á átta hundruð milljónir hver til kaupa á hlutabréfum í bankanum. Lán starfsmanna bankans eru flest í einkahlutafélögum sem standa illa í dag og teljast því sem næst glötuð.

Vitað er að einhverjir starfsmenn Íslandsbanka hafa í samræmi við samninga nýtt sér söluréttarákvæði sem viðkomandi höfðu. Í þeim tilvikum sem lántakar áttu samningsbundinn rétt til að falla frá kaupunum eða sölurétti hafa þeir almennt nýtt sér hann á gjalddaga lánanna, samkvæmt upplýsingum frá Íslandsbanka.

Í dag skýrist hverjir eignast Íslandsbanka en þá rennur út frestur kröfuhafa Glitnis til að ákveða hvort þeir vilja fá 95 prósenta hlut í honum eða skuldabréf.

Verði seinni leiðin valin eignast ríkið Íslandsbanka að fullu en bankinn mun gefa út þrjú skuldabréf stíluð á kröfuhafa. Fyrsta skuldabréfið er upp á 52 milljarða króna. Hin tvö eru árangurstengd og geta aldrei orðið hærri en áttatíu milljarðar króna. Ásamt því fá kröfuhafar kauprétt á níutíu prósenta hlut í bankanum.

Verði fyrri leiðin valin mun skilanefnd Glitnis taka yfir stjórn bankans fyrir hönd kröfuhafa og setja fjóra menn í bankaráð til móts við einn sem ríkið tilnefnir.

„Við erum að fara í gegnum lokaatriðin,“ segir Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, og bætir við að enn sé ekki vitað hverjir kröfuhafar Glitnis eru. Hann vísar til þess að líflegur markaður hafi verið með kröfur bankans frá því hann féll fyrir rúmu ári. Sama máli gegnir um kröfur Kaupþings. Kröfulýsingafresti í bú Glitnis lýkur 26. nóvember næstkomandi en 30. desember í bú Kaupþings. Á þeim degi mun koma í ljós hverjir eigendur bankans eru. **- jab**

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**VEISLAN HAFIN** Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves var sett í ellefta sinn í gær. Alls koma 220 hljómsveitir fram á hátíðinni sem stendur fram á sunnudag, 160 innlendar og 55 erlendar. Hljómsveitin Me, the Slumbering Napoleon gaf tóninn á Nasa í gær.

Fyrri heimsstyrjöldin:

## Bretar borguðu Mussolini laun

**BRETLAND, AP** Benito Mussolini þáði laun hjá bresku leyniþjónustunni árið 1917. Þetta kemur fram í gögnum sem breskur leyniþjónustumaður skildi eftir sig og sagnfræðingurinn Peter Martland uppgötvaði nýverið.



**BENITO MUSSOLINI**

Mussolini þáði 100 pund á viku, 6.000 pund að núvirði, frá Bretum. Skyldur hans fólust meðal annars í því að ráðast að mótmælendum sem safnast höfðu saman til að mótmæla stríðsrekstrinum. Bretum var mjög í mun að Ítalir drægju sig ekki úr styrjöldinni, þar sem þar voru reknar mikilvægar hergagnaverksmiðjur. Mussolini, sem síðar varð fasískur einræðisherra landsins, var á þessum árum ritstjóri. **- kóp**


LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ

ORATORS

- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


Orkuveita Reykjavíkur ræðir við forsvarsmenn lífeyrissjóða um fjármögnun:

## Tíu milljarða skuldabréfaútboð

**ORKUMÁL** Fjármögnun vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar hefur verið rædd á milli Orkuveitu Reykjavíkur og lífeyrissjóða síðustu daga. Orkuveitan hefur ráðist í tíu milljarða króna skuldabréfaútboð vegna aðkallandi verkefna.

Hjörleifur Kvaran, forstjóri OR, segir skuldabréfútboðið hugsað til fjármögnunar á hluta af stækkun Hellisheiðarvirkjunar en einnig veituframkvæmda á Vesturlandi. Um er að ræða fimm milljarða framkvæmd sem ekki hefur tekist að fjármagna með erlendum lánum, eins og upphaflega var ætlunin.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá bíða forsvarsmenn Orkuveitunnar svars frá Evrópska fjárfestingarbankanum um þrjátíu milljarða króna lán til uppbyggingar á Hellisheiði. Hjörleifur segir að skuldabréfaútgáfan tengist evrópska láninu ekkert. **- shá / sjá síðu 6**





sbarro

18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum

1990 kr.

Risa pizza

Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750

**SPURNING DAGSINS**



*Guðmundur Freyr, ætlarðu að stilla til friðar í heiminum?*

„Ja, að minnsta kosti fá jarðarbúa til að slá á létta strengi.“

Íslenska gítarstillingarforritið Tunerific er nú selt í 134 löndum. Það varð til upp úr meistaraverkefni Guðmundar Freys Jónassonar sem rekur nú fyrirtækið Hugvakann í samstarfi við leiðbeinanda sinn Jóhann P. Malmquist.

Flensufaraldurinn enn á hraðri uppleið á höfuðborgarsvæðinu:

# Átján á spítala vegna svínaflensu

**HEILBRIGÐISMÁL** Átján einstaklingar lágu á Landspítala síðdegis í gær af völdum svínaflensunnar. Þrír voru á gjörgæslu, hinir sömu og legið hafa þar undanfarna daga.

Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnasviði landlæknisembættisins, sagði að einn sjúklingur hefði verið útskrifaður og sex nýir bæst við.

„Flensan er á hraðri uppleið á höfuðborgarsvæðinu,“ segir hún. „Það er ekki hægt að segja til um það nú hvenær hún muni ná toppi. Þróunin hefur verið heldur hægari á landsbyggðinni en flensutilfellum fjölgaði þó um og upp úr síðustu helgi. Ég hef frétt af einum einstaklingi sem lagður var inn á spítala á Akureyri og öðrum á sjúkrahúsinu á Egilsstöðum.“

Hvað skólana varðar segir Guðrún að í sumum þeirra virðist veikindin stinga sér niður og tilfellum þá fjölga hratt, en annars staðar sé heilsufar í lagi.

Guðrún segir vonir standa til þess að bóluefnið sem kemur til landsins dragi úr faraldrinum.

Þeir sem lagðir hafa verið inn á spítala af völdum svínaflensunnar eru á aldrinum eins árs til 73 ára og eru flestir með undirliggjandi áhættuþætti. - jss




**LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ** Aflar og heldur utan um upplýsingar um svínaflensuna.

Skipsfarþegar í dagsdvöl:

# Keyptu fyrir 30 milljónir króna

**VERSLUN Farþegar skemmtiferðaskipsins Emerald Princess, sem hafði dagsviðkomu í Reykjavík í byrjun mánaðarins, keyptu vörur fyrir um 30 milljónir króna.**

**Frá þessu er greint á vef Faxaflóahafna.**

**Um 3.000 farþegar voru um borð. Versluðu um 1.250 þeirra fyrir 4.000 krónur eða meira og fengu því virðisaukaskatt endurgreiddan, samkvæmt upplýsingum umsýslufyrirtækja.**

**Farþegarnir voru bandarískir ellilífeyrisþegar. Fóru um 2.100 þeirra í skipulagðar skoðunarferðir ferðaskrifstofa í Íslandsdvölinni.** - bþs

Noregslán utan dagskrár:

# Vil ræða þetta málefnalega

**STJÓRNMÁL Rætt verður um „möguleg lán frá Norðmönnum óháð AGS“ utan dagskrár á Alþingi í dag.**

**Málshefjandi er Höskuldur Þórhallsson, Framsóknarflokki. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra verður til svara.**

**„Ég vil ræða þetta á málefnalegum nótum og vonandi verður um leið hægt að leiðrétta ýmsar rangfærslur sem komið hafa fram,“ segir Höskuldur.**

**Í dag hyggjast framsóknarmenn jafnframt kynna betur þær leiðir til lántöku sem þeir telja færar en forsenda þeirra er, að sögn Höskuldar, að fram komi formleg beiðni þar um.** - bþs

Rússar hafna aðstoð:

# Ekkert lán frá Rússunum

**EFNAHAGSMÁL** Rússar höfnuðu því að veita Íslendingum gjaldeyrislán í gær, þar sem mikill halli sé á rússneska ríkisrekstrinum.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hitti aðstoðarutanríkisráðherra Rússlands á aðalfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á dögunum og ámálgaði lánið við hann, en óformlegar viðræður höfðu átt sér stað síðan í haust. Rætt var um taka allt að 500 milljóna Bandaríkjadali að láni.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Steingrímur sagði í samtali við RÚV í gær að ákvörðun Rússa hefði ekki komið á óvart. Engin vonbrigði séu með ákvörðunina, þar sem verið er að endurmeta lánsþörf Íslendinga. - kóp



**LITLA-HRAUN** Saksóknari efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra hefur ákært Guðmund Jónsson, fyrrum forstöðumann í Byrginu, fyrir stórfelldan fjárdrátt og meiri háttar brot á skattalögum og lögum um bókhald. Guðmundur afplánar dóm á Litla-Hrauni.

# Milljónafjárdráttur af söfnunarreikningi

**Guðmundur Jónsson, fyrrum forstöðumaður í Byrginu, er ákærður fyrir að hafa dregið sér milljónir frá Byrginu, meðal annars af söfnunarreikningum sem stofnaðir voru til styrktar því. Fyrrum stjórnarmaður er einnig ákærður.**

**DÓMSMÁL** Guðmundur Jónsson, fyrrverandi forstöðumaður Byrgisins, hefur verið ákærður fyrir milljónafjárdrátt, þar á meðal af tveimur söfnunarreikningum til styrktar Byrginu. Þá hefur Guðmundur, ásamt Jóni Arnari Einarssyni, fyrrverandi stjórnarmanni í Byrginu, verið ákærður fyrir meiri háttar brot gegn skattalögum og lögum um bókhald.

Guðmundi er gefið að sök að hafa dregið sér ríflega 3,3 milljónir króna þegar hann notaði kreditkort Eignarhaldsfélagsins Byrgisins og greiddi persónuleg útgjöld í 209 skipti á árunum 2005 og 2006. Þá er honum gefið að sök að hafa á ofangreindum árum dregið sér rúmar 1,6 milljónir frá eignarhaldsfélaginu Byrginu og líknarfélaginu Byrginu þegar hann lét félögin greiða kreditkortareikninga sína í 109 skipti.



**GUÐMUNDUR JÓNSSON**

Guðmundur er einnig ákærður fyrir að hafa dregið sér 96.500 krónur með tólf millifærslum af söfnunarreikningi aðstandenda Hauks Freys Ágústssonar til styrktar Byrginu. Einnig að hafa dregið sér 4,3 milljónir af söfnunarreikningi sem Svavar Dalmann safnaði í þágu Byrgisins líknarfélags. Guðmundur bæði millifærði og tók út af söfnunarreikningunum. Samtals nemur fjárdrátturinn ríflega 9,3 milljónum króna.

Þá eru Guðmundur og Jón Arnar ákærðir fyrir vantaldar launagreiðslur að upphæð 9,6 milljónir króna og vangoldna staðgreiðslu opinberra gjalda að upphæð 3,6 milljónir. Guðmundur er svo ákærður að telja ekki fram á skattskýrslu bifreiðahlunnindi sín árin 2004 og 2005, að upphæð 1,5 milljónir og hafa með því komið sér undan því að greiða tekjuskatt og útsvar upp á tæpar 600 þúsund krónur.

Jón Arnar er ákærður fyrir að hafa komið sér undan greiðslu tekjuskatts og útsvars að upphæð 1,4 milljónir með vantalningu á skattaframtali sínu.

Þá eru báðir ákærðir fyrir meiri háttar bókhaldsbrot í störfum sínum fyrir Byrgið með því að varðveita ekki fylgiskjöl með fullnægjandi hætti.

Guðmundur afplánar nú tveggja og hálfs árs fangelsisdóm á Litla-Hrauni. Hann var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn skjólstæðingum sínum í Byrginu.

jss@frettabladid.is

Öryggismál í Hveragerði:

# Aðkeyrsla að bænum vöktuð

**SVEITARSTJÓRNIR** Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði, vill auka öryggiseftirlit í bænum með því að „kannaðir verði möguleikar á rafrænni vöktun á innkeyrslum Hveragerðisbæjar með það fyrir augum að auka öryggiskennd bæjarbúa og fækka afbrotum í Hveragerði og enn fremur að markaður verði farvegur fyrir öfluga nágrannagæslu í bæjarfélaginu“.



**ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR**

Bæjarráð fól Aldísi að leita tilboða í eftirlitsmyndavélakerfi við innkeyrslur bæjarins og ræða við tryggingafélag bæjarins, Securitas og Öryggismiðstöðina varðandi aðkomu að nágrannagæslu í bænum. - gar

Átján mánaða fangelsi:

# Nauðgaði konu í ölvunarsvefni

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt karlmann í átján mánaða fangelsi fyrir nauðgun, með því að hafa samræði við konu sem svaf ölvunarsvefni. Hann var jafnframt dæmdur til að greiða henni sex hundruð þúsund krónur í skaðabætur.**

**Konan og maðurinn þekktust. Hún kvaðst hafa farið með honum heim eftir dansleik í júlí á síðasta ári, lagst upp í rúm og sofnað í öllum fötum. Hún hefði vaknað við að maðurinn hefði verið búinn að færa sig úr fötunum og verið farinn að hafa við sig samfarir.**

**Maðurinn neitaði í fyrstu að hafa haft samræði við konuna en sagði svo það hafa verið með hennar samþykki.**






Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingum til stjórnlagaþings í fjárlagafrumvarpi næsta árs:

# Stjórnlagaþingið verði 2011

**STJÓRNMÁL** Til álita kemur að fresta fyrirhuguðu stjórnlagaþingi til ársins 2011. Fram til þessa hefur ríkisstjórnin stefnt að því að halda slíkt þing á næsta ári.

Stjórnlagaþingi er ætlað að vera ráðgefandi við endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Stjórnlagaþing hefur verið eitt af höfuðmálum ríkisstjórnarinnar frá því að hún tók við völdum 1. febrúar. Fjallað var um það í verkefnaskrá minnihlutastjórnarinnar og aftur í samstarfsyfirlýsingunni eftir kosningarnar í apríl. Í henni segir að kjósa eigi til þingsins í síðasta lagi samhliða sveitarstjórnarkosningunum 2010. Mælti Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra fyrir frumvarpi þar um í júlí en það fékkst ekki rætt.

Í þingmálaskrá vetrarins segir að frumvarp um stjórnlagaþing verði lagt fram en ekki er getið um hvenær það verði haldið.

Ekki er vikið orði að stjórnlagaþingi í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Í frumvarpi sumarsins kom fram að kostnaður vegna þinghaldsins gæti numið á bilinu 362-442 milljónir króna. Var áætlað að það stæði í 8-11 mánuði.



**ODDVITARNIR** Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkvæmt upplýsingum úr forsætisráðuneytinu er nú til skoðunar hvort unnt sé að stytta starfstíma þess, auk þess að fresta því til ársins 2011. - bþs


Kringlan
Opið til 21 í kvöld
NÝJAR VÖRUR
20-50% afsláttur
fimmtudag til þriðjudags
nýtt kortatímabil
Kringlukast
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000
Komdu í heimsókn
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 14.10.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 123,32 | 123,90 |
| Sterlingspund | 196,94 | 197,90 |
| Evra | 183,56 | 184,58 |
| Dönsk króna | 24,656 | 24,800 |
| Norsk króna | 22,151 | 22,281 |
| Sænsk króna | 17,817 | 17,921 |
| Japanskt jen | 1,3801 | 1,3881 |
| SDR | 196,30 | 197,46 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

235,7422

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Breskir rannsakendur skiptast á gögnum um bankana við sérstakan saksóknara:

# Með íslenskan banka í sigtinu

**LÖGREGLUMÁL** Rannsóknarteymi bresku efnahagsbrotaskrifstofunnar (Serious Fraud Office, SFO) er með íslenskan banka til skoðunar, og bráðlega verður ljóst hvort formleg rannsókn á mögulegum lögbrotum verður hafin.

Þriggja manna hópur frá SFO hefur skipst á upplýsingum og gögnum um bankana við starfsmenn embættis sérstaks saksóknara frá því á mánudag.

„Með því að deila gögnum höfum við hraðað rannsókn okkar umtalsvert, og ég er viss um að hið sama má segja um embætti sérstaks saksóknara. Við höfum í raun unnið margra vikna verk á þeim þremur dögum sem við höfum eytt hér á landi,“ segir Polly Sprenger, sem fer fyrir hópnum frá SFO.

Sprenger er vongóð um að einhver af þeim atriðum sem nú séu í skoðun og tengjast íslenska bankanum komist á það stig að hægt verði að hefja rannsókn, og í framhaldinu sækja grunaða til saka.

SFO hóf óformlega skoðun á öllum íslensku bönkunum sem höfðu starfsstöðvar í Bretlandi í vor, en þá voru ekki næg sönnunargögn til að hefja formlega rannsókn. Skoðun SFO nú beinist að einum af viðskiptabönkunum þremur, en Sprenger vill ekki upplýsa hvaða hver sá er. **- bj**



**RANNSÓKN** Polly Sprenger segir starfsmenn sérstaks saksóknara vinna gríðarlega gott starf, og afkasta mjög miklu miðað við fjölda starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kaupþing vill innheimta lán:

# Kröfu um frávísun hafnað

**DÓMSMÁL Héraðsdómur hefur hafnað kröfu Magnúsar Ármann, Kevins Stanford og eignarhaldsfélagsins Materia Invest um að mál Nýja Kaupþings á hendur þeim verði fellt niður. .**

**Nýja Kaupþing vill að Magnús og Kevin standi skil á 370 milljóna króna láni, sem veitt var Materia Invest á sínum tíma. Telur Nýja Kaupþing að þeir Magnús og Kevin séu í ábyrgðum fyrir láninu. Materia Invest var um tíma meðal stærstu eigenda FL Group.**

**Málið var einnig höfðað á hendur Þorsteini M. Jónssyni, en hann hefur samið um lausn þess fyrir sitt leyti.** **- sh**



**AFHJÚPA MINNISMERKI** Kristján Möller samgönguráðherra og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri afhjúpuðu merki um að bundið slitlag er komið á veginn.

Opna veg um Arnkötludal:

## Styttri leið til Bolungarvíkur

**SAMGÖNGUR** Leiðin á milli Bolungarvíkur og Reykjavíkur styttist um 42 kílómetra þegar Djúpvegur um Arnkötludal var opnaður við hátíðlega athöfn í gær. Þá er nú komið bundið slitlag alla leiðina.

Vegurinn er mikil samgöngubót og tengir norðanverða Vestfirði við hringveginn með bundnu slitlagi. Kári var í jötunmóð þegar vegurinn var opnaður og í stað þess að strengja borða yfir veginn var brugðið á það ráð að bregða honum um stein við veginn. Rokið lét borðann í friði þar og athöfnin fór fram eftir settum reglum. **- kóp**

# Rannsóknarnefnd frestar birtingu á hrunskýrslunni

**Skýrsla rannsóknarnefndar sem fjallað hefur um bankahrunið verður birt í síðasta lagi 1. febrúar. Viðfangsefnið reyndist vera viðameira og flóknara en ráð var fyrir gert. Skýrslan verður yfir 1.000 blaðsíður að lengd.**

**STJÓRNSÝSLA** Niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis, sem rannsakar nú aðdraganda bankahrunsins, verða ekki tilbúnar til birtingar fyrr en um miðjan janúar í fyrsta lagi. Nefndin mun fá frest til 1. febrúar næstkomandi til að skila skýrslu sinni.

Páll Hreinsson, formaður nefndarinnar, sagði á fundi með fjölmiðlafólki í gær að nokkrar ástæður væru fyrir því að farið hefði verið fram á lengri frest.

Þannig voru gögn sem nefndin aflaði sér frá bönkunum viðameiri en reiknað var með og talsverðan tíma tók að koma þeim á form sem hentaði til samanburðar, segir Páll. Þá séu gögn raunar enn að berast, til dæmis frá útibúum og dótturfélögum bankanna erlendis.

„Þegar farið var að skoða þessi gögn fóru að koma í ljós ýmis flókin og yfirgripsmikil viðskipti sem við höfum þurft að skoða nánar og fara yfir,“ segir Tryggvi Gunnarsson, einn nefndarmanna. „Þetta hefur því tekið lengri tíma og orðið flóknara en við höfðum væntingar um.“

Þar með hafi nefndin staðið frammi fyrir tveimur kostum; að skila verra verki en til hafi staðið, eða óska eftir því að fá lengri frest til að skila skýrslunni, sem þegar er orðin yfir 1.000 síður að lengd.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, sagði við upphaf þingfundar í gær að til standi að breyta lögum um nefndina til að veita henni umbeðinn frest.

Til greina kom að skila áfangaskýrslu, og ákveðnir kaflar skýrslunnar eru raunar tilbúnir, segir Sigríður Benediktsdóttir, einn nefndarmanna. Fallið hafi verið frá því þar sem erfitt sé að aðskilja mál hvert frá öðru og birta verði niðurstöður í samhengi.

Ekki stendur til að gera þau gögn sem liggja að baki skýrslu nefndarinnar aðgengileg almenningi um leið og skýrslan sjálf verður gerð opinber, segir Páll. Gögnin fari til Alþingis, sem verði að taka afstöðu til þess hvort, og þá hvernig, fræðimönnum eða öðrum verði veittur aðgangur að gögnunum.

Í skýrslu nefndarinnar verða þó án efa birtar upplýsingar sem hingað til hafa fallið undir bankaleynd, segir Páll. Það verði þó aðeins gert þegar nauðsynlegt sé að birta slíkar upplýsingar til að rökstyðja álit nefndarinnar.

„Til að geta útskýrt söguna verðum við einfaldlega að geta sagt frá hvernig hlutirnir gerðust, þar með talið fjallað um stærstu félögin sem voru í viðskiptum, og áttu jafnvel bankana,“ segir Páll. **brjann@frettabladid.is**



**RANNSÓKN** Ekkert verður upplýst um efnislegar niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis fyrr en skýrsla nefndarinnar verður birt. Nefndarmenn telja mögulegt að skýrslan verði tilbúin um miðjan janúar, en í síðasta lagi 1. febrúar næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### HAFA RÆTT VIÐ YFIR 400 EINSTAKLINGA

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur tekið formlegar skýrslur af 105 einstaklingum, en nefndarmenn vildu ekki upplýsa Fréttablaðið um hverjir hafa gefið skýrslu.

Að auki hefur nefndin rætt við yfir 300 manns á fundum og í viðtölum til að afla nánari skýringa og upplýsinga.

Lengsta skýrslutakan tók 24 klukkustundir, og dreifðist á þrjá vinnudaga, að því er fram kom á fundi með fjölmiðlum í gær.

„Við eigum enn þá eftir að kalla inn nokkuð marga, og getum ekki látið það standa út af,“ segir Sigríður Benediktsdóttir, einn nefndarmanna.

Ekki fékkst upp gefið hversu marga einstaklinga í viðbót nefndarmenn hyggist boða til skýrslutöku á næstunni.

### KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

**Mótmæla hernaðarumsvifum**

Samtök hernaðarandstæðinga mótmæla fyrirhuguðum hugmyndum um hergagnageymslu og æfingasvæði fyrir Nató á Keflavíkurflugvelli. Í ályktun segir að enginn munur sé á því að þjónusta herþotur og þjálfa herflugmenn eða varpa sprengjum í fjarlægum löndum með sömu vélum.

### ÁRÉTTING

Sigurbjörn Sigurðsson, veitingamaður á Kaffi Duus í Keflavík, vill taka fram að staður hans er ekki sá sem formaður Matvís hefur sakað um að fara ekki að lögum í rekstri sínum. Kaffi Duus sást á loftmynd af Keflavík sem birtist í Fréttablaðinu á þriðjudag.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**BEST EYSTRA**

Horft á daginn í dag og morgundaginn verður áberandi besta veðrið austan til á landinu, en þar verður vindur sæmilega hægur og bjart. Á morgun kemur norðausturlandið inn einnig með ágætt veður. Annars staðar verður fremur vindasamt, einkum vestast á landinu ásamt úrkomu. Á hinn bóginn dregur úr úrkomu á landinu þegar líður á daginn og rofar nokkuð til. Hlýtt verður í veðri.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Amsterdam | 13° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 11° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 9° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 15° |
| New York | 9° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 10° |
| París | 14° |
| Róm | 18° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



**FRÁBÆRT VERÐ**

Þakpappi
1x20 m, 16 kg/rúlla
214598

**5.990 kr**
**aðeins 299 kr/m²**

# TAX FREE
## ALLAR LJÓSAPERUR



**Sparperur**
Orkusparandi og umhverfisvænar
Allt að 80% orkusparnaður og
allt að 15 sinnum lengri endingartími

# KOMDU
## Í HÚSASMIÐJUNA




**SAMA VERÐ UM LAND ALLT**

## RÓSASPRENGJA Í BLÓMAVALI



Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**10 RÓSIR 1.499**

# TAX FREE
## ALLIR MIÐSTÖÐVAROFNAR




## VEGGHENGT SALERNI MEÐ ÖLLU

Innbyggð wc grind með kassa, salernisskál, klósettsetu og hvítum skolhnapp
8078415




**49.900**



**999**

Toolux hamar
16 oz
5003077



**69.990**
~~87.990~~

Kælir/frystir
157 sm
1808313



**1.690 kr/m²**

PLASTPARKET Á FRÁBÆRU VERÐI

Eik og hnota 3ja stafa
146956

EGGER

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

blómaval
heillandi heimur

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## KJÖRKASSINN



*Munt þú láta bólusetja þig gegn svínaflensu hafir þú kost á því?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 58,9% |
| NEI | 41,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Lest þú blogg vikulega eða oftar?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Tímaritið New Statesman gefur út lista yfir áhrifamestu einstaklinga heims:

# Jóhanna talin áhrifamikil

**BRETLAND** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra er í 48. sæti á lista tímaritsins New Statesman yfir fimmtíu áhrifamestu einstaklinga veraldar þessa dagana.

Í fyrsta sæti listans er Obama-fjölskyldan í Bandaríkjunum, en í öðru sæti er Murdoch-fjölskyldan, það er fjölskylda fjölmiðlajöfursins Ruperts Murdoch sem á nokkra helstu fjölmiðla veraldar. Í þriðja sæti er svo Marwan Barghouti, Palestínumaður sem hefur verið fangi Ísraelsmanna síðan 2004 en er talinn hugsanlegur framtíðarleiðtogi Palestínumanna.

Jóhanna er í tímaritinu nefnd Ísdrottningin, en henni er talið til tekna að vera fyrsti kvenkyns forsætisráðherra Íslands ásamt því að vera fyrsti samkynhneigði þjóðarleiðtogi heims, sem ekki fer í felur með það.

Starfsbróðir Jóhönnu í Bretlandi, Gordon Brown, er í 29. sæti listans. Hann er sagður hafa verið fremstur í röð vestrænna leiðtoga í baráttu þeirra gegn heimskreppunni.

Einungis fáir þjóðarleiðtogar eru á þessum lista, sem birtur var í lok september. Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, er í sjöunda sæti og næstur honum kemur Osama bin Laden í áttunda.

Næst á undan Jóhönnu, í 47. sæti, eru poppgoðin Jay-Z og Beyoncé, en í neðsta sæti listans er samsærishöfundurinn Dan Brown. **- gb**



**ÍSDROTTNINGIN** Jóhanna Sigurðardóttir er ein fárra þjóðarleiðtoga sem komast á listann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forsætisráðherra Breta:

# Fleiri hermenn til Afganistans

**BRETLAND, AP** Bretar ætla að senda 500 hermenn til Afganistans til viðbótar þeim níu þúsund sem þar eru fyrir.

Gordon Brown forsætisráðherra skýrði frá þessu á þingi í gær. Einnig las hann upp nöfn þeirra 37 bresku hermanna sem fallið hafa í Afganistan síðan þingið gerði hlé á störfum sínum í júlí. Breska herliðið í Afganistan er það næstfjölmennasta, á eftir bandaríska herliðinu. Yfirmaður fjölþjóðaherliðs Bandaríkjanna og NATO í Afganistan hefur lagt áherslu á að fjölga þurfi hermönnum til þess að árangur geti náðst. **- gb**

„Ég lánaði þeim eldspýtur. Og hvað með það? Það lánuðu allir eldspýtur, næstum hver einasti maður! Annars væri borgin varla brunnin til grunna."




Magnað verk um hugleysi og græðgi – fullt af eldfimum húmor

Leikstjóri er Kristín Jóhannesdóttir sem valin var leikstjóri ársins á síðustu Grímuverðlaunahátíð. Með aðalhlutverk fara Eggert Þorleifsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Björn Thors og Magnús Jónsson.

Frumsýning á föstudaginn

Hringdu í síma 551 1200 eða smelltu þér á leikhusid.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

# OR og lífeyrissjóðir ræða um Hellisheiði

**Orkuveita Reykjavíkur hefur ráðist í tíu milljarða króna skuldabréfaútboð til að mæta fjármagnsþörf fyrirtækisins fyrir aðkallandi framkvæmdir. Erlend lántaka vegna fimm milljarða króna veituframkvæmda á Vesturlandi brást.**

**ORKUMÁL** Stjórnendur Orkuveitu Reykjavíkur og forsvarsmenn stórra lífeyrissjóða hafa rætt aðkomu sjóðanna að fjármögnun við stækkun Hellisheiðarvirkjunar. Orkuveitan þarf að fjármagna fimm milljarða veituframkvæmdir á Vesturlandi.



ARNAR SIGURMUNDSSON



HJÖRLEIFUR KVARAN

Hjörleifur Kvaran, forstjóri Orkuveitunnar, segir að fyrirtækið sé með skuldabréfaútboð í gangi á innlendum markaði sem meðal annarra sé verið að kynna lífeyrissjóðunum. Útboðið er tíu milljarðar króna og er ætlað til fjármögnunar á hluta af stækkun Hellisheiðarvirkjunar auk annarra aðkallandi verkefna.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá bíða forsvarsmenn Orkuveitunnar svars frá Evrópska fjárfestingarbankanum um þrjátíu milljarða króna lán til uppbyggingar á Hellisheiði. Hjörleifur segir að skuldabréfaútgáfan tengist evrópska láninu ekkert og ekki sé um varaáætlun að ræða, bregðist sú lántaka. Fjármögnun innanlands með útgáfu skuldabréfa yrði haldið áfram þó að evrópska lánið skilaði sér.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Eftir er að ljúka fjármögnun lokaáfanga Hellisheiðarvirkjunar sem nú er rædd milli OR og lífeyrissjóða. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Við stöndum í miklum framkvæmdum annars staðar en á Hellisheiði. Við erum með fimm milljarða veituframkvæmdir á Vesturlandi sem eftir er að fjármagna. Við gerðum ráð fyrir að fjármagna þær með erlendri lántöku sem ekki tókst og því var ákveðið að fjármagna það hér innanlands," segir Hjörleifur. Hann segir að fyrirtækið hafi að undanförnu þurft að fjármagna sig með skammtímalánum. Skuldabréfaútboðið sé því einnig hugsað til endurfjármögnunar þeirra lána til lengri tíma.

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að viðræðurnar hafi átt sér stað að undanförnu og að þeim hafi komið nokkrir stórir lífeyrissjóðir. Hann telur þá ekki en áréttar að viðræðurnar séu ekki samanburðarhæfar við hugsanlega þátttöku sjóðanna í fjármögnun Búðarhálsvirkjunar. „Sú framkvæmd tengist stöðugleikasáttmálanum beint en viðræður lífeyrissjóða og Orkuveitunnar eru hefðbundnar samræður um fjárfestingartækifæri," segir Arnar.

svavar@frettabladid.is

Evrópusambandið segir Tyrki þurfa að tryggja betur mannréttindi til að fá aðild:

# Makedónía tilbúin í viðræður

**BELGÍA, AP** Olli Rehn, stækkunarstjóri Evrópusambandsins, segir að Makedónía uppfylli nú öll skilyrði sem þarf til þess að aðildarviðræður geti hafist.

Makedónía sótti um aðild árið 2004 en aðildarviðræður hafa ekki getað hafist vegna deilna við Grikkland, sem vill að Makedónía breyti um nafn. Rehn vonast til þess að frekari viðræður um lausn á þeirri deilu skili brátt árangri.

Aðildarviðræður við Króatíu eru hins vegar langt komnar, en Króatía þarf engu að síður að hraða ýmsum umbótum eigi viðræðum að geta lokið um mitt næsta ár, eins og að er stefnt.

Önnur ríki á Balkanskaga, sem óska eftir aðild, þurfa að bíða lengur og vinna að umbótum í stjórnsýslu og mannréttindamálum.

Tyrkland þarf sömuleiðis að hraða endurbótum, einkum á sviði mannréttinda, til að eiga möguleika á aðild. Aðildarviðræður Tyrklands og Evrópusambandsins hófust árið 2005, en hefur lítið miðað áleiðis.

Egemin Bagis, aðalsamningafulltrúi Tyrklands gagnvart ESB, segist fagna skýrslunni, sem hann segir fjalla bæði um þann árangur sem náðst hefur og það sem enn er óunnið. Bagis sakar stjórnarandstöðuna í Tyrklandi um að tefja fyrir sumum helstu umbótamálunum. **- gb**



**OLLI REHN** Stækkunarstjóri Evrópusambandsins kynnti stöðu aðildarviðræðna við Tyrkland og Balkanskagaríkin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


HAUST
ÚTSALA
8.–18. október
Gerðu hagkvæm jólainnkaup
á stærstu haustútsölu ársins!
Opið til kl. 21 í dag
SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
Verslanir opnar: mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000
Smáralind

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvað heitir fyrirtækið sem býður nú upp á svokölluð SMS-lán á háum vöxtum?*
2. *Hvaða írska drengjasveit er á leið til landsins að taka upp myndband?*
3. *Hver skoraði sigurmark Íslands í fótboltaleiknum gegn Suður-Afríku á Laugardalsvelli á þriðjudagskvöld?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 62

Engar fjárheimildir til rekstrar 154 nýrra hjúkrunarrýma í fjárlögum 2010:

# Tvíbýli úrelt í stað nýrra rýma

**ALDRAÐIR** Ekki er gert gert ráð fyrir neinum heimildum í fjárlagafrumvarpi 2010 til daggjalda vegna fjölgunar hjúkrunarrýma. Skýringin er sú að þótt 154 ný hjúkrunarrými verði tekin í notkun í Reykjavík og Kópavogi næsta vor mun rýmum ekki fjölga þegar allt er talið. „Þetta verður leyst með tilflutningi innan kerfis og úreldingu annarra rýma," sagði Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður félags- og tryggingamálaráðherra. Þau rými sem hætt verður að nota eru ýmist tvíbýlisherbergi eða herbergi sem standast ekki nútímakröfur að öðru leyti.

Framkvæmdir eru langt komnar við bygginu hjúkrunarheimilis fyrir 44 aldraða við Boðaþing í Kópavogi og fyrir 110 aldraða við Suðurlandsbraut í Reykjavík. Bæði verða tekin í notkun á fyrri hluta næsta árs.



ANNA SIGRÚN BALDURSDÓTTIR

Hrafnista mun reka heimilið í Kópavogi en ekki er búið að bjóða út rekstur heimilisins við Suðurlandsbraut.

Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær er félags- og tryggingamálaráðherra að undirbúa átak í byggingu hjúkrunarheimila á árunum 2010-2012. Af 361 rými sem þá á að byggja eru 160 viðbótarrými en jafnframt verða um 200 rými tekin úr notkun, þar sem þau standast ekki þær kröfur sem nú eru gerðar.

Anna Sigrún segir að gangi þetta eftir muni flestir sem nú eru á biðlistum fá rými. Eins muni það heyra sögunni til að aldraðir þurfi að flytjast milli byggðarlaga til að komast á hjúkrunarheimili eða búa við aðstæður sem ekki standist nútímakröfur. **- pg**

Iceland Energy Group:

# Ekkert fékkst upp í kröfur

**VIÐSKIPTI** Engar eignir fundust í þrotabúi Iceland Energy Group upp í kröfur upp á rúmar 125 milljónir króna. Samþykktar forgangskröfur námu rétt rúmum sjö milljónum króna.

Iceland Energy Group var tekið til gjaldþrotaskipta með dómsúrskurði í apríl, en skiptum var lokið annan þessa mánaðar. Fyrirtækið hafði á árinu 2007 gert samstarfssamning við Serbneska lýðveldið um uppbyggingu vatnsaflsvirkjana, en fyrirtækið átti að sjá um sölu og dreifingu orkunnar. Á þeim tíma hafði fyrirtækið miklar fyrirætlanir um þátttöku í orkugeira Austur-Evrópu. **- óká**

Fiskveiðideila Noregs og ESB:

# Vænir ESB um samningsbrot

**SJÁVARÚTVEGSMÁL Inge Halstensen, stjórnarformaður Samtaka norskra útvegsmanna, sendir Evrópusambandinu tóninn í frétt á vef norska ríkisútvarpsins og segir sambandið „ótraustan samningsaðila".**

**ESB vísaði þrjátíu norskum makrílveiðiskipum út af svæði undan Hjaltlandseyjum í fyrri viku, þar sem þau töldu sig stunda veiðar í trausti tvíhliða samkomulags ESB og Noregs. Hún telur að Norðmenn þurfi að grípa til þess að hindra aðgang ESB-skipa að norskum veiðisvæðum í Norðursjó og Barentshafi.**

**Norskir útvegsmenn telja að þeir muni verða af aflaverðmæti sem svarar til tuttugu milljarða íslenskra króna standi ákvörðun ESB í málinu óhögguð.** **- shá**

Sjö íslenskar konur verðlaunaðar fyrir nýsköpun:

# Fékk silfurverðlaun fyrir gifstappa

**VERÐLAUN** Hugvitskonan Guðrún Guðrúnardóttir hlaut á dögunum viðurkenningu fyrir gifstappa sína frá Samtökum evrópskra hugvitskvenna, (European women inventors and innovators network, EUWIIN). Auk Guðrúnar voru sex aðrar íslenskar konur verðlaunaðar fyrir nýsköpun sína við hátíðlega athöfn í Helsinki.

Það voru þær Herdís Egilsdóttir, sem hlaut verðlaun fyrir ævistarf sitt, óvenjulega mikla sköpunargáfu og kennsluaðferðina Landnámsaðferðin – samþætting námsgreina í grunnskóla, Margrét Pála Ólafsdóttir sem fékk viðurkenningu fyrir Hjallastefnuna, Rósa Helgadóttir fyrir hönnun og endurnýtingu, Alexandra Argunova fyrir



**KONUR Í NÝSKÖPUN** Guðrún Guðrúnardóttir hugvitskona og Elínóra Inga Sigurðardóttir, formaður KVENN.

nýsköpun í menningartengslum, Hulda Sveinsdóttir fyrir hönnun á heilsukoddanum Keili og Ágústína Ingvarsdóttir fyrir nýsköpun í sjálfshjálparaðferð. **- sbt**



## Auðmaður eignast veiðiparadís við Vík

**Svissneskur auðmaður hefur fest kaup á öllum jörðum umhverfis Heiðarvatn og Vatnsá í Mýrdal. Fjárfesting hans nemur nú þegar um hálfum milljarði. Skiptar skoðanir eru um umsvifin og veiðimenn eru sárreiðir vegna kaupanna.**

**UMHVERFISMÁL** Svissneski auðmaðurinn Rudolf Lamprecht hefur á undanförnum árum keypt allar jarðir sem liggja að Heiðarvatni í Mýrdal og silungs- og laxveiðiánni Vatnsá sem rennur úr vatninu í Kerlingadalsá, þar sem hann hefur einnig tryggt sér land og veiðirétt að hluta. Fjárfesting Lamprechts nemur um 500 milljónum króna. Hann stendur fyrir umfangsmiklum seiðasleppingum í ána og vatnið og hyggst hefja trjárækt í stórum stíl í sumar. Skiptar skoðanir eru á umsvifum auðmannsins í sveitinni og stangveiðimenn sem ekki komast lengur til veiða á vatnasvæðinu eru sárreiðir.

Rudolf Lamprecht á eitt stærsta fiskeldisfyrirtæki heims með starfsstöðvar víða um heim, meðal annars í Indónesíu og Hondúras. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins dreymir Lamprecht um að skapa umhverfisparadís á landi sínu. Hann verður í sumar með hóp af fólki við landgræðslu og trjárækt. Hann hefur einnig staðið fyrir rannsóknum í Heiðarvatni í samvinnu við Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar og hefur unnið með Landgræðslu Íslands. Lamprecht hefur ekki selt veiðileyfi að neinu marki í Heiðarvatni og Vatnsá síðan hann hóf að kaupa land og hefur ekki tekið afstöðu til þess hvort af því verður í framtíðinni.

Stangveiðifélag Keflavíkur hefur byggt upp aðstöðu við Heiðarvatn á undanförnum árum en hyggst nú flytja tvö veiðihús af landinu vegna kaupa Lamprechts. Gunnar J. Óskarsson er formaður félagsins. „Þarna kom fjölskyldufólk í hundraðavís á hverju ári til að njóta lífsins. Þannig var það í tvo áratugi en er nú liðin tíð. Hann gerði allt til að koma okkur í burtu og það var ekki staðið við neitt sem lofað hafði verið." Gunnar segir að Lamprecht hafi gengið hart fram í því að eignast landið og furðar sig á því að sveitarstjórn Mýrdalshrepps hafi látið landakaupin viðgangast.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, segir að skiptar skoðanir séu um jarðakaup Lamprechts. „Mönnum finnst ekki gott að torsóttara er orðið að komast til að veiða í vatninu. Ég hef annars ekki gert neinar athugasemdir við þetta meðan ekki eru vandamál með aðgengi almennings að landinu. Veiðiréttur gengur kaupum og sölum og það á við þetta svæði sem önnur."

svavar@frettabladid.is

**HEIÐARVATN Í MÝRDAL** Fagurt er um að litast við vatnið. Svissneskur auðmaður hefur keypt landið og hyggst rækta það upp. Veiðimenn eru sárreiðir yfir að komast ekki til veiða. MYND/MAGNÚS JÓHANNSSON

**RUDOLF LAMPRECHT** Hér er Svisslendingurinn við seiðarannsóknir í Vatnsá. MYND/BE



**RUDOLF LAMPRECHT**

**FRÉTTABLAÐIÐ 16. APRÍL 2007**
Fyrir tveimur og hálfu ári sagði Fréttablaðið frá umsvifum Rudolfs Lamprecht við Heiðarvatn í Mýrdal.

# Lamprecht vill eiga allan Geithellnadal

**Rudolf Lamprecht frá Sviss hefur keypt fimm jarðir í Geithellnadal í Álftafirði. Hann á mikið land ofan við Vík í Mýrdal og stundar þar fiskirækt. Það vill hann einnig gera í Geithellnadal og selja veiðileyfi.**

**JARÐIR** Félagið Heiðarlax hyggur á fiskirækt í Geithellnadal í Álftafirði og hefur í því skyni fest kaup á öllum jörðum sem falar hafa reynst í dalnum.

Svisslendingurinn Rudolf Lamprecht, eigandi Heiðarlax, er umsvifamikill í fiskeldi víða um heim. Hann hefur ræktað fiskistofna í Heiðarvatni og í Vatnsá ofan við Vík í Mýrdal og hefur keypt fjölda jarða og jarðaparta þar og á nú mest allt svæðið. Hann virðist ætla sér það sama í Geithellnadal. Nokkrir landeigendur hafa þó gefið Lamprecht afsvar.

Sérstakri yfirlýsingu frá Heiðarlaxi var þinglýst hjá sýslumanninum á Eskifirði þegar félagið keypti jarðirnar Kambsel og Geithella II. Kom fram að Heiðarlax teldi sér skylt að gefa yfirlýsinguna þar sem eigandi félagsins væri svissneskur ríkisborgari.

„Kaup á viðkomandi fasteign eru nauðsynlegur þáttur í áframhaldandi starfsemi félagsins og mun fela í sér talsverða atvinnusköpun á svæðinu ásamt því að fyrirhugað er að sinna þjónustu í tengslum við veiðiréttindi er fram líða stundir," segir í yfirlýsingunni. Lamprecht hefur einmitt opnað fyrir veiðileyfasölu í Vatnsá eftir uppræktunarstarf. Bæði lax og silungur er í Geithellnaá. Fram til þessa hefur veiðin verið nýtt af jarðeigendum sjálfum. Einnig er arður af hreindýrum.

Auk fyrrgreindra jarða í Geithellnadal hefur Lamprecht hefur þegar keypt jörðina Múla III, hálfa jörðina Múla II og jörðina Virkishólasel. Ekki hafa fengist upplýsingar um þær fjárhæðir sem Lamprecht greiddi fyrir jarðirnar í Geithellnadal. Þess má geta að málaferli urðu eftir að þáverandi landbúnaðarráðherra, Guðmundur Bjarnason, seldi ríkisjörðina Kambsel til þeirra Atla Árnasonar og Helga Jenssonar skömmu áður en hann lét af af embætti á árinu 1998. Söluverðið var þá 750 þúsund krónur. Kambsel var seld án auglýsingar til þeirra Atla og Helga sem áttu fyrir Geithella II. Þeir sem kærðu söluna töpuðu málinu.

„Almennt séð ætla ég ekki að fordæma menn fyrirfram þó að þeir séu að sölsa undir sig jarðir, og ef slík jarðakaup að einhverju leyti viðhalda starfsemi sem hefur verið þar eða setur í gang eitthvað sem fjölgar útsvarsgreiðendum og eykur tekjur sveitarfélagsins þá myndi ég almennt að segja að menn myndu að því leytinu til fagna þessu heldur en hitt," segir Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps.





Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga sér um úthlutun hvíta stafsins. Upplýsingar og fróðleik um hvíta stafinn og umferli má finna á **www.midstod.is**

ÍSLENSKA SIA.IS SJO 47631 10/09


FRÁBÆRT ÚRVAL
lopi, garn, prjónablöð, prjónar og önnur smávara
Barnavettlingar úr Léttlopa
með vöffluprjónskanti
Dömuvettlingar
úr Álafosslopa
Uppskriftir er hægt að nálgast á www.istex.is
DALE
MARKS & KATTENS
Garn Mönster Idéer
ÍSTEX
Prym
NÝTT
KORTA
TÍMABIL
50 ára
HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

Vefhýsing_
668 kr. á mánuði
Pantaðu núna á www.1984.is
ÍSLENSK VEFHÝSING
= MEIRI HRAÐI >> MEIRA ÖRYGGI >> MUN ÓDÝRARI
1984 – stóri bróðir hefur gætur á þér
Sími 546 1984 ::: info@1984.is

# Telja AGS-lán óþarft

**Sjálfstæðisflokkurinn leggur til aðgerðir í efnahagsmálum sem skila ríkissjóði bata upp á um 123 milljarða króna. Draga á úr ríkisútgjöldum, breyta skattlagningu lífeyrisgreiðslna, liðka fyrir fjárfestingum og lækka vaxtakostnað.**

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur sjálfstæðismanna hefur lagt fram þingsályktunartillögu um nauðsynlegar bráðaaðgerðir vegna ástands efnahagsmála.

Lagt er til að hagrætt verði í ríkisrekstrinum með fimm prósent sparnaði í heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfinu og tíu prósenta sparnaði á öðrum sviðum. Ekki verði skorið niður flatt heldur forgangsraðað á þann hátt að mikilvæg grundvallarþjónusta skerðist sem minnst. Miðað við fjárlög þessa árs myndi þetta leiða til sparnaðar í ríkisútgjöldum upp á 35-40 milljarða króna. Ekki verði skorin niður útgjöld til framkvæmda.

Skattahækkunum er hafnað enda hamli þær fjárfestingu og ráðningu nýrra starfsmanna hjá einkafyrirtækjum. Ljóst megi vera að það fólk sem missir vinnuna hjá ríkinu vegna niðurskurðar og hagræðingar þurfi að fá störf hjá einkafyrirtækjum.

### Skattur á inngreiðslur

Í stað skattahækkana leggja sjálfstæðismenn til að tekjur ríkissjóðs verði auknar með skattlagningu inngreiðslna í lífeyrissjóði í stað útgreiðslna. Við það gætu tekjur aukist um 35-40 milljarða. Einnig sé athugandi að afnema frestun á skattlagningu séreignarsparnaðar sem myndi skila um 115 milljarða eingreiðslu í ríkissjóð á næsta ári og um 13 milljörðum á ári eftir það.

Nýlegum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar varðandi Helguvík og Bakka og áform um orku- umhverfis- og auðlindaskatt er mótmælt enda valdi þær atvinnulífinu stórskaða. Skattgrunnar stækki verði horfið frá þeim ráðstöfunum öllum.

Lagt er til að skattaafsláttur til hlutabréfakaupa verði endurvakinn, veiðiheimildir auknar og sérstökum strandveiðum hætt.

### Lán verði lánalínur

Í tillögunum segir að leita verði allra leiða til að afnema gjaldeyrishöftin. Við það muni tiltrú á krónuna styrkjast sem aftur dregur úr hættu á að innlendir aðilar skipti sparnaði sínum í erlenda mynt og liðki fyrir erlendri fjárfestingu. Breyta ber erlendum krónueignum í langtímaskuldabréf en við það minnki þrýstingurinn á krónuna og veiti svigrúm til vaxtalækkana. Þá er lagt til að útflæði gjaldeyris verði stöðvað með uppboðum fremur en höftum.

Sjálfstæðismenn segja að í framhaldinu minnki þörfin fyrir gjaldeyrisvarasjóð og um leið þörfin fyrir lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og Norðurlöndunum. „Sennilega nægja lánin frá Norðurlöndunum, Færeyjum og Póllandi til að mynda gjaldeyrisvarasjóð eftir að þrýstingur á gengið hefur verið minnkaður. Öllu máli skiptir að sýna á trúverðugan hátt fram á að hægt verði að mæta stórum afborgunum af erlendum lánum ríkisins árið 2011. Til að halda vaxtakostnaði í lágmarki er hér lagt til að lán frá Norðurlöndunum verði á formi lánalína. Jafnframt verði lánin frá AGS ekki tekin nema þau bjóðist sem lánalínur," segir í greinargerð tillögunnar.

Með því að breyta lánum í lánalínur minnkar vaxtakostnaður um marga milljarða á ári. Í greinargerðinni segir allt benda til að hreinn vaxtakostnaður vegna lána frá AGS og Norðurlöndunum á næsta ári verði 12,5 milljarðar. „Ef hins vegar væri hægt að takmarka þörfina eftir lánum við lán Norðurlandanna og að þau væru á formi lánalína með 0,5 prósenta álagi mætti lækka vaxtakostnaðinn í um 1,6 milljarða á ári."

### Heimilin

Til að fjalla um skuldavanda heimilanna leggja sjálfstæðismenn til að stjórnvöld kalli til ráðagerða fulltrúa allra þingflokka og helstu hagsmunaaðila til að ná þverpólitískri sátt um aðgerðir. Markmiðið væri að finna viðunandi lausn sem kæmi til framkvæmda eigi síðar en um næstu áramót.

Þá er lagt til að stimpilgjöld verði afnumin til að auðvelda fólki að njóta bestu kjara við endurfjármögnun lána.

Um skuldavanda fyrirtækja segja sjálfstæðismenn að hraðvirkast, ódýrast og skynsamlegast sé að stjórnvöld leggi línur um lausn sem bankarnir útfæri.

bjorn@frettabladid.is



**FRAMKVÆMT** Sjálfstæðismenn telja efnahagstillögur sínar vel fallnar til þess að koma hjólum atvinnulífsins á snúning á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## MIKILVÆGT AÐ HORFA YFIR FLOKKSLÍNUR



ILLUGI GUNNARSSON

Illugi Gunnarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, kveðst bjartsýnn á að tillögur flokksins nái eyrum stjórnarliða á þingi. „Þetta er þannig verkefni að stjórnmálamenn verða að horfa yfir flokkslínur."

Hann segir Ísland eiga góð tækifæri til að vinna sig hratt út úr vandanum en þá verði að grípa til réttra aðgerða.

Niðurskurðaraðgerðir eru ekki útfærðar í tillögunum. Illugi segir það ekki á færi stjórnarandstöðu að skila frá sér frágengnu fjárlagafrumvarpi en mikilvægt sé að ekki verði skorið niður flatt heldur með markvissum og skynsamlegum hætti. Skoða verði hvert ráðuneyti og hverja stofnun fyrir sig.

Um lánamál segir Illugi dæmin sanna að hættulegt sé að ráðast í risavaxnar lántökur til að halda uppi gengi gjaldmiðils. Affarasælla sé að fá aðgang að lánalínum. Við það lækki vaxtabyrði og ásamt með öðrum aðgerðum skapist skilyrði til vaxtalækkana.

Illugi segir gengi gjaldmiðla ráðast af trausti á efnahag þjóða og með nýtingu auðlinda, mannauðs og öflugri framleiðslu skapist slíkt traust. Ráðast þurfi í þær framkvæmdir sem þegar séu á teikniborðinu og hverfa frá áformum um skattahækkanir á atvinnulífið.

Svæðisstjóri í Bandaríkjunum

Iceland Express auglýsir eftir svæðisstjóra í Bandaríkjunum. Svæðisstjóra er ætlað að sjá um markaðs- og sölumál félagsins í Bandaríkjunum og halda utan um samskipti og þjónustu við söluaðila Iceland Express þar. Svæðisstjóri þarf einnig að fylgjast vel með nýjum sölutækifærum og bregðast við þeim.

Umsækjendur þurfa að búa í Bandaríkjunum eða vera tilbúnir að flytja þangað.

Svæðisstjóri vinnur náið með tekjustýringu og markaðsdeild Iceland Express á Íslandi.

Hæfniskröfur svæðisstjóra:
- Þarf að tala reiprennandi ensku.
- Háskólamenntun, helst í viðskiptum eða ferðamálum.
- Góð þekking á íslenskri ferðaþjónustu.
- Reynsla af vinnu á Bandaríkjamarkaði.
- Mikil þjónustulund og sjálfstæð vinnubrögð.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst.

*Umsóknir sendist í tölvupósti á job@icelandexpress.is. fyrir 22. október. Nánari upplýsingar er að finna á **www.icelandexpress.is/jobs**.*

Iceland Express með ánægju

Fíton/SÍA F103039 1





1 kaffivél á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt þér 1 Solis espresso kaffivél hjá **Ormsson** fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða fengið þér eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **www.aukakronur.is**

**AUKAKRÓNUR** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda veltu á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. / Sjá nánar á www.aukakronur.is.

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

ENNEMM / SÍA / NM39322

# VIÐ ERUM TIL ÞEGAR Á REYNIR



## Í LIÐSAUKA Rauða krossins

Vikuna 12.-17. október safnar Rauði krossinn sjálfboðaliðum í LIÐSAUKA Rauða krossins, varalið sem kallað er út við margvíslegar aðstæður, hamfarir og áföll.

**Nýi Kaupþing banki er bakhjarl þessa átaks Rauða krossins og þegar hafa á annað hundrað starfsmanna bankans skráð sig í LIÐSAUKA.**

Við hvetjum þig til að gerast LIÐSAUKI á **raudikrossinn.is**

NÝI KAUPÞING BANKI



Þeir sem skrá sig í **Sparitilboð N1** á **n1.is** fá veglegan afslátt

Hjólbarðaþjónusta -15%

**Láttu ekki veturinn koma þér á óvart!**

**Frábært úrval af dekkjum, dekkjahótel og betri þjónusta**

Þú færð skjóta og góða hjólbarðaþjónustu hjá N1. Við bjóðum upp á eitt mesta úrval landsins af hjólbörðum og geymum sumardekkin á dekkjahóteli fyrir þá sem vilja. **Renndu við hjá okkur þegar þér hentar, við tökum vel á móti þér!**

Hjólbarðaþjónusta N1 er að finna víða á höfuðborgarsvæðinu og á völdum stöðum á landsbyggðinni.

WWW.N1.IS


# Leggur fram frumvarp ásamt stjórnarandstæðingum:
# 23 þúsund geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu

**ALÞINGI** Frumvarp fimm þingmanna um þjóðaratkvæðagreiðslur gerir ráð fyrir að tíu prósent kosningabærra manna geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið mál. Við þingkosningarnar í apríl höfðu rúmlega 227 þúsund atkvæðisrétt.

Flutningsmenn eru þingmenn Hreyfingarinnar, Þráinn Bertelsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson Samfylkingunni.

Í stjórnarfrumvarpi um þjóðaratkvæðagreiðslur, sem lagt var fram í sumar og kemur aftur fyrir þingið nú í haust, er ekki gert ráð fyrir að almenningur geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu. Í greinargerð með þingmannafrumvarpinu segir að stjórnarfrumvarpið sé óásættanlegt.

Spurður um ástæður fyrir flutningi frumvarps með fjórum stjórnarandstæðingum sagðist Sigmundur Ernir vilja styðja viðleitni þeirra enda hefði hann alla tíð verið fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslum. Sama væri hvaðan gott kæmi.

- bþs


**STYTTA AF WALT WHITMAN VÍGÐ** Utanríkisráðherrarnir Hillary Clinton og Sergei Lavrov gáfu sér tíma í gærmorgun til að vígja styttu af einu helsta ljóðskáldi Bandaríkjanna við háskólann í Moskvu. NORDICPHOTOS/AFP

# Segir lýðræði Rússa gallað

## Hillary Clinton hikaði ekki við að gagnrýna stjórnarfar Rússa í ræðu við Moskvuháskóla í gær. Áheyrendur létu sér nægja að klappa kurteislega.

**RÚSSLAND, AP** Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir að Rússar verði að koma sér upp úr kaldastríðsfarinu, gera stjórnmálakerfi sitt opnara og taka fagnandi á móti fjölbreyttum skoðunum og gagnrýni.

„Í nýsköpunarsamfélagi verður fólk að vera frjálst til að hafa óvinsælar skoðanir, vera ósammála hefðbundnum hugmyndum og telja sér óhætt að gagnrýna misnotkun valda,“ sagði hún í ávarpi sem hún flutti í Moskvuháskóla.

Um svipað leyti og Clinton flutti ræðu sína gengu þingmenn þriggja stjórnarandstöðuflokka út af þinginu í Moskvu til þess að mótmæla framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í Rússlandi um helgina.

Sameinað Rússland, stjórnmálaflokkur þeirra Vladimírs Pútíns forsætisráðherra og Dmitrís Medvedevs forseta, vann yfirburðasigur í þeim kosningum í meira en 75 af 83 héruðum Rússlands. Í Moskvu fékk flokkur ráðamanna 32 af 35 sætum í borgarstjórn.

Óháðar eftirlitsstofnanir taka undir með stjórnarandstöðunni að framkvæmd kosninganna hafi verið alvarlega ábótavant. Kosningasvindl hafi verið útbreitt.

Clinton hélt heim til Bandaríkjanna síðdegis í gær að lokinni tveggja daga heimsókn í Rússlandi. Eftir að hún hafði rætt við háskólanema í Moskvu brá hún sér austur á bóginn til borgarinnar Kazan, sem er höfuðborg lýðveldisins Tatarstan.

Þangað sagðist hún hafa viljað koma vegna þess að þar búa kristnir menn og múslimar saman í sátt og samlyndi.

Clinton hitti í Rússlandsferðinni bæði Medvedev og Sergei Lavrov utanríkisráðherra. Tilgangur ferðarinnar var ekki síst að afla stuðnings rússneskra ráðamanna við aðgerðir til þess að fá Írana ofan af hugsanlegum áformum þeirra um að koma sér upp kjarnorkuvopnum. **gudsteinn@frettabladid.is**


# Beinar erlendar fjárfestingar
## *böl eða búhnykkur?*











**Hvar liggja tækifæri Íslendinga?**

Fjárfestingarstofan, iðnaðarráðuneytið og Útflutningsráð Íslands boða til ráðstefnu um mikilvægi beinna erlendra fjárfestinga fyrir Ísland. Á ráðstefnunni verður fjallað um hvers vegna Ísland þarf beinar erlendar fjárfestingar, möguleikana og tækifærin til framtíðar ásamt hlutverki þeirra við endurreisn Íslands. Ráðstefnan verður haldin **miðvikudaginn 21. október á Hilton Hótel Nordica, kl. 8.15-12.00.**

**Er fleira í boði en stóriðja, álver og orkufrekur iðnaður?**

**OPNUN**
**Katrín Júlíusdóttir**, iðnaðarráðherra

**IMPORTANCE OF FOREIGN INWARD INVESTMENTS FOR ICELAND**
Prof. Dr. **W.P. Vossen**, partner, PricewaterhouseCoopers, Belgíu

**ERLENDAR FJÁRFESTINGAR – NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ**
**Þórður H. Hilmarsson**, forstöðumaður Fjárfestingarstofu

**REYNSLA ERLENDRA FJÁRFESTA**
**Isaac Kato**, CFO, executive vice president, Verne Global
**Daði Einarsson**, creative director, Framestore
**Eyþór Arnalds**, framkvæmdastjóri Strokks Energy, Becromal

**VIÐHORF OG SKOÐANIR ÍSLENDINGA Á ERLENDUM FJÁRFESTINGUM**
**Magnús Bjarnason**, framkvæmdastjóri Capacent Glacier og stjórnarformaður Glacier Partners

**HOW TO ATTRACT GREEN AND SOCIALLY RESPONSIBLE INVESTMENTS TO ICELAND?**
**Jean-Dominique Rugiero**, managing partner, Daxam Sustainability Services, Svíþjóð

Fundarstjóri: **Einar Karl Haraldsson**, stjórnarformaður Fjárfestingarstofu.
Þátttökugjald er 5000 kr. Skráning fer fram á **skraning@invest.is** eða í síma **561 5200.**

Fjárfestingarstofan · Iðnaðarráðuneytið · Útflutningsráð Íslands




Internet

ENNEMM / SÍA / NM39293


Jólin þín
byrja í IKEA
3.990,-/60 í pk.
KOTTE skrautkúlur
Ýmsar stærðir. Silfurlitað eða rautt
1.990,-
BORRBY lugt f/kubbakerti
H28cm. Rautt
1.190,-/20 í pk.
JULROS kerti L23cm. Rautt
© Inter IKEA Systems B.V. 2009


1.990,-/stk.
KALLT rafmagnsskreytingar
Kúlupera, lítil E14 hámark 25W, seld sér
1.990,-
KOTTE strágeit
H50cm. Svart
Fæst einnig ólitað
395,-
SNÖA RUTA taska
B45×H45cm. Hvítt/rautt
IKEA
Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
www.IKEA.is

## „ORÐRÉTT“

### Þá þarf ekki að ræða það mál frekar

**„Ef þið gangið í Evrópusambandið verður staða íslenskunnar betri en nú er.“**

PETER DYRBERG, FORSTÖÐUMAÐUR EVRÓPURÉTTARSTOFNUNAR HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK
**Fréttablaðið 14.okt.**

### Þá er það slæmt

**„Hins vegar er atvinnuleysi lögfræðinga staðreynd og ungu fólki sem er að ljúka laganámi bjóðast ekki sömu tækifæri og áður þegar góðærið stóð sem hæst.“**

BORGAR EINARSSON, RITSTJÓRI LÖGMANNABLAÐSINS
**Morgunblaðið 14. okt.**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** DÖGG HJALTALÍN

## Bíð spennt eftir nýjum bókum

„Ég er alltaf að lesa,“ segir Dögg Hjaltalín, bóksali í bókabúðinni Skuld og nemi á meistarastigi í hagfræði við Háskóla Íslands.

Dögg hefur nýlokið við bókina Ævintýraeyjuna – uppgangur og endalok fjármálaveldis eftir Ármann Þorvaldsson, bankastjóra Kaupthing Singer & Friedlander, bresks banka í eigu Kaupþings. „Það skín í gegn að Ármann er sagnfræðingur. Ég er hrifnust af þessum staðreyndum um íslenskt viðskiptalíf,“ segir Dögg og bendir á umfjöllun höfundar um uppsveiflu í íslensku efnahagslífi frá síðustu aldamótum fram að hruni bankanna. „Flestar bækur sem fjalla um hrunið byrja tæknilega, svo sem á frásögn um það hvernig allar þessar afleiður tengjast hruninu. Þessi gerir það ekki. Hún skýrir það betur hvernig kaupin gerðust á eyrinni,“ segir hún.



Dögg hefur margar bækur í handraðanum hverju sinni. Sú sem hún er þó hvað spenntust fyrir er nýjasta bók Malcolms Gladwell, höfundar bókanna Blink og Outliers, sem báðar hafa vakið mikla athygli. Sú nýjasta er safn ritgerða og er væntanleg í lok mánaðar. „Hann er með annað sjónarhorn á hversdagslega hluti,“ segir hún.

Dögg settist á skólabekk í fyrra. „Það er miklu skemmtilegra að fara í skóla núna. Fólk er með svo mikla reynslu og með meiri áhuga á náminu en áður,“ segir Dögg og bendir á að fyrir nokkrum árum hafi fólk einbeitt sér að því að ljúka ákveðnum gráðum og farið í atvinnuleit. Nú hafi það ánægju af náminu. „Það er mikill munur á þessu tvennu. Svo tengist þetta allt búðinni enda getur maður hlerað hverju kennararnir mæla með,“ segir Dögg Hjaltalín.

**TUNGUTAK**

## Einblínt eða margblínt

**■ Sú merking er stundum lögð í sögnina að einblína að hún þýði að leggja áherslu á tiltekið atriði en veita öðrum hlutum athygli í minni mæli.**



**Fólk talar þannig um að „einblína aðallega“ á hitt og þetta, eins og hægt sé að fylgjast með öðru um leið. Að einblína merkir hins vegar að stara eða góna, þannig að sá sem einblínir beinir allri sinni athygli að því sem hann einblínir á. Annars væri væntanlega talað um að margblína.** **- mt**

# tilveran
*nær og fjær*

## Tekist á við hitann

„Ég held að hitinn gegni tilgangi í heilsufari fólks,“ segir Atie Bakker, sérkennari sem árum saman hefur rekið heimili og vinnustað fyrir þroskahefta eftir hugmyndum Rudolfs Steiner í Skaftholti.

Atie hefur viðað að sér mikilli þekkingu um mataræði og heilsufar. Þegar hún nam heilsunæringarráðgjöf erlendis kynntist hún Aart van der Stel mannspekilækni sem kynnti hana fyrir hugmyndum sínum um tilgang varma í líkamanum. Segir Atie hann meðal annars benda á að fái líkaminn aldrei að takast á við hita, geti það haft neikvæð áhrif á heilsuna. Það sé því alls ekki æskilegt að foreldrar grípi vélrænt til hitastillandi meðala til að barninu líði betur og þeir geti sjálfir drifið sig aftur í vinnu.

„Hvaða áhrif hefur það á líkamann að fá aldrei að takast á við hita og veikindi?“ spyr Atie.



**VAN DER STEL** veltir því fyrir sér hvaða áhrif það hefur á líkamann að fá aldrei að takast á við hita. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þeirri spurningu mun Aart reyna að svara á námskeiði í Lækjarbotnum næsta föstudagskvöld og á laugardag um þessi mál. Upplýsingar um það má fá með því að senda póst á skaftholt@simnet.is eða hafa samband við forsvarsmenn Waldorfskólans í Lækjarbotnum þar sem námskeiðið verður haldið.






**PÉTUR VIÐ VINNUTÆKIÐ** Pétur er ekki nema 36 ára en hefur samt starfað við tölvubrellurnar í heil þrettán ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vinnur við að blekkja

**Þrívíddarhönnuðurinn Pétur Karlsson hætti störfum sem aðalgrafíker hjá Latabæ fyrir ári og hefur síðan einbeitt sér að rekstri Monopix, eina íslenska tölvubrellufyrirtækisins.**

Pétur Karlsson hefur starfað við tölvubrellur og myndvinnslu í þrettán ár, eða allt frá því að hann útskrifaðist af myndlistarbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti árið 1996. Hann hefur unnið við nokkrar íslenskar kvikmyndir, til dæmis Fálka, Niceland, Dís og Kaldaljós, og fjölda sjónvarpsauglýsinga, að ógleymdu fjögurra ára starfi hans við framleiðslu þáttanna um Latabæ.

„Það var risaverkefni,“ segir Pétur um starf sitt við Latabæ. Það hafi verið full vinna í fjögur ár, bæði við tvívíddar- og þrívíddarvinnslu. Hann hætti hjá Latabæ í nóvember í fyrra og sneri sér þá alfarið að Monopix, fyrirtæki sínu á sviði stafrænna tæknibrellna. Hann er þar einn eins og er, en hefur hugleitt að bæta við sig starfsfólki þegar ástandið í þjóðfélaginu batnar.

En út á hvað gengur þetta starf eiginlega? „Þetta er það sem þú sérð í bíómyndunum og klórar þér í hausnum yfir af því að þú veist ekki hvernig í ósköpunum það gerðist,“ útskýrir Pétur. Inntur eftir dæmum um þessi ósýnilegu töfrabrögð nefnir Pétur til dæmis að hann hafi verið fenginn til að skipta nýmóðins númeraplötu á bíl á fleygiferð út fyrir eldri gerðina í einni kvikmyndinni, eftir að uppgötvaðist að loknum upptökum að bíllinn hafði borið plötu sem ekki hentaði.

Og Pétur tiltekur einnig atriði úr kvikmyndinni Duggholufólkinu, þar sem ísbjörn ráfar um íslenskt heimili og bítur þar í innanstokksmuni. Björninn sá var kvikmyndaður fyrir framan grænt tjald í Bretlandi, en síðan skeytti Pétur honum inn í hið íslenska umhverfi.



**FYRIR** Pétur notaði þessa mynd þegar hann vann tæknivinnuna í auglýsingunni fyrir Samtök iðnaðarins.



**EFTIR** Hann fjarlægði fjarlægari hluta vegarins á mjög raunverulegan hátt. Svo virðist sem ekkert nema auðnin taki við fólkinu sem ekur þennan veg.

Nú síðast vann Pétur að kvikmyndinni Jóhannesi, með Ladda í aðalhlutverki, en vill lítið segja um hvað það starf fól nákvæmlega í sér, enda hefur myndin ekki enn verið tekin til sýninga.

Þá er óhætt að fullyrða að flestir þeir sem horft hafa á auglýsingatíma í sjónvarpi undanfarin ár hafi séð handbragð Péturs, án þess að þeir hafi endilega áttað sig á því. Svo dæmi sé nefnt þá vann Pétur að auglýsingu Samtaka iðnaðarins gegn svartri atvinnustarfsemi þar sem ferðalag fjölskyldu tekur skyndilega enda þegar vegurinn sem þau aka leiðir ekki neitt. Hægt er að sjá fleiri dæmi um vinnu Péturs á vefnum Monopix.is.

Pétur segir að nóg hafi verið að gera í þessum bransa undanfarin ár, þótt kreppan hafi áhrif á hann eins og annað. Hann er nýbúinn að útvíkka starfsemi sína og býður nú hljóðvinnslu samhliða myndvinnslunni, sem felst meðal annars í tónlist, lestri og frágangi á hljóði.

En hvar liggja hin tæknilegu mörk? Er eitthvað sem Pétur getur ekki gert? „Við skulum segja að það sé allt hægt svo lengi sem það er borgað fyrir það,“ segir Pétur Karlsson þrívíddarhönnuður.

stigur@frettabladid.is

**HARMUR ENGLANNA** EFTIR **JÓN KALMAN**

# SVONA LIFUM VIÐ



Hafi djöfullinn skapað eitthvað í þessum heimi, fyrir utan peningana, þá er það skafrenningur uppi á fjöllum. **Jón Kalman** hlaut einróma lof fyrir síðustu skáldsögu sína, **Himnaríki og helvíti.** Hér heldur hann áfram sögunni sem gerist fyrir meira en hundrað árum, inni í firði, á milli hárra fjalla, eiginlega á botni heimsins.

**JÓN KALMAN** HLAUT ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 2005

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK




Kemur út í dag!

★★★★ „ÞETTA ER FRÁBÆR SKÁLDSAGA ... ÞAÐ ERU KAFLAR Í ÞESSARI BÓK SEM ERU MEÐ MAGNAÐRI PRÓSA SEM SKRIFAÐUR HEFUR VERIÐ Á ÍSLENSKU UNDANFARNA ÁRATUGI.“
– JÓN YNGVI, ÍSLAND Í DAG, UM HIMNARÍKI OG HELVÍTI

Fögnum útgáfunni í Eymundsson, Austurstræti, klukkan 17.30 í dag.

Eymundsson

**FRÉTTASKÝRING:** Ísland og Færeyjar, kreppur og framtíð

FYRSTI HLUTI AF FJÓRUM

# Enginn mælti í móti kreppuláninu

**Þegar færeyska landstjórnin vildi bjóða Íslendingum umtalsvert lán, strax eftir hrunið í október 2008, mótmælti því enginn færeyskur stjórnmálamaður. Þeir lentu sjálfir í bankakreppu á tíunda áratugnum og efast ekki um að Íslendingar komist skjótt og vel upp úr dalnum. Þeir fylgjast betur með störfum ráðherra sinna en þeir gerðu fyrir kreppu.**



FRÉTTABLAÐIÐ/HÖLMFRÍÐUR

**ROLLAN OG RISINN** Í sjónum til vinstri standa drangarnir frægu, Risinn og Kerlingin. Færeysk þjóðsaga segir að þau hjúin hafi ætlað að draga eyjarnar til Íslands, en þá hafi sólin komið upp og þau orðið að steini. Því miður fyrir Færeyjar, segja sumir.

Færeyingar buðu Íslendingum þrjú hundruð milljónir danskra króna að láni, strax í október 2008. Allir stjórnmálaflokkar eyjanna stóðu á bak við tillöguna. Þeim þótti sjálfsagt að hjálpa „stóra bróður“, eins og sumir þeirra kalla Íslendinga. Lánið nemur um 2,4 prósentum af þjóðarframleiðslu eyjanna.

„Við ræddum þetta í landsstjórninni og hringdum í formenn stjórnarandstöðuflokkanna og bárum þetta undir þá. Við fengum strax að vita að þeir styddu málið, að þetta ætti að gera,“ segir Kaj Leo Johannesen, lögmaður Færeyinga og formaður Sambandsflokksins.

Eftir að lánið var borið undir íslenska ráðamenn, sem þáðu það með þökkum, var það kynnt á þingi Norðurlandaráðs í Helsinki, 28. október 2008.

### Misheppnaður þrýstingur

Høgni Hoydal, formaður Þjóðveldisflokksins, hefur lýst því hér í blaðinu að hugmyndin hafi verið að þrýsta á hinar Norðurlandaþjóðirnar að gera slíkt hið sama. Þannig hefði mátt forða aðkomu AGS að málum. Þessari hugmynd var ekki vel tekið af hinum þjóðunum. Jørgen Niclasen, utanríkisráðherra og formaður Fólkaflokksins, staðfestir þessa fyrirætlun um þrýsting.

„Við vildum ekki setja skilyrði og héldum að með okkar litla framlagi myndum við þrýsta á hinar þjóðirnar. En þær fóru að tala um AGS. Við fengum líka AGS í okkar kreppu. Það sem kom út úr því var að kreppan okkar varð dýpri, en um leið styttri,“ segir Niclasen.

Spurður hvort aðkoma AGS hafi þá verið jákvæð eftir allt saman, segir hann: „Ja, það var kannski gott þegar við komumst upp úr kreppunni aftur [hlær]. En það hefði verið betra fyrir okkur að hafa hana lengri og mýkri, því við misstum jú hátt í fimmtán prósent af fólkinu okkar. Sex til sjö þúsund manns. Þau komu ekki öll til baka.“

### Voru í svipaðri stöðu 1992

Lögmaður Færeyinga segir, spurður um orsakir þess að Færeyingar buðu Íslendingum lánið, að það sé „afar sársaukafullt þegar einn okkar bestu vina berst í bökkum. Við skiljum þetta sérstaklega vel í Færeyjum því við vorum í nákvæmlega sömu málum 1992. Þegar einhver missir ættingja, þá er auðveldara að ræða við hann um fráfallið, ef þú hefur fundið fyrir því sama á eigin kroppi,“ segir hann.

Færeyingar hafi staðið frammi fyrir sömu spurningunni á sínum tíma: „Hvernig gátu svona fáir menn gert svona mikið gegn eigin landi?“ Hann telur að Íslendingar verði þó ein af fyrstu þjóðunum út úr kreppunni, enda með margar náttúruauðlindir.

Utanríkisráðherrann tekur í sama streng. Lánið hafi verið „ofureðlilegt“ fyrir Færeyinga.

„Þessar þjóðir hafa alltaf hjálpað hvor annarri og staðið saman sem bræðraþjóðir. Við höfum einnig átt í erfiðleikum í Færeyjum og þá var okkur rétt bræðrahöndin, sem leyfði okkur að fiska við Ísland,“ segir hann.

Formaður hins kristilega Miðflokks, læknirinn Jenis av Rana, var spurður hvort enginn í stjórnarandstöðu hefði sagt Íslendinga geta sjálfum sér um kennt, að þeir hefðu verið ábyrgðarlausir: „Nei, það held ég ekki, kannski hefur einhver sagt það úti í bæ. En ef einhver er í neyð þá hjálpar maður honum. Maður spyr ekki hví hann sé í neyð. Það gerir maður kannski frekar eftir á. Því þetta var líka mikið áfall fyrir okkur. Ég held að Færeyingar hafi alltaf litið á Íslendinga sem stóra bróður. Við höfum verið stoltir af ykkur. Það var ekki hinn almenni Íslendingur sem skapaði kreppuna. Hann hefur kannski valið ranga stjórnmálamenn og foringja, en ekki kreppuna.“

### Lærdómur Færeyinga

Um hvað Færeyingar hafi helst lært af kreppunni sinni, segir Kaj Leo lögmaður: „Ég hef lært að stundum er gott að koma of seint út á lestarstöð. Öll gylliboð bankanna síðustu ár, við misstum af þeim, sem betur fer. Við tókum ekki áhættu. Þetta er íhaldssemi. Reynslan af kreppunni okkar situr enn í fólki. Þetta voru hörmungar fyrir okkur,“ segir lögmaðurinn og vísar til fólksflóttans.

„Við bentum á Danmörku í fyrstu, en þetta voru okkar stjórnmálamenn sem tóku rangar ákvarðanir. Það er afar mikilvægt að kenna ekki öðrum um þegar maður lendir í vanda, en líta frekar í eigin barm. Það geta allir dottið af reiðhjóli og það er ekkert til að skammast sín fyrir. En ef þú reynir ekki að reisa hjólið við og byrja aftur, það er skömm. Og það gerðum við og það sé ég að Íslendingar eru að gera: halda áfram.“ Þjóðirnar tvær á hjara veraldar hafi oft lent í vanda, en staðið saman. Í gengum tíðina hafi Færeyingar starfað á Íslandi þúsundum saman, þegar illa stóð á heima fyrir.

### Hlutur Danmerkur

Líkt og á Íslandi komu erlendir bankar að málum, þegar hagkerfi frændþjóðanna lentu í vandræðum. Danir áttu Færeyjabanka og vörðu hagsmuni sína, svo ekki kæmi til greiðslna úr tryggingarsjóði innistæðueigenda. Færeyska landsstjórnin tók á sig stóran hluta tapsins og voru ekki allir sáttir við það.

Høgni Hoydal segir að ráðin hafi einfaldlega verið tekin af löndum sínum. Færeyjabanki hefði átt að greiða eigin reikninga.

„Við vorum að reyna að bjarga okkar málum en áttum þá líka að borga fyrir danska bankann. Þetta var eins og ef þið hefðuð krafist bóta frá Bretum fyrir Icesave-reikningana!“ segir hann.

Høgni er þó þeirrar skoðunar að Færeyingar beri sína ábyrgð á bankahruninu. Allar götur síðan hefur flokkur hans unnið að því að reisa veggi milli atvinnulífs og stjórnmálamanna, sem voru þunnir fyrir. Einnig að því að auka eftirlit með ráðherrum, en kjördæmapotarar björguðu gjarnan fyrirtækjum í heimabyggð sinni um lán gegn ótryggum veðum. Komu jafnvel að rekstri sömu fyrirtækja líka. Offjárfesting, sérstaklega í sjávarútvegi, var því mikil, allt rekið á fjármagni að utan.



FRÉTTASKÝRING
KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON
klemens@frettabladid.is





## YKKUR ER VELKOMIÐ AÐ VINNA Í FÆREYJUM



**Annika Smith** treystir sér ekki til að tala um færeysku kreppuna, þegar blaðamaður stoppar hana á götunni í Þórshöfn, því hún var í skóla í Danmörku þegar kreppan reið yfir á tíunda áratugnum. Hún segir að íslenska hrunið beri oft á góma í Færeyjum: „Og fólk spyr sig: hvert fóru allir þessir peningar?“

Fólk voni að Íslendingar komist skjótlega upp úr kreppunni og að það takist að ná glæpamönnunum sem ollu henni.



**Ninni Danielsen** er ellilífeyrisþegi sem segir í óspurðum fréttum að maður sinn hafi margoft farið til Íslands en hún ekki komist lengra en að setja slíka heimsókn á stefnuskrána. Um hrunið segir hún aðeins: „Við erum komin upp aftur og það gerið þið líka.“

Þá nefnir Ninni að Íslendingar séu líkir Færeyingum, en Danir ekki. „Og ég hef heyrt að Íslendingar vilji frekar að við tölum færeysku við þá en dönsku.“

**Anfinn** rekur gistiheimilið Bládýpi í Þórshöfn. Hann telur að Íslendingar verði snöggir að bjarga sér út úr kreppunni, enda séu þeir drífandi fólk. „Og þið eruð velkomin til Færeyja til að vinna á meðan,“ segir hann.



## TVENNS KONAR VINÁTTA



„Auðvitað verður maður hugsi þegar svokallaðar vinaþjóðir, norrænu þjóðirnar, með Svía í fararbroddi, fínstilla hinn norræna kór sem kyrjar núna einum rómi: „Enga hjálp til Íslands, nema þeir gangi áður að afarkostum Hollendinga og Breta.“ Það eru bara Færeyingar sem reynast vinir í raun,“ sagði **Ögmundur Jónasson,** þáverandi heilbrigðisráðherra, í viðtali á Rás tvö, 5. ágúst.

**Árni Finnsson** í Náttúruverndarsamtökum Íslands sér hlutina öðruvísi: „Til eru þeir þingmenn sem halda að Færeyingar séu okkar einu vinir en þá er vinátta skilgreind sem skilyrðislaus lánveiting til Íslands. En má ekki líka segja að vinur sé sá sem til vamms segir?“



## JUKU EFTIRLIT MEÐ RÁÐHERRUNUM

Meðal þess sem gert var eftir kreppuna í Færeyjum, til að koma í veg fyrir að hún gæti endurtekið sig, var að styrkja eftirlit með framkvæmdarvaldinu.

Ráðherrum var meinað að sitja á þingi og settar voru reglur um ráðherraábyrgð, en áður var ríkisstjórnin samábyrg gagnvart ákvörðunum ráðherra. **Kaj Leo Johannesen** lögmaður segir að þetta sé það besta sem komið hafi út úr kreppunni.



„Við styrktum stjórnsýsluna. Hver ráðherra var látinn bera ábyrgð á sínum gjörðum. Áður var ábyrgðinni dreift á ríkisstjórnina í heild. Síðan 1995 hafa 20 til 25 ráðherrar þurft að segja af sér vegna þessa. Þetta er mjög mikilvægt því þetta er lítið land. Hér eru allir svo nánir. Svona tengsl urðu einnig til vandræða í Danmörku nýlega og þeir eru margar milljónir!“

Lögmaðurinn segir að þegar mál komi upp, sem varða embættisfærslur ráðherra, séu þau rædd í ríkisstjórn.

„Þá tölum við um það, hvort það færi okkur frá markmiðum kjörtímabilsins. Það er ekki bara jákvætt að reka ráðherra, það má misnota í pólitískum tilgangi.

Við erum með umboðsmann Lögþingsins, því við þurfum að hafa algjörlega hlutlaust embætti til að fara með þessi mál. Allir flokkar þurfa að samþykkja hann.“

Einnig er til staðar landsstjórnarmálanefnd þriggja þingmanna sem fylgist með ráðherrunum. Hana má biðja um að taka mál upp og athuga hvort ráðherrar hafi gert eitthvað af sér.

## Í MIÐRI KREPPU VIRÐIST ENGIN LEIÐ ÚT

Utanríkisráðherra Færeyja, **Jørgen Niclasen,** komst fyrst á þing árið 1989.



Einmitt það ár segir hann Færeyinga hafa byrjað að finna fyrir kreppunni sinni. Árið1992 hafi hún svo skollið á af fullum þunga.

„Síðan náðum við botninum 1994 en 1996 vorum við á góðri uppleið. Segja má að 1998 hafi hún svo verið búin. Hún varði í svona átta til tíu ár. Fyrri helminginn fórum við niður og þann seinni upp,“ segir hann.

„En ég verð að segja að í miðri kreppu finnst manni að hún geti einungis versnað og engin leið sé út. Maður sér ekki ljósið við endann á göngunum. En mín reynsla, og það sem ég hef lesið í færeyskri og íslenskri sögu, segir mér að það gefi alltaf á bátinn öðru hverju. En við vestnorræna fólkið finnum leið út úr ógöngunum. Og ef þú spyrð mig hverju ég trúi, þá trúi ég á íslensku þjóðina, ég held að engin þjóð í heiminum sé jafn hugrökk og hún, og ég trúi því að kreppan á Íslandi verði ekki langvinn. Þið finnið einhverja leið og þið finnið réttu leiðina fyrir ykkur, það er ég viss um. Árið 1994 hélt ég að kreppunni myndi aldrei linna, en það tók bara tvö ár og þá hafði allt breyst að nýju. Við komumst út og þið getið það líka,“ segir utanríkisráðherrann.

Rýmum fyrir nýjum vörum

**NÝTT KORTATÍMABIL**

Opið í dag

11 til 21

# Haustútsala

## Allt að

## 70%

afsláttur af völdum vörum

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI


VINNINGSHAFI
Í HÖNNUNARKEPPNI
HAGKAUPS 2009
Peysa
7.999.-
NÝTT
KORTA
TÍMABIL
Markmiðið með hönnunarkeppni Hagkaups er að styðja við bakið á íslenskum hönnuðum og gera viðskiptavinum kleift að kaupa íslenska hönnun á viðráðanlegu verði.
Rennd peysa
7.999.-
Leggings
4.999.-
Leggings
4.999.-
24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær










**Fjóla Ósland Hermannsdóttir**
vinningshafi í hönnunarkeppni
Hagkaups 2009.

Fjóla útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands sem textíl- og fatahönnuður árið 2007.






Við hönnnun á fatalínunni sótti Fjóla innblástur í diskó tímabilið og blandar því skemmtilega við alls konar ættbálka mynstur.















50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

## Útgjöldin

> Kílóverð á skinku í ágúst ár hvert.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** MATTHÍAS IMSLAND, FORSTJÓRI ICELAND EXPRESS

## *Tapaði ritgerðarvinnu í ónýtri tölvu*

„Ég held að bestu kaupin hafi verið þegar ég keypti trampólín í garðinn,“ segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express. Trampólínið keypti hann fyrr í ár. „Þetta er búið að veita börnunum mínum svo ótrúlega mikla ánægju. Þau virðast ekki þreytast á að hoppa og skoppa á þessu og ánægjuhrópin létta manni lundina mjög mikið,“ segir hann. Björgunarsveitir brýna reglulega fyrir fólki að tjóðra slík trampólín föst svo þau fjúki ekki í illviðrum. Þetta hefur ekki truflað Matthías. „Það er svo skjólsælt hjá mér að það sleppur alveg,“ segir hann. „Allavega hingað til. Maður þarf kannski að koma aftur í þennan dálk eftir ár þegar þetta hefur fokið. Þá verður það komið í verstu kaupin.“



Verstu kaupin segist Matthías hafa gert þegar hann var við nám í Svíþjóð. „Ég flutti út og var tölvulaus. Þá sá ég auglýstan tölvuturn sem var samsettur af einhverjum ódýrum íhlutum. Þetta var samt glænýtt og alveg hræódýrt og ég hélt ég væri að gera hrikalega góð kaup. Það endaði með því að ég keypti þetta apparat, það kostaði nokkra tugi þúsunda. Það tók mig tvær vikur að fá þetta til að virka, það var alltaf eitthvað bilað.

Síðan var ég að skrifa lokaritgerðina mína á þessa tölvu. Það endaði með því að hún hrundi það olli mér nokkurra vikna tjóni í ritgerðarsmíðum. Ég fékk hana aldrei til að virka aftur. Þetta var bara svona fjórum vikum eftir að ég keypti hana. Þetta kennir manni að velja ekki allt-af ódýrasta kostinn.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### LOÐKEIPINN Í FRYSTINN

■ *Erla Tryggvadóttir*



Þar sem ég rek hvorki stórt heimili né er með barnaskara tengjast mín húsráð ekki heimilinu. Húsráðin eru samt óbrigðul og frábær redding. Ég lenti í því einu sinni að ég átti fallegan loðkeip sem fór úr hárum – í einu ónefndu brúðkaupi var ég varla viðræðuhæf, því hárin fuku upp í og framan í fólk. Ég brá á það ráð að setja keipinn í sólarhring í frysti, og viti menn – hárlosið hætti. Einnig getur verið ferlega vandræðalegt og leiðinlegt að fá tyggjó í buxur eða jakka – málið er þá að skella flíkinni inn í frysti og mylja tyggjóið úr.

■ **Gallaðar vörur:**

## Engar bætur frá gjaldþrota búðum

Gallaðar vörur gjaldþrota fyrirtækja fást yfirleitt ekki bættar og sitja kaupendur því uppi með skaðann, segir Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur Neytendasamtakanna. Fyrirspurnum um málið hefur rignt yfir Neytendasamtökin undanfarið ár í takt við fjölgun gjaldþrota. Hildigunnur segir fólk forvitnast um hvort það fái bætur fyrir gallaða vöru vilji svo til að fyrirtækið sem það keypti vöruna af sé farið í gjaldþrot. Hildigunnur segir að hægt sé að leggja kröfu í þrotabú vegna gallaðrar vöru en slík krafa falli í flokk almennra krafna sem allur gangur sé á hvort fáist greiddar. Auk þess sé töluvert flókið að leggja fram kröfu í þrotabú og margir heykist á því. Almennt gilda þær reglur að hægt er að skila vöru vegna galla í allt að fimm ár eftir að hún var keypt.



■ **Heimilisbókhald**

## Námskeið og forrit

Neytendasamtökin halda námskeið í heimilisbókhaldi fyrir félagsmenn sína um næstu helgi. Aðgangur að námskeiðinu er ókeypis fyrir félagsmenn en ársgjald fyrir aðild að samtökunum er 4.300 krónur. Stuðst er við heimilisbókhaldsforrit sem félagsmenn fá aðgang að við skráningu í samtökin.

# Sjötíu prósenta verðmunur

**Allt að 5.000 króna verðmunur er á dekkjaskiptingu, umfelgun og jafnvægisstillingu samkvæmt nýrri verðkönnun ASÍ. Reyni bara að vera sanngjarn, segir eigandi eins ódýrasta verkstæðisins á höfuðborgarsvæðinu.**

Mikill verðmunur er á skiptingu, umfelgun og jafnvægisstillingu bíla eins og ný verðkönnun ASÍ leiðir í ljós. Mestur í krónum er hann á jeppum á sautján tommu stálfelgum, eða 5.000 krónur, sem er 67% verðmunur. Í þeim flokki var dýrasta verkstæðið Bílabót á Sauðárkróki en það ódýrasta Hjólbarðaverkstæði Óskars á Fáskrúðsfirði.

Dekkjaskipti, umfelgun og jafnvægisstilling á smábílum á fimmtán tommu felgum, eins og til dæmis Toyota Yaris, var dýrast hjá Hjólbarðaþjónustu Áhaldaleigunnar í Vestmannaeyjum þar sem hún kostaði 7.500 krónur en ódýrast hjá Hjólbarðaþjónustu Hafnarfjarðar, eða 4.990 krónur. Verðmunurinn er 2.510 krónur, eða 50 prósent. Þjónustan fyrir smábíla hefur hækkað að meðaltali um sex prósent frá könnun sem ASÍ gerði hinn 17. apríl síðastliðinn.

Hjólbarðaþjónusta Hafnarfjarðar var einnig ódýrasta verkstæðið fyrir skipti á minni meðalbíl á sextán tommu dekkjum, eins og til dæmis Ford Focus. Þeir taka 4.990 krónur fyrir verkið, en hæsta verðið þar var einnig hjá Hjólbarðaþjónustu Áhaldaleigunnar í Vestmannaeyjum, eða 8.000 krónur.

„Ég hef svo sem ekki verið að gera neitt sérlega út á að vera ódýr,“ segir Hörður Þráinsson, eigandi Hjólbarðaþjónustu Hafnarfjarðar. „Ég reyni bara að vera sanngjarn og meta hvað hver eining kostar, við keyrum líka bara á einu verði, án afsláttar.“

Hæsta verðið á þjónustu fyrir jepplinga með sautján tommu álfelgum var hjá Hjólbarðaverkstæði Kaldasels í Kópavogi, 9.980 krónur, en lægsta verðið er hjá Hjólbarðaverkstæði Óskars, Fáskrúðsfirði, 6.000 krónur. Munar þar nær fjögur þúsund krónum, eða 69 prósentum.

Þjónustan fyrir jepplinga á sautján tommu stálfelgum var ódýrust hjá Bílabjörgun á Akureyri, 5.900 krónur, en dýrust hjá Hjólbarðaverkstæði Kaldasels, eða 7.290 krónur.

Í hálkulausri tíð er lítið að gera í dekkjaskiptum segir Hörður. „Það kom gott skot um daginn þegar snjórinn kom, en svo um leið og tíðin batnar þá hugsa Íslendingar ekki um dekkjaskipti, það tekur enginn við sér fyrr en menn eru fastir á planinu heima hjá sér.“

**sigridur@frettabladid.is**



**RÓLEGT Í HLÝINDUNUM** Yfirleitt er lítið að gera á hjólbarðaverkstæðum þegar tíðin er góð eins og nú er, segir Hörður Þráinsson, eigandi Hjólbarðaþjónustu Hafnarfjarðar, sem kom vel út úr verðkönnun ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### MEÐALVERÐ Á DEKKJASKIPTUM

Það borgar sig að kanna verð áður en farið er af sumardekkjum yfir á vetrardekk, verðmunur á milli verkstæða er það mikill. Hér er meðalverðið sem ágætt er að hafa til hliðsjónar áður en haldið er af stað.*

| smábíll 15“ | | minni meðalbíll 16“ | | jepplingur 17“ | | jeppar 17“ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| álfelgur | stálfelgur | álfelgur | stálfelgur | álfelgur | stálfelgur | álfelgur | stálfelgur |
| 6.552 | 6.127 | 6.639 | 6.166 | 8.164 | 7.817 | 10.016 | 9.556 |

*KÖNNUNIN VAR GERÐ HJÁ 49 HJÓLBARÐAVERKSTÆÐUM UM LAND ALLT Á SKIPTINGU, UMFELGUN OG JAFNVÆGISSTILLIGU, DEKKJAHÖLLIN VILDI EKKI TAKA ÞÁTT. SJÁ NÁNAR WWW.ASI.IS.

SKOTVEIÐIKVÖLD
INTERSPORT



Í kvöld
FIMMTUDAGINN 15. OKTÓBER
FRÁ 19:30 TIL 21:30
verðum við með opið hús fyrir alla skot- og stangveiðimenn í verslun okkar í HÚSGAGNAHÖLLINNI.
20-50%
AFSLÁTTUR
Léttar veitingar í boði.
Allir velkomnir.
INTERSPORT
Húsgagnahöllinni, sími: 585 7239
VEIÐIDEILD



■ **Hvað kostar?**

## Bílstóll fyrir ungbarn

Verðandi foreldrar þurfa að tryggja sér bílstól áður en barn kemur í heiminn. Bílstólar fyrir yngstu börnin eru yfirleitt fyrir börn allt að 13 kílóum að þyngd og gefið upp að þeir dugi fyrsta árið þó að fæstir noti þá sennilega lengur en níu mánuði. Bílstólar fást í ýmsum sérverslunum með barnavörur. Stólar fyrir þau yngstu kosta 25.990 krónur í Baby Sam og 29.990 í Fífunni. Í Ólivíu og Óliver eru ungbarnastólar á bilinu 21.000 til 64.900, sá síðastnefndi endist reyndar upp í 18 kíló. Viðskiptavinir Sjóvár og Varðar fá afslátt í þeirri verslun. Hjá VÍS er hægt að leigja slíka barnastóla og kostar það 950 á mánuði fyrir viðskiptavini og 1950 fyrir aðra. Á ári þýðir það 11.400 fyrir viðskiptavini og 23.400 kr. fyrir aðra. Þar er einnig hægt að gera svokallaðan kaupsamning, greiða eina upphæð, 34.900 fyrir viðskiptavini, eða 44.900 og fá þá nýja stóla handa börnum þegar þau vaxa upp úr þessum litlu og eignast fólk þá síðasta stólinn sem er fyrir börn þyngri en 15 kíló.


MUNDU AÐ DORMA
Nú kostar minna
að hvíla sig
Frábær opnunartilboð!
Velkomin í nýja og glæsilega
verslun í Holtagörðum
149.900 kr.
490 kr.
DORMA handklæði
100% bómull
Stærð: 50x100 cm
Fleiri stærðir í boði
DORMA sængurverasett
PolyCotton
Stærð: 140x200 cm
Interbed heilsurúm
Stærð: 160x200 cm
Dýna botn og lappir
2.900 kr.
DORMA
– býður góða nótt
Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is
OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18:30
Lau frá kl. 10-17
Sun frá kl. 13-17

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 17 **Velta:** 85 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
802 **+0,19%**

MESTA HÆKKUN
**MAREL FOOD SYS.** +1,53%

MESTA LÆKKUN
**FØROYA BANKI** -0,36%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Petroleum 200,00 +0,00% ... Bakkavör 1,30 +0,00% ... Føroya Banki 140,00 -0,36% ... Icelandair Group 1,90 +0,00% ... Marel Food Systems 66,20 +1,53% ... Össur 124,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Össur á markaði í áratug

„Þetta hefur verið viðburðaríkur tími,“ segir Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar, en á sunnudag voru liðin tíu ár frá því að fyrirtækið var skráð á markað, þá Verðbréfaþing.

Stoðtækjafyrirtækið var stofnað árið 1971 og tók Jón við forstjórastólnum árið 1996. Hann segir margt hafa breyst síðan þá. Starfsmenn þá hafi verið á milli fimmtíu til hundrað en 1.600 í dag og fyrirtækið með starfsemi víða um heim.

Þegar fyrsta viðskiptadegi lauk með bréf Össurar á markaði fyrir áratug nam markaðsverðmæti þess rúmum sjö milljörðum króna. Össur Kristinsson, stofnandi fyrirtækisins, og fjölskylda hans áttu þá um helming hlutabréfanna. Hann er nú skráður fyrir rúmum átta prósenta hlut. Stærstu hluthafarnir í dag eru danska fyrirtækið William Demant Invest og Eyrir Invest með sextíu prósenta hlut.

Össur er á meðal elstu fyrirtækja sem skráð eru á markað hér. Markaðsverðmæti þess nam í gær tæpum 52,5 milljörðum króna og er það verðmætasta íslenska félagið sem skráð er í Kauphöllina.

„Við vorum mjög lítið fyrirtæki árið 1999 og því mjög erfitt að skrá það erlendis. Nú erum við miklu stærri,“ segir Jón Sigurðsson. Skref var stigið í sögu Össurar í byrjun september en þá voru hlutabréf félagsins skráð á markað í Kauphöllinni í Kaupmannahöfn í Danmörku. **- jab**



**FORSTJÓRI KAUPHALLARINNAR OG JÓN** Tíu ára skráningu Össurar á markað var fagnað í Kauphöllinni á mánudag.

# Krónuhrun litar verðbólguþróun

Verðbólga eykst um 0,5 prósent í mánuðinum gangi spá Greiningar Íslandsbanka eftir. Ársverðbólga lækkar þá úr 10,8 prósentum í 9,0 prósent.

„Síðustu dreggjar útsöluloka munu væntanlega lyfta verði á fötum og skóm nokkuð, ásamt öðrum varningi,“ segir í álitinu. „Þá eru enn að seytla inn í vöruverð áhrif af lækkun krónu á fyrri helmingi ársins.“

Gert er ráð fyrir að húsnæðisliðurinn verði óbreyttur milli mánaða. „Raunar eru vísbendingar af markaði frekar til þeirrar áttar að markaðsverð íbúðarhúsnæðis kunni að hafa hækkað milli mánaða en hitt. Hins vegar hefur eldsneyti lækkað nokkuð milli mánaða og hefur það áhrif til tæplega 0,1 prósents lækkunar.“ **- óká**




**ÚTSALAN BÚIN** Búist er við því að verðbólga aukist á ný þegar síðustu útsölum lýkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Landsbankabréfin lækka

**Samkomulagið um heimtur á kröfum Landsbankans á mánudag kemur illa við eigendur skuldabréfa gamla bankans. Ekki er útilokað að bréfin verði næsta verðlaus á ný eins og eftir hrun bankanna í fyrra. Á sama tíma hækka skuldabréf hinna bankanna í verði.**

Virði skuldabréfa gamla Landsbankans hefur lækkað eftir að íslensk stjórnvöld, skilanefnd Landsbankans og Nýi Landsbankinn skrifuðu undir samkomulag á mánudag um að tryggja að um níutíu prósent fáist upp í forgangskröfur gamla bankans. Kröfur vegna Icesave eru fremstar í röðinni og bera aðrir kröfuhafar minna úr býtum.

Líkt og áður hefur verið greint frá er líflegur markaður með skuldabréf Glitnis og Kaupþings og hafa áhættufjárfestar hagnast mjög á viðskiptunum. Lítil velta er með skuldabréf Landsbankans.

Skuldabréf Landsbankans urðu næsta verðlaus eftir þrot hans fyrir ári. Fyrir um hálfum mánuði bundu fjárfestar vonir við að á bilinu fimm til sjö prósent af kröfum myndu skila sér. Eftir því sem næst verður komist benda nýjustu tölur til að heimtur hafi lækkað niður í rúm fjögur prósent og ekki er útilokað að þær lækki frekar.

Skuldabréf Glitnis og Kaupþings hafa hækkað lítillega á sama tíma en spákaupmenn búast við á bilinu 23 til 25 prósenta heimtum.

Helst eru það bandarískir spákaupmenn sem keypt hafa bréfin. Ekki er útilokað að ástæðan fyrir því sé sú að þeir hyggist geyma hagnað á milli uppgjörstímabila.

**jonab@frettabladid.is**

### FÉ Í FORNUM EIGNUM?

Fjárfestar víða um heim hafa síðustu mánuði hreinsað beinagrindur úr skápum sínum. Í einum slíkum úti í heimi fannst skuldabréf Landsbankans sem gefið var út árið 1924. Þetta er pappírsbréf með 6,5 prósenta vöxtum. Nokkur dæmi munu vera um að svo gömul skuldabréf birtist á markaði. Fjármálafyrirtækjum er óheimilt að eiga ónýt skuldabréf sem þessi, bréf sem ekki fást greidd og hefur dagað uppi í hirslum fjármálafyrirtækja. Því verður að selja þau á markaði þótt óvíst sé með eftirspurnina áður en þau eru afskrifuð.


## Ráðstefna um reikningsskil og endurskoðun á óvissutímum
## Er breytinga að vænta?

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

**Háskólatorg, stofa HT- 102, 16. október 2009, kl. 13:00-17:00**

Þetta er önnur ráðstefnan sem haldin er í röðinni um reikningsskil og endurskoðun á óvissutímum á vegum meistaranáms í reikningsskilum og endurskoðun við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Meðal annars verður rætt um endurskoðunarnefndir, viðbrögð IASB við fjármálakreppunni, hlutverk endurskoðendaráðs, breytingar á endurskoðun og breytingar á IFRS vegna meðalstórra fyrirtækja.

**13:15-13.20** Ráðstefnan sett

**13:25-13:45** **Endurskoðunarnefndir og fjármagnsmarkaðurinn**
***Einar Guðbjartsson***, dósent í reikningsskilum og endurskoðun

**13:50-14:10** **Viðbrögð IASB við fjármálakreppunni**
***Jón Arnar Baldurs***, lögg. endursk., starfsmaður IASB í London

**14:15-14:35** **Endurskoðun, fyrir og eftir hrun fjármálakerfisins, breytingar?**
***Barði Ingvaldsson***, lögg. endursk., Deloitte og formaður endurskoðunarnefndar FLE

**14:40-15:00** Kaffihlé

**15:05-15:25** **Endurskoðendaráð – forsendur og hlutverk**
***Bjarnveig Eiríksdóttir***, lögfr., formaður endurskoðendaráðs

**15:30-15:50** **Reikningsskilastaðlar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki –IFRS for SMEs**
***Bjarni Frímann Karlsson***, lektor í reikningsskilum og endurskoðun

**16:00-17:00** Panelumræður með frummælendum. Ráðstefnuslit

**Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis.**

**www.vidskipti.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD





**ATVINNU LEITAÐ** Fólk bíður á vinnumiðlun í Duisburg í Þýskalandi. Atvinnuleysi mældist 9,6 prósent í evrulöndunum í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Atvinnuleysi eykst

Atvinnuleysi í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) jókst um 0,1 prósentustig milli mánaða og var 8,6 prósent í ágúst. Þetta er 2,3 prósentustigum hærra en á sama tíma í fyrra, samkvæmt nýbirtum tölum stofnunarinnar.

Atvinnuleysi í evrulöndum var 9,6 prósent í ágúst og munar þar 2,0 prósentustigum milli ára. Þá voru 9,8 prósent atvinnulaus í Bandaríkjunum, 3,6 prósentustigum fleiri en í ágúst í fyrra.

Í ágúst stóð atvinnuleysi hér á landi í 7,7 prósentustigum, en var 1,2 prósent ári fyrr. Þar munar 6,5 prósentustigum. **- óká**

# Landsbankinn var fordæmi í Bretlandi

Breska fjármálaeftirlitið (FSA) hefur bannað banka frá Lettlandi að opna útibú í Bretlandi. Þetta segir dagblaðið Telegraph, sem bendir á að bannið sé í samræmi við kröfur breskra fjármálayfirvalda um endurskoðun á reglum um starfsemi erlendra banka.

Krafan var sett fram eftir að fjármálayfirvöld urðu að greiða þeim sem lagt höfðu fé inn á Icesave-innlánsreikninga Landsbankans í Bretlandi 7,5 milljarða punda eftir að bankinn fór í þrot fyrir ári.

Samkvæmt reglum Evrópusambandsins (ESB) og Evrópska efnahagssvæðisins má banki í einu ríki stofna útibú í öðru en lýtur eftirliti í heimalandi sínu.

Efnahagskreppa hrjáir Letta sem hafa fengið 7,5 milljarða evra, jafnvirði tæpra 1.400 milljarða íslenskra króna, úr sjóðum ESB, frá AGS og Svíum til að forða greiðsluþroti þjóðarbúsins. Haft var eftir Adair Turner, stjórnarformanni FSA, í breskum fjölmiðlum í síðustu viku að eftirlitsstofnanir ESB-ríkja ættu að hafa heimild til að takmarka starfsemi útibúa erlendra banka sem standa höllum fæti og talið er að sæti ekki nægilegu eftirliti heima fyrir. **- jab**



**KREPPAN Í LETTLANDI** Bresk fjármálayfirvöld vilja ekki sjá útibú erlendra banka sem þeir telja líkur á að geti alið af sér vandræði. NORDICPHOTOS/AFP

118 ja.is Símaskráin



# ÍSLAND Í JÁKVÆÐU LJÓSI

Samkeppni um forsíðu Símaskrárinnar 2010

**1. verðlaun: 700.000 kr.**
**2. verðlaun: 200.000 kr.**
**3. verðlaun: 100.000 kr.**

Sjá nánar á **www.ja.is**

já -er svarið

ÍSLENSKA SIA.IS JAA 47423 10/2009

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ár liðið frá fjandskaparbragði:

## Árás Bretastjórnar

JÓN SIGURÐSSON SKRIFAR

Enda þótt ár sé liðið fer því víðs fjarri að áhrifin af tilhæfulausri árás Bretastjórnar á Íslendinga séu farin að minnka. Því fer líka fjarri að upplýst hafi verið til fulls hverjar ástæður Bretastjórn notaði sem yfirskin til þessara aðgerða. Síst af öllu kemur til mála að Íslendingar gleymi þessu tilræði. Þvert á móti eigum við að hafa þetta fólskubragð vel hugfast.

Árás Bretastjórnar var í raun fjórföld. Í fyrsta lagi var ráðist á Landsbanka Íslands og útibú hans. Í öðru lagi var ráðist á aðra íslenska banka. Í þriðja lagi var lagt til atlögu við breska banka og fjármálafyrirtæki í eigu íslenskra fyrirtækja, hvort sem þau tengdust Landsbankanum eða öðrum. Í fjórða lagi réðst Bretastjórn einnig á íslenska fjármálaráðuneytið og þar með beinlínis á Lýðveldið Ísland.

Árásin á Lýðveldið Ísland og íslensku þjóðina er sérstakur þáttur þessa máls og nær langt út yfir allt það sem rakið verður til Landsbankans eða gremju Bretastjórnar vegna Icesave. Hafi Bretastjórn með þessu tiltæki ætlað að veita eigin fjármálaeftirliti tímabæra aðvörun, verður að segja að ofurdramb og fantaskapur breskra ráðamanna er með ólíkindum.

Sú ákvörðun Bretastjórnar að notast við lög um varnir gegn hryðjuverkum er annar ósóminn í þessu skammarlega máli. Hafi Bretastjórn með þessu ráðslagi ætlað að auka vinsældir sínar heima fyrir, verður að segja að slíkt er aumkunarvert. Fyrir þetta er verðugt að breska forsætisráðherranum verði reist níðstöng.

Enn er engan veginn upplýst um áhrifin sem þetta fjandskaparbragð bresku stjórnarinnar hafði á hrun íslenska fjármálakerfisins. Margt bendir til þess að árásin hafi beinlínis haft úrslitaáhrif á það að breyta erfiðleikum og hruni fjármálafyrirtækja í allsherjarhrun í íslensku fjármálakerfi með skelfilegum afleiðingum fyrir lífskjör almennings hérlendis. Þeir sem gera lítið úr áhrifum árásarinnar telja að minnsta kosti ljóst að hún hafi komið á versta tíma og magnað og margfaldað þau vandræði sem við var að fást í fyrrahaust.

Ekki hefur heldur verið upplýst hver voru tildrög eða ástæður, uppdiktaðar og aðrar, fyrir árásinni. Mjög mikilvægt er að nákvæm rannsókn verði gerð á þessu. Þjóðin á kröfu á því að íslensk stjórnvöld leggi þunga áherslu á að efna til slíkrar rannsóknar og að láta birta niðurstöður hennar opinberlega. Litlu skiptir að slík rannsókn kunni að leiða í ljós óþægilegar upplýsingar um framkomu eða athafnir íslenskra manna. Íslendingar vilja ekki fara fram með rökleysur eða innihaldslausar ásakanir. Þeim mun mikilvægara er að greina frá öllum staðreyndum.

En Íslendingar mega ekki beina réttlátri reiði sinni gegn breskum almenningi eða þeim sem lagt höfðu fé til vörslu í íslensku bönkunum. Jafnvel þótt þetta fólk hafi hlaupið fram í blindri græðgi eftir gylliboðum bankanna verður það ekki sakað um tilræði ríkisstjórnarinnar í Lundúnum. En þáttur breska forsætisráðherrans og fjármálaráðherrans á ekki að gleymast á Íslandi. Þeir eiga áfram að vera alræmdir og fordæmdir sem hryðjuverkamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Kostur í Kópavogi**

Nú hillir undir opnun lágvöruverðsverslunar Jóns Geralds Sullenberger á Dalvegi í Kópavogi. Enn hefur nafn búðarinnar ekki verið gefið upp. Framan af stefndi í að verslunin myndi heita Smartkaup en frá því var horfið. Fréttablaðið hefur hins vegar heyrt því fleygt að búðin komi til með að heita Kostur. Það kemur væntanlega í ljós áður en langt um líður.



**Staðladagurinn**

Alþjóðlegi staðladagurinn var í gær. Fyrir þá sem ekki vita er á Íslandi starfrækt sérstakt Staðlaráð. Á heimasíðu þess, stadlar.is, má meðal annars lesa um helstu hlutverk Staðlaráðs. Þau eru meðal annars: „Að aðhæfa og staðfesta þá staðla sem skylt er vegna aðildar Staðlaráðs að erlendum staðlasamtökum. Að greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórnsýslu og hjá einkaaðilum. Og að starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs á Íslandi sem þjónustar stofnanir, fyrirtæki, einstaklinga og samtök sem vilja nýta sér staðla.“ Þar höfum við það.

**Ættjarðarástin hverfur ekki**

Peter Dyrberg, formaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík, bendir á að Íslendingum myndi halda áfram að líða eins og Íslendingum þótt Ísland gengi í Evrópusambandið. Það ætti að róa þá Íslendinga sem óttast að hætta að líða eins og Íslendingum gangi Ísland í Evrópusambandið. Öðru máli gegnir um þá sem líður ekkert sérstaklega vel með að líða eins og Íslendingum og vonuðust til að hætta því ef Ísland gengi í Evrópusambandið. Þeir sitja eftir með sárt ennið.



bergsteinn@frettabladid.is

## Föðurlönd og fósturlönd



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Fólksflutningar fyrr og nú

Um miðja 19. öld voru Íslendingar 60.000 að tölu. Aðeins rösklega helmingur barna náði fimm ára aldri, hin dóu. Ísland var þá á þennan kvarða eins og fátækustu lönd Afríku eru nú. Mannfjöldinn náði 70.000 árið 1870 og hafði þá aðeins ríflega tvöfaldazt frá 930, þegar landið þótti fullnumið. 1870 hófust skipulegar vesturferðir Íslendinga til Bandaríkjanna og Kanada. Áður höfðu nokkrir Íslendingar farið til Júta í Bandaríkjunum og til Brasilíu. Vesturferðirnar drógu úr mannfjölgun, og fólkinu fækkaði sum árin. Mannfjöldinn 1890 var enn 70.000. Tveggja áratuga fólksfjölgun hafði farið forgörðum. Amma mín var þá á fermingaraldri. Alls fóru um 15.000 manns vestur um haf í leit að betra lífi 1870-1914, röskur fimmtungur allra Íslendinga 1870, og er þá frá talið fólkið, sem sneri aftur heim. Til samanburðar fluttist um fjórðungur Svía vestur um haf, ein milljón af fjórum.

Þetta voru erfið ár af völdum eldgosa, hallæris og þrúgandi fátæktar. Vesturferðirnar vöktu heitar ástríður og deilur. Ýmsum þeirra, sem eftir sátu, þóttu fólksflutningarnir draga þrótt úr landinu. En Íslendingabyggðirnar vestan hafs efldu og stækkuðu Ísland að ýmsu leyti. Íslenzk menning skaut djúpum rótum einkum í Kanada. Vikublaðið Heimskringla var stofnað í Winnipeg 1886 og Lögberg 1888. Þeim var slegið saman 1959. Lögberg-Heimskringla kemur enn út, hálfsmánaðarlega, á ensku, elzt íslenzkra blaða. Líkneski Einars Jónssonar af Jóni Sigurðssyni forseta stendur við þinghúsið í Winnipeg líkt og á Austurvelli. Vestur-Íslendingar skipta nú hundruðum þúsunda.

### Orðasmiður

Frægastur þeirra allra var bóndinn og skáldið Stephan G. Stephansson. Hann var um tvítugt, þegar hann fluttist með bláfátækri fjölskyldu sinni úr Bárðardal fyrst til Bandaríkjanna 1873 og síðan til Kanada 1889, þar sem hann reisti sér býli við rætur Klettafjalla og bjó til æviloka 1927. Hann stritaði á daginn og orti á kvöldin og hafði mynd af Jóni forseta yfir skrifborði sínu. Húsið hans og Helgu konu hans nálægt bænum Markerville í Albertu er nú safn og opið almenningi á sumrin.

Kvæði Stephans G. eru mikil að vöxtum og skipa honum í sveit með hinum tveim höfuðskáldum Íslands á fyrstu áratugum 20. aldar, séra Matthíasi Jochumssyni og Einari Benediktssyni. Stephan G. orti öðrum þræði til að bæta og fegra heiminn af svipaðri ástríðu og Einar Benediktsson. Hann var jafnaðarmaður líkt og Einar og Þorsteinn Erlingsson, svo sem kvæði þeirra bera með sér. Hann var lýðræðissinni og bjó til orðið lýðræði. Hann vildi bæði virkja fossa eins og Einar og vernda þá eins og Þorsteinn, taldi hvort tveggja kleift í senn, væri rétt að farið. Hann var hlynntur frjálsum viðskiptum líkt og Jón forseti. Hann lagði jafna rækt við hagkvæmni og réttlæti, svo sem hann lýsir í drögum til ævisögu sinnar 1922 líkt og nútímamaður haldi á penna: „„Lýðræði“, sem er hreint og beint, hefir þann kost yfir annað fyrirkomulag, að það er eins konar alþýðuskóli mannanna í að búa saman sem sanngjarnast og hagfelldast. Gerir auðvitað glappaskot, og þau kannske grimmileg, en getur ekki slengt skuldinni af sér á „æðri völd“. Verður sjálft að duga eða drepast á eigin ábyrgð.“

Hann skrifar vini sínum Jóni Jónssyni frá Sleðbrjót 1915 um íslenzk stjórnmál: „Þessi heimskuleynd með það, sem hvern mann í landinu varðar og enginn hefir því einkarétt til að geyma, er heimssiður, en stjórnarbölvun og leiðir frá lýðræði lengra en nokkuð annað, þar sem þjóðræði á að heita í orði kveðnu. Mig furðar, ef sæmilegir menn, sem með lands síns erindi fara, sjá þetta ekki, því þögn um þjóðvandamál er enginn drengskapur.“

### Að elska lönd

Stephan G. Stephansson unni báðum ættarlöndum sín, föðurlandinu og fósturlandinu, og mærði þau bæði í kvæðum sínum og ræðum. Hann stóðst erfiða áskorun. Ást hans á Íslandi byrgði honum ekki sýn á kosti nýrra heimkynna. Vaxandi fjöldi nútímafólks stendur frammi fyrir áþekkri áskorun, þar er það eyðir hluta ævinnar fjarri föðurlandinu, ýmist af fúsum, glöðum og frjálsum vilja eða illri nauðsyn, svo sem nú blasir við mörgum Íslendingum í kreppunni. Mannfjöldi Íslands minnkaði lítils háttar 2009 í fyrsta skipti frá 1889. Þeir, sem hyggjast nú leggja nýtt land undir fót, mega gjarnan hugleiða lífsskoðun Stephans G. Stephanssonar. Nýleg ævisaga hans eftir Viðar Hreinsson bókmenntafræðing er til í tveim bindum, Landneminn mikli (2002) og Andvökuskáld (2003). Áður hafði Sigurður Nordal prófessor skrifað bókarlangan formála að úrvali úr kvæðasafni Stephans G. Andvökum 1939.

## 11 milljarðar í ný hjúkrunarheimili

**UMRÆÐAN**

Magnús Orri Schram skrifar um heilbrigðismál



MAGNÚS ORRI SCHRAM

Ríkisstjórnin hefur samþykkt að stefna að byggingu nýrra hjúkrunarheimila með 361 rými á árunum 2010 til 2012. Verkefnið kemur á góðum tíma fyrir byggingariðnað á krepputíma og hefur í för með sér verulega breytingu á aðstæðum aldraðra.

Á næstu vikum verða lögð fram lagafrumvörp sem annars vegar heimila Íbúðalánasjóði að lána til þessara framkvæmda og hins vegar framkvæmdasjóði aldraðra að taka þátt í rekstrar- og leigukostnaði heimilanna þangað til ríkið getur tekið á sig þær skuldbindingar árið 2014. Þannig verði ráðist í framkvæmdir, án aukinna skuldbindinga fyrir stjórnvöld á viðkvæmasta tímanum fyrir ríkissjóð, þ.e. til 2014.

Ráðist verður í byggingu hjúkrunarheimila á eftirtöldum stöðum: Akureyri, Borgarbyggð, Fljótsdalshéraði, Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Reykjanesbæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Alls verða byggð 361 rými, 200 þeirra munu leysa af hólmi tvíbýlisrými, svo að hrein fjölgun er upp á 161 rými.

Næstu skref félags- og tryggingamálaráðherra eru að leita samninga við sveitarfélög með það að markmiði að framkvæmdir við nýbyggingar geti hafist sem fyrst.

Hér er á ferð enn eitt merkið um jákvæða þróun mála hér á landi síðustu misserin. Samningar um tilhögun bankastarfsemi, betri endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans, minni vöxtur atvinnuleysis en áður var spáð og fjölmörg áhugaverð verkefni einkaaðila, sýnir að margt er að falla með okkur um þessar mundir. Auk þess er uppbygging háskólasjúkrahúss og Búðarhálsvirkjun í góðum farvegi hjá lífeyrissjóðunum og stjórnkerfi. Þessi tillaga ráðherra um ellefu milljarða innspýtingu í byggingargeirann, sem léttir á atvinnuleysi meðal iðnaðarmanna og fjölgar hjúkrunarrýmum umtalsvert, er gott skref í rétta átt. Það eru erfiðir tímar og vissulega mætti margt betur fara á ýmsum sviðum. Að því leyti eru stjórnvöld ekki stikkfrí né hafin yfir gagnrýni. En látum hins vegar ekki bölmóðinn ná tökum á umræðunni, heldur tökumst á við verkefnin með jákvæðni að vopni. Þannig náum við miklu lengra.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

50

Myllan er 50 ára

*Farðu í búðina þína í dag*

# Fáðu 50% meira af mjúkum snúðum í afmælisgjöf!




**Nýtt afmælistilboð**
Fáðu 50% meira
í afmælisgjöf

**50% MEIRA MAGN SAMA VERÐ**

ÍSLENSKT já takk!

Tilboðið gildir til 25.10.2009.

*Einnig er afmælistilboð á Myllu möndlukökum í dag*



50

Tilboðið gildir til 18.10.2009

## Tvö ný afmælistilboð!

Við höldum upp á 50 ára afmæli Myllunnar. Nú færðu helmingi meira af mjúkum Myllu kanilsnúðum í afmæliskaupauka. Fáðu þér sneisafullan afmælispoka af Myllu kanilsnúðum og Myllu möndluköku sem er einnig á sérstöku afmælistilboði.

## Íslenskur gæðakostur í 50 ár

Myllukökur og Myllubrauð eru bökuð eftir uppskriftum, sem eru í stöðugri þróun með bragðgæði, fjölbreytt úrval og hollustu að leiðarljósi. Hráefniskaupum og -notkun er hagað í samræmi við hollustustefnu Myllunnar og nýjungar þróaðar í samvinnu við matvæla- og næringarfræðinga. Okkar mikilvægasta markmið er að sjá Íslendingum fyrir hollum og góðum gæðakosti. Veldu íslenskan gæðakost Myllunnar.

www.myllan.is

ÍSLENSKT já takk!



MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ

# Með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi

UMRÆÐAN

Jórunn Frímannsdóttir skrifar um frístundaheimili Miðborgar

Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir fer stórum orðum í grein í Fréttablaðinu í gær um að til standi að flytja þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða 300 metra til austurs. Hún gerir samráðsleysi og ákvarðanatöku borgarstjóra að umtalsefni en hefur greinilega gleymt að kynna sér staðreyndir málsins. Þær eru eftirfarandi: Um leið og ljóst var á síðasta ári að verulegur samdráttur væri líklegur í tekjum borgarinnar á sama tíma og aukning yrði á þjónustu lá fyrir að leita þyrfti allra leiða til að draga úr kostnaði borgarinnar. Þar með talið að nýta betur húsnæði stofnana borgarinnar. Velferðarráði öllu og þar með talið fulltrúum minnihlutans var fullkunnugt um þær ráðagerðir. Strax var gengið í að skoða alla leigusamninga og í ljós kom að leigusamningur Þjónustumiðstöðvarinnar rennur út á árinu 2010. Möguleikinn á að flytja þjónustumiðstöðina – í Höfðatorg eða annað – var kynntur og ræddur við framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvarinnar strax fyrir jól á árinu 2008. Á vormánuðum 2009 var haldið áfram að yfirfara húsnæðismál í borginni. Eftir að hafa skoðað aðra kosti sem til greina komu fyrir húsnæði undir þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, m.a. í miðborginni, var staðan metin þannig að hagkvæmast væri, út frá fjárhag, aðgengi og þjónustu, að flytja þjónustumiðstöðina í Höfðatorg. Þar eru fyrir fjölmargar stofnanir borgarinnar þ.m.t. aðalskrifstofur Velferðarsviðs, Framkvæmda- og eignasviðs, Umhverfis og samgöngusviðs, þjónustuver og símaver.



JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

Borgarfulltrúinn bendir einnig á að hundruð manna komi í hverri viku í þjónustumiðstöðina. Hún telur það of mikinn fjölda til að beina í nýtt, stórt og bjart húsnæði í Höfðatorgi, en telur betra að beina borgarbúum sem óska eftir þjónustu að Tjarnargötu 12. Þar gleymir borgarfulltrúinn aftur að kynna sér staðreyndir s.s. að aðgengi er þar þröngt, húsnæðið er á þremur hæðum og lítið er af bílastæðum. Loks má benda á að staðsetningin að Tjarnargötu 12 er ekki síður en Höfðatorg í útjaðri þess svæðis sem þjónustumiðstöðinni er ætlað að sinna.

Ég hvet borgarfulltrúa og góða samstarfskonu í velferðarráði til margra ára, Björk Vilhelmsdóttur, að láta af rangfærslum um sjálfsögð og nauðsynleg hagræðingarmál og beina kröftum sínum frekar að því að hugsa upp leiðir til að borgin geti áfram veitt nauðsynlega grunnþjónustu til íbúa við erfiðar aðstæður – þó í nýju húsnæði sé. Þingmönnum Samfylkingar og Vinstri grænna var tíðrætt um nauðsyn samstöðu við erfiðar aðstæður í umræðum á Alþingi um stefnu forsætisráðherra á dögunum. Ég hvet samstarfsfólk mitt í þessum flokkum í borgarstjórn til að ganga á undan með góðu fordæmi á okkar sameiginlega vettvangi.

*Höfundur er formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar.*

# Er SP-fjármögnun að brjóta samningsskilmála?

UMRÆÐAN

Þórdís Sigþórsdóttir skrifar um viðskiptahætti SP-fjármögnunar



ÞÓRDÍS SIGURÞÓRSDÓTTIR

SP-fjármögnun (SP) hefur fjármagnað bílakaup fyrir stóran hluta landsmanna síðustu árin. Fyrirtækið er dótturfyrirtæki Landsbankans og tók Fjármálaeftirlitið yfir rekstur bankans þegar neyðarlögin tóku gildi sl. haust.

Ég hef átt í samskiptum við SP undanfarið til að spyrjast fyrir um hin ýmsu atriði í lánasamningi mínum og útreikningum SP. Svör starfsfólks gefa til kynna að fyrirtækið sé að brjóta samningsskilmála, svo sem upphaflegt lánshlutfall, samsetningu á vægi erlendra gjaldmiðla í myntkörfu og fleira.

Yfirlit (staða samnings) frá SP sýnir að skipting lánsins sem ég tók er önnur í dag en á sjálfum samningnum, 47% í íslenskri mynt og 53% í myntkörfu en ekki 50% í íslenskri mynt og 50% í myntkörfu eins og fram kemur í samningi.

Skýringar SP á þessu eru: „Hlutfallið á höfuðstól getur breyst á samningstímanum eftir því hvernig gengi myntanna er. Erlendu myntirnar hafa hækkað mjög mikið frá því að lánið var tekið og því hefur hlutfallið breyst.“

Hlutfallið, þ.e. undirliggjandi samsetning lánsins, á að sjálfsögðu ekki að breytast, aðeins fjárhæðin í íslenskum krónum getur breyst við umreikning á erlendu gjaldmiðlunum og vegna vaxtabreytinga erlendra gjaldmiðla (og íslenski hlutinn við breytingu á vísitölu).

Hér hljóta menn að spyrja hvort SP sé að innheimta afborganir af erlenda hlutanum í stærra hlutfalli en þeim íslenska og þar með á annan hátt en samningur segir til um.

Vægi þeirra erlendu gjaldmiðla sem myntkarfan á að innihalda virðist líka hafa breyst frá því að lánið var tekið.

Útskýringar SP á því hvers vegna samtals vægi erlendra mynta væri 137% (af 100% mögulegu) voru að: „SP notaðist ekki við vægi mynta – ekki hundraðshluta – og að útreikningar SP væru ekki prósentuhlutfall heldur magn hverrar myntar fyrir sig í einni einingu myntkörfunnar“ en enn fremur að „vægið hefði ekki breyst frá því að lánið var tekið“. Svörin gefa til kynna að menn ráði ekki við eigin útskýringar. Málið á að vera einfalt. Lánið var tekið að 50% í íslenskri mynt og að 50% í myntkörfu sem samanstóð af fjórum erlendum gjaldmiðlum, þar sem hver gjaldmiðill hafði ákveðið vægi. Það eina sem á því að breytast er fjárhæð í íslenskum krónum þegar gengi erlendu gjaldmiðlanna er margfaldað með vægi hverrar myntar fyrir sig í körfunni.

Þegar ég benti lögmanni SP á að vægið gæti ekki farið umfram 100% sagði hann að ég ætti að fá mér lögmann teldi ég mig eiga rétt á hendur SP umfram það sem samningar segðu til um (kannski einfaldara svar en að rökstyðja 137% vægið).

Yfirlit SP (staða samnings) sýndi einnig aðra samningsvexti en sjálfur samningurinn.

SP svaraði þessu meðal annars með því að vísa í ákvæði samnings sem ég átti að hafa skrifað undir: „Leigutaki lýsir því yfir með undirskrift sinni að hann gerir sér fulla grein fyrir því að lántaka í erlendum gjaldmiðli er áhættusamari en lántaka í íslenskum.“ Þegar SP var bent á að þetta ákvæði væri hvergi að finna í umræddum samningi sendi fyrirtækið annan samning þar sem búið var að bæta þessu ákvæði inn í, breyta texta í einum af fimm liðum samningsins, breyta samningsvöxtum, hækka afborganir (frá upphafi), hækka hlutfallstölu kostnaðar og seðilgjald. SP bjó sem sagt einhliða til nýjan samning!

Yfirlit SP (staða samnings) er þar að auki ekki fyrir venjulegan mann að skilja.

Fyrirtækið notast við sína eigin „gjaldmiðla“ og gengi þeirra. „Gjaldmiðlarnir“ SP1, SP2, SP3, SP4 og SP5 eiga að vera samsetning hinna ýmsu erlendu gjaldmiðla en ekki er nokkur leið að átta sig á hvernig gengið er fengið og enn síður eftir útskýringar starfsfólks SP.

Í raun er hvergi að sjá, hvorki á yfirlitum né greiðsluseðlum, að erlendir gjaldmiðlar hafi verið hluti af láninu, sem styður það álit margra að erlendu lánin sem fjármálastofnanir hafa verið að lána hafi alls ekki verið erlend. Ekki er einu sinni hægt að fá yfirlit frá SP sem sýnir eftirstöðvar lánsins í hverri erlendri mynt fyrir sig. Hafi erlendir gjaldmiðlar verið hluti af láninu, ætti lántakandi að geta séð stöðu þeirra rétt eins og stöðu hlutans í íslenskum krónum. (Til dæmis eru greiðsluseðlar frá Íslandsbanka Fjármögnun vegna bílalána sundurliðaðir og sýna útreikninga og stöðu í hverri mynt fyrir sig.)

Það er því afar erfitt að sannreyna útreikninga SP.

Að lokum má nefna að SP hefur innheimt álag ofan á LIBOR-vexti (millibankavexti) en í samningnum er ekki að finna að SP hafi heimild til að innheimta þetta álag.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

# Viðskiptavinir hafa byggt upp Bónus

UMRÆÐAN

Jóhannes Jónsson skrifar um verslunarrekstur



JÓHANNES JÓNSSON

Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með umræðunni um Bónus undanfarna daga. Hver á fætur öðrum koma þeir embættismennirnir og lýsa óánægju sinni með eigendunum. Það þurfi að fylgjast með þeim. Það þurfi að fylgjast með hvar þeir kaupi inn vöruna. Það þurfi að fylgjast með hvernig þeir verðleggja vöruna. Það þurfi að fylgjast með hver selur hverjum hvað. Það þurfi að fylgjast með hvernig keppinautunum reiðir af í samkeppninni við Bónus og svo framvegis. Óánægjan er alveg að fara með þessa menn.

Nú er ég búinn að reka Bónus í 20 ár og ég kannast ekki við þessa óánægju viðskiptavina minna. Þvert á móti. Bónus hefur aldrei gengið betur, enda er okkar leiðarljós og hefur alltaf verið að selja vöruna á lægra verði en aðrir. Við komum inn á markaðinn með nýja viðskiptahætti og fækkuðum milliliðum til hagsbóta fyrir neytendur. Við höfum lagt áherslu á hagkvæmni í rekstri og aldrei hefur verið vikið frá þeim meginreglum, sem settar voru á fyrsta degi. Á þessum tveimur áratugum hefur hlutur matvöru í ráðstöfunartekjum heimilanna farið úr tæpum 24% í um 12%.

Ég er þakklátur fyrir þann stuðning sem við höfum fengið frá viðskiptavinunum alla tíð, og fáum enn. Bónus hefur vaxið vegna viðskiptavinanna. Þeir hafa verið ánægðir og þeir hafa byggt upp fyrirtækið. Traust milli viðskiptavinanna og fyrirtækisins er galdurinn. Þetta traust er mikilvægasta eign Bónuss. Við höfum líka verið svo lánsöm að hafa haft á að skipa frábæru starfsfólki, sem margt hvert hefur starfað hjá okkur frá fyrsta degi. Það er okkur ómetanlega mikilvægt.

Aukin viðskipti hafa skilað stærðarhagkvæmni, sem hefur gert Bónus mögulegt að selja matvöru á sama verði um land allt. Þegar við vorum að byrja var vöruverð á Ísafirði um 40% hærra en á höfuðborgarsvæðinu. Nú njóta Vestfirðingar sama verðs í Bónus og höfuðborgarbúar.

Sem betur fer ræður fólk því, hvar það kaupir í matinn og enginn er dreginn nauðugur inn í Bónus. Bónus hefur einfaldlega ódýrari vörur að bjóða og þess vegna koma viðskiptavinirnir og hafa gert í 20 ár. Ég hef heldur ekki heyrt að framleiðendur neiti að selja Fjarðarkaupum eða Melabúðinni vörur. Reyndar sé ég ekki betur en þessi fyrirtæki lifi bara góðu lífi á markaðnum hlið við hlið.

Fjölmargir landsbyggðarmenn hafa í gegnum tíðina óskað eftir því að fá Bónus í sína heimabyggð. Viðskiptavinirnir vilja sem sagt stækka fyrirtækið, en ákveðinn sérhagsmunahópur minnka það. Af hverju skyldi það vera?

Er það stjórnvalda að minnka fyrirtæki með handafli, fyrirtæki sem nýtur velgengni og nýtur trausts viðskiptavina sinna? Hvernig ætti annars að framkvæma slíkt? Með því að loka á fimmtudögum, eins og Ríkissjónvarpið gerði á síðustu öld? Að loka Bónus á Ísafirði? Að útiloka fjórða hvern viðskiptavin frá Bónus?

Nei, leyfum neytendum að ráða, hvar þeir gera sín innkaup hér eftir sem hingað til. Ég mun standa við mitt gagnvart viðskiptavinunum.

*Höfundur er stofnandi Bónuss.*



# Hreinlætistækjaúrval

## gott verð fyrir alla - alltaf

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



WC kassi m. hnappi kr. 17.490

Allt settið: 31.390

Salerni og seta:

**13.900**



VEMAR blöndunartæki

**5.990**



Handklæðaofn 50x79 cm

**23.900**



AE sturtusett (handtæki og barki ekki innifalin)

**27.890**



VEMAR eldhúskrani

**5.490**



VitrA vegghengt salerni með hæglokandi Omiks setu

**25.800**

VitrA QUALITY



VitrA Form 500 Vegghengt salerni með hæglokandi setu

**33.480**



VitrA Arkit vaskur 40x27cm

**5.900**



Hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu

**11.490**



FULYA handlaug 55 cm

**6.900**

Postulínshlíf yfir tengingar kr. 2.590,-



Gólfsalerni með stút í vegg

**24.900**

Seta innifalin í verði



LAILA handlaug á borð

**9.900**

***ATH: Ódýru sturtuhornin koma í næstu viku!***

MÚRBÚÐARVERÐ







***Reykjavík***
*Klettháls 7.*
*Opið virka daga kl. 8-18*
*laugard. 9-16*

***Suðurnes***
*Fuglavík 18.*
*Opið virka daga kl. 8-18,*
*laugard. 10-14*

***Akureyri***
*Furuvellir 15.*
*Opið virka daga kl. 8-18,*
*laugard. 10-14*

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*– Afslátt eða gott verð?*

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# Á að slökkva á garðyrkjunni?

**UMRÆÐAN**
Bjarni Jónsson skrifar um raforkuverð


BJARNI JÓNSSON

Á þessu ári hefur rafmagnskostnaður garðyrkjunnar aukist um 30%! Afleiðingar láta heldur ekki á sér standa en fyrstu 8 mánuði ársins hefur raforkunotkun í garðyrkju minnkað um 8% og bara í maí um heil 25%! Þetta er í fyrsta skipti síðan raflýsing hófst í garðyrkju árið 1990 að notkun hefur minnkað, sem hefur leitt til minni framleiðslu. Það leiðir af sér aukna eftirspurn eftir erlendu grænmeti sem kostar okkur dýrmætan gjaldeyri.

Aðeins um forsögu þessa máls. Ríkið hefur niðurgreitt dreifingu rafmagns frá árinu 2005. Í vetur ákvað það að spara sér 39 milljónir króna með því að skerða niðurgreiðslur, sem leiddi til þess að garðyrkjubændur tóku á sig stærri hluta dreifikostnaðar.

## Hvað ber að gera?

Garðyrkjubændur hafa óskað eftir því við stjórnvöld að gripið verði til tiltekinna ráðstafana. Í fyrsta lagi að garðyrkjan eigi kost á hagkvæmu rafmagni og að útbúinn verði sérstakur taxti garðyrkjunnar. Í öðru lagi að skilgreiningu á þéttbýli verði breytt þannig að allar garðyrkjustöðvar verði skilgreindar sem þéttbýlisstaðir.

Í dag er taxti garðyrkju í dreifbýli hærri en taxti heimila í þéttbýli (ekki tekið tillit til niðurgreiðslu). Garðyrkjubændur telja að atvinnugrein sem kaupir gríðarlegt magn af rafmagni eigi að njóta þess í verði. RARIK, sem hefur einkaleyfi til dreifingar rafmagns, hefur ekki léð máls á slíkri útfærslu og þar við situr. Í staðinn hækkaði verðskrá RARIK um 15% hinn 1. janúar síðastliðinn og síðan aftur um 5% hinn 1. ágúst. Allt til þess að fylgja neysluverðsvísitölu! Það þýðir að hækki innflutt epli, skór eða morgunkorn þá hækkar rafmagnskostnaður garðyrkjubænda! Á sama tíma hafa aðföng garðyrkjunnar hækkað á milli 100 og 200%.

Þær garðyrkjustöðvar sem eru á skilgreindum dreifbýlisstöðum greiða töluvert hærra en þær sem eru í þéttbýli. Skýringa á því er að leita í reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga en þar

*Garðyrkjubændur telja að atvinnugrein sem kaupir gríðarlegt magn af rafmagni eigi að njóta þess í verði. RARIK, sem hefur einkaleyfi til dreifingar rafmagns, hefur ekki léð máls á slíkri útfærslu og þar við situr.*

segir að viðmið á mörkum dreifbýlis og þéttbýlis séu við 200 íbúa. Garðyrkjubændur hafa bent á að rangt sé að miða við íbúafjölda heldur sé réttlátara að miða við orkumagn í þessu sambandi.

Garðyrkjubændur hafa reiknað út svokallað íbúajafngildi raforkunotkunar sinnar. Með því er orkunotkun garðyrkjustöðva samanburðarhæf við notkun heimila. Meðal orkunotkun garðyrkjustöðva er samkvæmt útreikningum jafn mikil og notkun 1.175 íbúa. Stærsta garðyrkjustöðin notar jafnmikið rafmagn og 3.452 íbúar, eða gott betur en íbúar Þorlákshafnar, Eyrarbakka, Stokkseyrar og Flúða samanlagt (samtals 2.999 íbúar). Til samanburðar eru íbúar Ísafjarðar 2.704 og íbúar á Seltjarnarnesi 4.454!

Á Laugalandi í Borgarfirði er rekin öflug garðyrkjustöð. Orkunotkun hennar jafngildir notkun 1.959 íbúa. Íbúar Borgarness eru 1.960. Munurinn er sá að garðyrkjustöðin er í dreifbýli og því er taxti hennar hærri en íbúa Borgarness sem nota jafn mikið rafmagn. Á Bifröst, sem einnig er skilgreint sem þéttbýli, eru skráðir 257 íbúar. Taxti þeirra er lægri en hinum megin við ána. Svari því hver fyrir sig hvort það sé réttlátt!

## Hver er lausnin?

Það er ljóst að lausnin er pólitísk. Iðnaðarráðherra þarf að taka ákvörðun um að koma til móts við ofangreindar óskir og breyta m.a. reglugerð. Að sjálfsögðu er til í stöðunni að hreinlega láta vera að koma til móts við garðyrkjubændur. Áður en slík ákvörðun er tekin er rétt að stjórnvöld átti sig á kostnaðinum. Hann verður í formi minni atvinnusköpunar, minni framleiðslu á heilnæmu íslensku grænmeti, lægri tekna orkufyrirtækja og minni skatttekna sveitarfélaga. Hann er einnig falinn í auknu útstreymi gjaldeyris, hærri framlögum til atvinnuleysisbóta og auknum kostnaði sveitarfélaga.

Síðari kosturinn getur leitt til rekstrarerfiðleika í garðyrkjunni auk stöðnunar og engrar framþróunar. Hinn leiðir til áframhaldandi mikils framboðs á hollu, fersku og næringarríku grænmeti. Þetta eru tveir skýrir valkostir. Ég tel mig vita hvað neytendur vilja en því miður vita stjórnvöld ekki hvað þau vilja. Ég spyr því: Á kannski að slökkva á garðyrkjunni?

*Höfundur er framkvæmdastjóri Sambands garðyrkjubænda.*




Skólinn – góður vinnustaður!

Málþing um vinnuvistfræði í grunnskólum haldið í Norræna húsinu mánudaginn 19.október nk. kl.13-17

Fundarstjóri: Inghildur Einarsdóttir vinnuvistfræðingur Vinnueftirlits ríkisins

13.00 Opnun: Ragnar Þorsteinsson yfirmaður Menntasviðs Reykjavíkurborgar

13.20 Norðlingaskóli, Ólafur Þ. Hersisson arkitekt hjá Hornsteinum arkitektum segir frá ferli við hönnun Norðlingaskóla

13.45 Hugmyndafræði óhefðbundins grunnskóla varðandi vinnuumhverfi. Anna Margrét Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík og Þorgerður Anna Arnarsdóttir, skólastjóri barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ.

14.10 Ólína Ásgeirsdóttir grunnskólakennari Austurbæjarskóla deilir reynslu sinni varðandi skólahúsgögn: Kosti og galla.

14.35 Baldur Svavarsson arkitekt hjá Úti og Inni arkitektum fjallar um skólahönnun

*15.00 Kaffihlé*

15.20 Stutt kynning á skólatöskudögum og kynntar niðurstöður úr rannsókn sem gerð var á skólatöskudögum: Rakel Anna Másdóttir og Guðríður Erna Guðmundsdóttir

15.45 Áhættumat í grunnskólum, Valdís Brá vinnuvistfræðingur og iðjuþjálfi.

16.10 Hljóðvist hefur áhrif á rödd og hlustun nemenda: Valdís Ingibjörg Jónsdóttir talmeinafræðingur

16.45 Samantekt og umræður

Frítt fyrir félagsmenn Vinnís (www.vinnis.is) kr. 1.000,- fyrir aðra. Skráning vinnis@vinnis.is



PIPAR • SÍA • 91340




Hollráð gegn innbrotum

Sérstakar ráðstafanir fyrir verðmætustu hlutina

Heppilegt er að koma dýrmætum hlutum eins og frímerkja- eða myntsöfnum, dýrum skartgripum o.þ.h. fyrir á öruggum stað, t.d. í traustum verðmætaskáp eða bankahólfi. Takið einnig myndir af verðmætum hlutum og skráið raðnúmer þeirra.

*Fleiri hollráð gegn innbrotum er að finna á oryggi.is*

Hringdu í 570 2400 og fáðu ókeypis öryggisráðgjöf heim!

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN


# Jarðtengdir stjórnmálamenn óskast

**UMRÆÐAN**
Margrét Kristmannsdóttir skrifar


MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR


ANDRÉS MAGNÚSSON

Nú rúmu ári eftir hrunið sjá íslensk fyrirtæki ekki enn til lands. Rekstrarumhverfi þeirra er skelfilegt – endurfjármögnun er í uppnámi, háir vextir gera það fjármagn sem í boði er of dýrt til að réttlæta framkvæmdir, há verðbólga, fallandi eða hrunin eftirspurn, handónýtur gjaldmiðill og svo mætti áfram telja. Lunginn úr atvinnulífinu hefur fyrir löngu pakkað saman í vörn og bíður átekta – bíður eftir því að rekstrarumhverfið komist í það horf að hægt sé að fara að skapa verðmæti og ráða fólk til vinnu. Fyrir mörg fyrirtæki er tíminn einfaldlega að renna út.

## Illa haldið á Icesave

En eftir hverju er beðið? Svarið er einfalt: að stjórnmálamenn á Íslandi klári Icesave-málið. Það skal hins vegar tekið fram að innan raða atvinnurekenda eru og hafa verið mjög skiptar skoðanir á Icesave eins og hjá þjóðinni allri. Margir atvinnurekendur telja að þjóðinni beri ekki að borga Icesave á meðan aðrir telja það bæði rétt og siðferðislega skyldu þjóðarinnar að greiða sparifjáreigendum í Bretlandi og Hollandi lágmarksinnistæður á sama hátt og innistæður Íslendinga voru tryggðar við hrunið.

Langflestir atvinnurekendur telja hins vegar að stjórnvöld á Íslandi hafi haldið afar illa á Icesave-málinu frá upphafi enda er mjög auðvelt að gagnrýna það ferli allt saman. Hins vegar skipta þessar skoðanir nú litlu máli. Við stöndum frammi fyrir orðnum hlut – staðreyndum – og verðum að taka ákvarðanir í samræmi við þær. Við getum haft allar skoðanir á fortíðinni en henni breytum við ekki. Það eru ákvarðanirnar í dag sem skipta máli – ákvarðanir sem koma til með að móta framtíðina.

Íslenskir stjórnmálamenn hafa eytt gríðarlegri orku og dýrmætum tíma í umfjöllun um Icesave-málið og er það að mörgu leyti vel. Hins vegar er mál að linni. Talið er að skuldir ríkisins muni vaxa úr 300 milljörðum árið 2007 í 2.000 milljarða á næsta ári ef gert er ráð fyrir að kostnaður þjóðarinnar vegna Icesave verði um 300 milljarðar. Hlutur Icesave í heildarskuldum þjóðarinnar verður því sennilega í kringum 15%. Umfjöllun um þessi 15% hefur fengið mikla umfjöllun á meðan varla hefur verið minnst á aðra kostnaðarliði í hruninu – marga álíka stóra og Icesave, s.s. fjármögnun Seðlabankans til að koma í veg fyrir gjaldþrot hans og inngreiðslur í peningamarkssjóði bankanna, kostnaðarliður sem stjórnmálamenn bera þó beina ábyrgð á.

## Skelfilegar afleiðingar

Í síðustu viku komu fram greinargerðir frá Seðlabanka Íslands og efnahags- og viðskiptaráðuneytinu um áhrif þess að frekari tafir verði á endurskoðun efnahagsáætlunar AGS og þar með afgreiðslu lána frá vinaþjóðum. Eru afleiðingarnar hreint út sagt skelfilegar en allir ættu að vita að forsendur fyrir endurskoðuninni og þar með afgreiðslu lána er bundnar við lausn Icesave. Allt hangir því saman við lausn Icesave-málsins – það hefur hreinlega verið stafað ofan í þjóðina. Enn eru þó stjórnmálamenn sem fullyrða annað, telja réttast að greiða ekki Icesave, reka beri AGS heim, að þjóðin geti ein og sér unnið sig út úr vandræðunum. Vandinn er hins vegar að þessum fullyrðingum fylgja engar útfærðar leiðir og á meðan svo er er vart hægt að taka þær trúanlegar.

*Mánuðum saman hefur atvinnulífið sýnt Alþingi ótrúlega þolinmæði þegar Icesave-málið tók allan kraft og tíma þingsins svo vikum skipti. Nú er þolinmæðin hins vegar á þrotum – hvorki fyrirtækin né heimilin í landinu þola núverandi ástand lengur.*

## Stjórnmálamenn axli ábyrgð

Við núverandi aðstæður krefst íslenskt viðskiptalíf þess að stjórnmálamenn axli ábyrgð hvar í flokki sem þeir standa. Íslenskt viðskiptalíf þolir ekki frekari tafir í þessu máli. Þeir stjórnmálamenn sem telja að þeir sjálfir spili veigamesta hlutverkið í uppbyggingu þjóðarinnar eru á villigötum. Þeirra hlutverk er m.a. að sjá til þess að ytra umhverfi viðskiptalífsins sé með þeim hætti að fyrirtæki fái þrifist – að þau geti skapað verðmæti og störf fyrir fyrirtækin og heimilin í landinu. Hver einasti dagur, hver einasta vika sem líður við núverandi aðstæður er þjóðinni afar dýr. Stjórnmálamenn verða að átta sig á því að þeir geta ekki einblínt á útgjöld á borð við Icesave en skeytt engu um það hversu dýr þessi töf er orðin í töpuðum tekjum – töpuðum skatttekjum frá bæði fyrirtækum og heimilum. Stjórnmálamenn geta talið sér trú um að þeir séu að gæta hagsmuna þjóðarinnar með því að vinna gegn greiðslu Icesave, en með því eru þeir jafnframt að koma í veg fyrir að aukning verði á tekjum ríkisins með heilbrigðu atvinnulífi og þar með góðri afkomu heimila. Stjórnmálamenn sem telja að enn þurfi að eyða dýrmætum tíma til að reyna að ná betri samningi við Breta og Hollendinga eru að skaða þjóðina með beinum hætti, enda munu tapaðar tekjur án vafa verða miklu hærri en hugsanlegur ávinningur nokkurn tímann.

## Þolinmæðin á þrotum

Ef stjórnmálamenn í stjórn eða stjórnarandstöðu treysta ekki orðum allra þeirra innlendu og erlendu aðila sem hafa fullyrt að lausn Icesave-málsins sé forsenda fyrir því að við komumst áfram – getum farið að byggja upp að nýju og koma hjólum atvinnulífsins í gang – verða þeir að taka orð atvinnulífsins sjálfs trúanleg. Mánuðum saman hefur atvinnulífið sýnt Alþingi ótrúlega þolinmæði þegar Icesave-málið tók allan kraft og tíma þingsins svo vikum skipti. Nú er þolinmæðin hins vegar á þrotum – hvorki fyrirtækin né heimilin í landinu þola núverandi ástand lengur. Ef stjórnmálamenn gera sér ekki grein fyrir því eru þeir einfaldlega ekki jarðtengdir og fyrir þannig stjórnmálamenn hefur þjóðin enga þörf.

*Margrét Kristmannsdóttir er formaður og Andrés Magnússon framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Nýtt kortatímabil
1498
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAGÚLLAS
1498 kr.kg.
698
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
698 kr.kg.
1998
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1998 kr.kg.
1498
NAUTAVEISLU FERSKT NAUTASNITSEL
1498 kr.kg.
ILMKERTI Í ÁLBOXI 98.kr.stk
BRUNATÍMI: 7-8 KLST.
VANILLA, BLUBERRY, CHERRY, APPLE, APPLE CINNAMON, LEMON
698
FK FERSK BLANDAÐ HAKK NAUT & SVÍN
698 kr.kg.
BÓNUS
BAYONNESKINKA
35%
AFSLÁTTUR
KB FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 35% AFSLÁTTUR 974 kr.kg.
259
PAMPERS BABY-FRESH 72 STK
VENJULEGT OG SENSITIVE 259 kr.
898
BÓNUS BAYONNESKINKA
MERKT VERÐ 1198 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR 898 kr.kg.
KJARNAFÆÐI
398
K.F LAMBASALTKJÖT/BLANDAÐ
MERKT VERÐ 498 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR 398 kr.kg.
HAMBORGAR HRYGGUR
BÓNUS
898
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 1198 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR 898 kr.kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
359
E.S KAKÓMALT 800g 359 kr.
359
E.S MÚSLÍ 1 KG AÐEINS 359 kr.
295
E.S KORNFLEKS 750g 295 kr.
298
E.S TE 100 POKAR AÐEINS 298 kr.
TEBOLLINN Á AÐEINS 3 KR.
698
E.S EXTRA VIRGIN OLÍA
1000ml 698 kr.
95
E.S HVEITI 1000g 95 kr.
198
E.S MOLASYKUR 1000g 198 kr.
159
E.S HANDSÁPUR 500ml 159 kr.
98
E.S FATALÍMRÚLLA 98 kr.
139
E.S HVÍTKLAUKSBRAUÐ 2 STK 139 kr.
359
E.S FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI
1000ml 359 kr.
129
E.S HRÍSKÖKUR 100g 129 kr.
259
E.S ELDHÚSRÚLLUR 4 STK 259 kr
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30



**SOKKABÖNDIN** snúa aftur ef marka má þann fjölda tónlistar- og kvikmyndastjarna sem látið hafa glitta í slíkan undirfatnað nýlega. Þar má nefna konur á borð við Lily Allen, Katie Perry, Rihönnu og Ditu Von Teese.




Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473






LAGERSALA
LAGERSALA

Opið hús að Dalshrauni 17, Hafnarfirði, fimmtudaga frá kl. 12-18 og laugardaga frá kl. 12-15.

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
OG MARGT FLEIRA







FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Brynhildur Guðmundsdóttir myndlistarmaður stendur hér fyrir framan eitt verka sinna í einum af eftirlætiskjólunum.

# Óvænt litasamsetning sem lífgar upp á lundina

**Brynhildur Guðmundsdóttir er ávallt fallega klædd. Eftirlætiskjólar hennar eru frá fatahönnuðinum Huldu Karlottu en föt hennar segir Brynhildur oft skarta óvæntum litasamsetningum.**

„Maður verður alltaf glaður í þessum kjólum,“ segir listakonan Brynhildur Guðmundsdóttir, um kjóla fatahönnuðarins Huldu Karlottu Kristjánsdóttur. Brynhildur segist hrífast af fötum með ríkt notagildi og í glaðlegum litum, einkum og sér í lagi ef um íslenska hönnun er að ræða.

Hulda Karlotta er búsett í Portúgal og vinnur þar að eigin fatalínu sem nefnist Fingerprint en rétt eins og fingraförin þá er hver flík frá henni einstök.

Brynhildur segist eiga þrjá kjóla frá Fingerprint sem hún pantaði í gegnum Facebook-síðu fatalínunnar. „Það er mikil litadýrð í þessum fötum og litasamsetningar óvæntar og skemmtilegar,“ segir Brynhildur. Hún viðurkennir þó að sækja mikið í föt í svörtum lit en litablöndun Huldu Karlottu heilli sig einfaldlega svo mikið að hún láti vaða á ævintýralegri liti en hún klæðist venjulega.

Við hönnun línunnar sótti Hulda Karlotta hugmyndir í útlit litlu lituðu tréspjótanna í Mikado-spilinu sem margir muna eftir að hafa leikið sér að sem börn. Áður hannaði Hulda Karlotta föt fyrir fyrirtækið Nikita og hafa föt hennar einnig fengist í Nakta apanum.

„Þetta eru bara svo skemmtileg föt og á góðu verði,“ segir Brynhildur og bendir á að kjólarnir séu venjulega á um það bil 14.000 krónur sem ekki þyki há upphæð fyrir kjól sem ekki sé fjöldaframleiddur. Þá sé ekki verra að geta klætt sig í föt sem nái að lífga upp á lundina. Verk Brynhildar er hægt að kynna sér á slóðinni brynhildur.is og fatahönnun Huldu Karlottu má sjá á síðunni www.myspace.com/huldakarlotta.

*karen@frettabladid.is*




# ;TÍSKA



**HERMANNAKLOSSAR OG MÓTORHJÓLASTÍGVÉL** eru að ryðja sér til rúms á ný og er því tilvalið að taka gömlu klossana úr Vinnufatabúðinni fram. Ef þeir eru ekki fyrir hendi þá ætti þetta skótau að fást í næstu verslun.




Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is




Sætar í sumarkjólum frá Simonetta.

Lítill herra í jakkafötum frá Billionaire Junior.

Í Billionaire Junior frá toppi til táar.

Calvin Klein kann sitthvað fyrir sér þegar kemur að barnafötum.

Þessi tekur sig vel út í fötum frá Calvin Klein.

## Fyrstu tískuskrefin

**Á tískusýningunni Pitti Immagine Bimbo á Ítalíu sýndu börn og unglingar vor- og sumartískuna 2010.**

Tísku- og sölusýningin Pitti Immagine Bimbo var haldin í 69. skipti í Flórens á Ítalíu í sumar en hún er ein af stærstu sýningunum með barna- og unglingaföt í tískuheiminum. Þar gaf að þessu sinni að líta föt frá yfir 500 framleiðendum um allan heim og mættu tíu þúsund gestir á svæðið.

Sitt sýnist eflaust hverjum um það að senda óharnaða unglinga og börn út á sýningarpalla og koma fegurðarsamkeppnir barna, sem fæstir hafa mikið dálæti á, óneitanlega upp í hugann. Umrædd sýning virtist þó fara vel fram og mátti sjá ógrynni fallegra klæða. Börnin sýndu vor- og sumartískuna 2010 og á eflaust eitthvað af fötunum eftir að rata til Íslands með hækkandi sól.

*vera@frettabladid.is*


Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin
STOTT PILATES

STOTT PILATES
Síðustu námskeið fyrir jól!
Innritun hafin í síma 581 3730

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

STOTT PILATES æfingakerfið er frábær leið til að:
- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja sérstaklega djúpvöðva maga og baks.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.
- Losa um bakverki og hjálpa til við samhæfingu svo fátt eitt sé nefnt.

Kennt er 2x í viku í 9 vikur. Þriðjudaga og fimmtudaga kl 15:30 og 16:30.
Nýr tími mánudaga og miðvikudaga kl 7:30. Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir.
Byrjenda- og framhaldsnámskeið. Verð kr. 32.400.
Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Joseph Pilates.

Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Frúin í Flash tekur til

20-80% afsl. af völdum vörum

Bolakjólar 70% afsláttur
~~Áður 7990~~ Nú 2000

Allar peysur 50% afsl
~~Áður 7990~~ Nú 3990

Gallabuxur 50% afsl
~~Áður 6990~~ Nú 3490

Skokkar 50% afsl
~~Áður 14990~~ Nú 7490

Kápur og jakkar 50% afsl
~~Áður 19990~~ Nú 9990




OG MARGT, MARGT FLEIRA Á ÓTRÚLEGU VERÐI

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




Bæði er prentað á flíkurnar og bróderað ofan í prentað munstrið.

## Ný íslensk fatalína

FATALÍNA EFTIR FJÓLU ÓSLAND HERMANNSDÓTTUR KOM NÝVERIÐ Í VERSLANIR HAGKAUPA EN FJÓLA SIGRAÐI Í HÖNNUNARKEPPNI VERSLUNARINNAR.

Við hönnun línunnar sótti Fjóla innblástur í diskó-tímabilið en blandar því við alls kyns ættbálkamunstur. Fatalínan samanstendur af kjólum, bolum og leggings og er bæði prentað á flíkurnar og bróderað ofan í prentað munstrið. Fötin eru að hennar sögn efnismikil og þægileg og ættu því að henta íslenskum konum vel.



Fjóla Ósland.

Fjóla útskrifaðist sem textíl- og fatahönnuður úr Listaháskóla Íslands árið 2007 og starfar nú sjálfstætt sem slíkur í Danmörku.

Markmiðið með hönnunarkeppni Hagkaupa, sem hefur verið haldin síðan 2006, er að styðja við bakið á íslenskum hönnuðum og gera viðskiptavinum kleift að kaupa íslenska hönnun á viðráðanlegu verði. Fjólu voru kunngjörð úrslitin í byrjun árs og upp úr því fór framleiðsluferlið í gang. Afraksturinn skilaði sér í verslanir fyrir skemmstu.

*- ve*


Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

RopeYoga
Síðustu námskeið fyrir jól!
Innritun hafin í síma 581 3730

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak. Hentar öllum aldurshópum og líkamsgerðum. Þú finnur strax árangur eftir fyrstu æfinguna án þess að reyna of mikið á þig.

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Lokuð 9 vikna námskeið 2x í viku í 60 mínútur:
- Þriðjudaga og fimmtudaga kl 6:15 og 7:20.
- Nýr tími þriðjudaga og fimmtudaga kl 8:30.
- Miðvikudaga og föstudaga kl 10:00,
- Mánudaga og miðvikudaga kl 16:30.

Verð kr. 19.900.

Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**

# Litagleði og kampavín á tískuviku

Tískuvika hófst í París 30. september með tilheyrandi fjöri jafnt innan sem utan sýningarpallanna og hvert kampavínsteitið fylgdi öðru með tilheyrandi stjörnustríði. Þó að tískan hafi ekki þvegið af sér öll merki kreppu og samdráttar gætti þó ákveðinnar sköpunargleði og mikil litaveisla var í boði hjá mörgum hönnuðum.

Hjá Dior var John Galliano innblásinn af sakamálamyndum Hollywood frá fjórða áratug síðustu aldar og fyrirsæturnar ljóshærðar með bylgjur í hárinu í anda Övu Gardner og Lauren Bacall. Kjólarnir voru því margir síðir og afskaplega kvenlegir. Hönnunin var litrík og glæsileg þó án þess að vera of flottræfilsleg enda þætti það ósmekklegt á þessum erfiðu tímum. Flíkurnar eru mikið til úr léttu silkimússilíni og stundum líkt og undirfötin væru orðin að flíkum, allt meira og minna gegnsætt. Silkið var bleikt og grænt en einnig ljóst og með stöku hlébarðamunstri. Nokkuð síðan að John Galliano leitar ekki beint í arfleið meistara Dior heldur enn lengra aftur í tímann.

Hvort það er nýjung sem á eftir að ryðja sér til rúms í tískuhönnun eða ekki þá fylgdi nýjum hönnuði Ungaro, Estrellu Archs, sérkennilegur aðstoðarmaður, Lindsay Lohan sem á að vera hönnuðinum til ráðgjafar. Reyndar hafa hönnuðir komið og farið hjá tískuhúsi Ungaro síðan hann dró sig í hlé 2004. Lindsay Lohan, sem reyndar er þekktari fyrir afvötnunarmeðferðir og nokkrar smámyndir í Hollywood en tískuráðgjöf, á að samræma hönnun og ráðgjöf frá dæmigerðum glamúr-viðskiptavini og ekki verra að hafa smá hneyksli í kaupbæti sem tryggir umfjöllun í slúður- og tískublöðum (sönnunin hér að þetta virkar!). Reyndar ekki í fyrsta skiptið sem framkvæmdastjórinn, Mounir Moufarrige, tekur einkennilegar ákvarðanir en sá hinn sami rak Karl Lagerfeld frá Chloé árið 1997 og treysti óþekktum hönnuði fyrir listrænni stjórnun Chloé en það var Stella McCartney. Enginn efast um þá ákvörðun í dag. Hönnunin hjá Archs var trygg Ungaro í sterkum litum og suðrænum stíl.

En Stella McCartney var á sinni sýningu innblásin af sjöunda áratugnum „ást og friður" og mátti jafnvel ímynda sér móður hennar, Lindu, klædda að þessum hætti. Stella sem er heitur andstæðingur loðfelda og mjög upptekin af umhverfisvænni tísku fótar sig sífellt lengra á þeirri braut í hönnun sinni með efnisvali og framleiðsluaðferðum

Á stærstu sýningarnar mætti iðulega Anna Wintour, hinn frægi ritstjóri bandaríska Vogue, sem er fyrirmynd persónu „Djöfullinn klæðist Prada" en annars mátti víða sjá R‘n‘B-stjörnuna Rihönnu, Janet Jackson og Catherine Deneuve.

*bergb75@free.fr*



Naomi með töskuna sem hún valdi en hluti af söluágóða rennur í sjóð Hvíta borðans.

# Marc og Naomi ljá mæðrunum lið

**Marc Jacobs og Naomi Campell vinna að nýju verkefni sem styðja mun við góðgerðaverkefni.**

Hvíti borðinn er eitt af þeim verkefnum sem Sarah Brown, eiginkona breska forsætisráðherrans, hefur tekið sérstaklega undir sinn verndarvæng.

Verkefnið er alþjóðlegt og er samstarfsverkefni stofnana og einstaklinga í um 142 löndum. Með því er stefnt að því að fækka dauðsföllum mæðra um víða veröld og gera meðgöngu og fæðingu sem hættulausasta fyrir konur og börn.

Þekktar stjörnur veita slíkum verkefnum oft góðan meðbyr og nú hafa Marc Jacobs, aðalhönnuður Louis Vuitton, og ofurfyrirsætan Naomi Campell tekið höndum saman til að styrkja átakið.

Mun Louis Vuitton gefa hluta af söluágóða tösku úr nýju vor- og sumarlínunni 2010 sem hönnuð er af Jacobs. Naomi, sem er einn talsmanna hvíta borðans, heimsótti höfuðstöðvar Louis Vuitton í París nýlega til að velja töskuna. Hún valdi tösku úr kakíefni og málmkenndu leðri. Taskan kemur í verslanir Louis Vuitton í mars, sama dag og 100 ár verða liðin frá fyrsta alþjóðlega mæðradeginum.

Nánar má fræðast um verkefni Hvíta borðans á vefsíðunni www.whiteribbonalliance.org.

# Karlar hanna eigin skyrtur

**Nú gefst körlum kostur á að hanna sínar eigin skyrtur á Netinu.**

Á vefsíðunni www.ShirtsMyWay.com gefst körlum kostur á að hanna sínar eigin skyrtur. Útfærslurnar eru óteljandi og er hægt að velja mismunandi efni, snið, kraga, liti, ermahnappa og margt fleira.

Þeir Peter Crawfurd og Michael Yang opnuðu síðuna fyrr á þessu ári en hún er frábrugðin flestum hefðbundnum sölusíðum sem einungis bjóða upp á tilbúna vöru. Síðan er einföld og aðgengileg og er hægt að leika sér fram og aftur við að búa til stutterma, langerma, aðsniðnar, víðar, skræpóttar og einlitar skyrtur.

Skyrturnar eru framleiddar í Kína en áttatíu prósent viðskiptavina hafa hingað til verið Bandaríkjamenn. Þar á eftir koma Norðmenn. Þeir Yang og Crawfurd binda vonir við að geta boðið upp á sams konar síðu fyrir konur þegar fram líða stundir.

*- ve*



NORDICPHOTOS/GETTY

Á síðunni er hægt að hanna skyrtur af öllum stærðum og gerðum.





ERTU TIL ÞEGAR Á REYNIR?

Skráðu þig sem LIÐSAUKA Rauða kross Íslands.
Allar upplýsingar og skráning á raudikrossinn.is
eða í síma 570 4000.

NÝI KAUPÞING BANKI
Er bakhjarl Rauða krossins

Rauði kross Íslands

# Lohan stígur feilspor



Tískumeðvitund Lindsay Lohan hefur ef til vill verið ofmetin.

NORDICPHOTOS/GETTY

Lindsay Lohan var ráðin listrænn ráðgjafi lúxustískuhússins Ungaro í september síðastliðnum en mörg tískuhús hafa að undanförnu ráðið til sín frægt fólk til að gefa hugmyndir og ráð. Ráðning Lohan hefur þó ekki borið tilætlaðan árangur og féll hin nýja lína Ungaro alls ekki í kramið hjá þeim sem lögðu leið sína á tískuvikuna í París.

Sterkir litir einkenndu línuna og þótti hún í það heila hallærisleg. Þegar Lohan gekk út á sýningarpallinn að sýningunni lokinni voru augu hennar grátbólgin og talaði Los Angeles Times um „skammargöngu“.

Tískuhús hafa í vaxandi mæli ráðið til sín stjörnur til að selja vörur sínar í kreppunni. Mörg hver hafa náð góðum árangri með stjörnur á borð við Madonnu og Kate Moss í broddi fylkingar, en Lohan virðist ekki hafa náð að fóta sig í hlutverkinu.

Tískuspekúlantar hafa í ljósi þess bent á að varasamt geti verið að treysta um of á ráð stjarnanna enda séu þær ekki fagmenn. Sérstaklega megi ekki falla í þá gryfju á meðan kreppan gengur yfir því það geti kastað rýrð á tískuiðnaðinn. *- ve*



Permanent á sér langa sögu. Talið er að fyrsta greiðslan hafi verið gerð árið 1906. Þá þurftu konur að sitja í allt að sex tíma í stólnum með fjöldann allan af krullujárnum í hausnum. Hvert járn gat vegið allt upp í kíló sem gerði reynsluna þeim mun óþægilegri.

**Heimild: Netið**



Fyrirsætan Laetitia Rey tók sig vel út með súkkulaðigeislabaug.

# Frakkar lifa í súkkulaðidraumi

**Um fimm hundruð sýnendur taka þátt í árlegri súkkulaðihátíð sem fram fer nú í París.**

Alþjóðleg súkkulaðisýning hófst í París í gær og stendur yfir til 18. október. Þar koma saman yfir hundrað súkkulaðigerðarmenn frá öllum heimshornum og fjögur hundruð aðrir sýnendur.

Á sýningunni verður ýmislegt í boði á borð við súkkulaðivinnustofu barna, fyrirlestra og ekki síst súkkulaðitískusýningar eins og þá sem hér sést í myndum. Tískusýningin markaði upphaf súkkulaðihátíðarinnar og var auk þess haldin til styrktar frönsku samtökunum „La voix de l'enfant“ sem miðar að því að vernda börn.



Leikkonan Carole Brana tók sig vel út í indíánabúningi skreyttum súkkulaðimolum.



Leikkonan Anne Richard var æði skrautleg í hvítum kjól með súkkulaðiblómum.



Tveir súkkulaðisætir gæjar leiddu frönsku gamanleikkonuna Julie Ferrier inn á sviðið. NORDICPHOTOS/AFP





Gabor
Skór & töskur



Sérverslun með
Gabor
xena
FÁKAFENI 9
(við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18
& laugard. 11-16



• Gelneglur á hendur og fætur
• Kvöldförðun
• Brúðarförðun

LCN

Arndís Helga Ólafsdóttir
Nagla og förðunarfræðingur

Andorra • Strandgötu 32 • 220 Hfj. • Sími: 693-2272

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar




SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
**ÚTSÖLUSTAÐIR:** Apótek og snyrtivöruverslanir







dömu/herra belti
Flex kr. 22.900,-
Flex Max kr. 27.900,-
System kr. 33.900,-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

TRIND
Avallt No 1




**Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á www.Trind.com**
Útsölustaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir



GLÆSILEGAR HAUSTYFIRHAFNIR

BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

HAUSTTILBOÐ Í 3 DAGA
FRÁ FIMMTUDEGI TIL LAUGARDAGS
15. til 17. október

20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM!



Í Tösku- og hanskabúðinni finnur þú mikið úrval af handtöskum, tölvu- og skjalatöskum, seðla-og leðurveskjum, ferðatöskum, leðurhönskum og vönduðum göngustöfum svo fátt eitt sé nefnt.
Þú getur litið við í verslun okkar eða farið á slóðina www.th.is þar sem hægt er að skoða úrvalið og gera góð kaup!

Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is

# *sófar*

FYLGIRIT UM SÓFA • 15. OKTÓBER 2009

















IKEA®



KLIPPAN

2ja sæta sófi 32.900,-
Áklæði: Granån svart.
B180xD88, H66cm. Sætishæð 43cm.
Fáanlegar eru sjö mismunandi tegundir af áklæðum.
Klippan sófinn fæst einnig í svörtu eða rauðu leðri og hvítu eða appelsínugulu gervileðri.



EKTORP

3ja sæta sófi 79.900,-
Áklæði: Idemo rautt
B215xD88, H88cm. Sætishæð 45cm.
Fáanlegar eru átta tegundir af áklæðum.
Í EKTORP línunni fæst einnig: 2ja sæta sófi, legubekkur, hægindastóll, hornsófi, svefnsófi, skemill og púðar.



KARLSTAD

3ja sæta leðursófi 144.900,-
B206xD93, H80cm. Sætishæð 45cm.
KARLSTAD leðursófinn er fáanlegur svartur, hvítur og dökkbrúnn. Einnig eru fáanleg níu mismunandi tauáklæði.
Í KARLSTAD línunni fæst einnig; 2ja sæta sófi, legubekkur, hægindastóll, hornsófi, snúningsstóll, svefnsófi, skemill og púðar.



Atli Már Daðason, vörustjóri húsgagnadeildar Ikea, segir misjafnt hvort fólk vilji leðursófa sem auðvelt sé að þurrka af eða sófa með textíláklæði sem hægt sé að taka af og setja í þvott, nú eða skipta um og breyta til með litlum tilkostnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dýrðlegir valmöguleikar

**Litlir, stórir, ljósir, dökkir, mjúkir, harðir, einfaldir eða skræpóttir. Allar þessar tegundir af sófum má finna í Ikea og ekki nóg með það heldur gluggatjöld og púða í stíl.**

„Góður sófi þarf ekki að kosta þig álíka mikið og fólksbíll,“ segir Atli Már Daðason, vörustjóri húsgagnadeildar Ikea. Hann bendir á að það hafi alltaf verið aðalsmerki verslunarinnar að sameina góða hönnun, notagildi og verð sem hentar sem flestum viðskiptavinum. Þar fyrir utan hafi Ikea þann kost að þar sé hægt að finna allt fyrir heimilið á einum stað. Það geri fólki kleift að velja hluti sem passa hver öðrum.

„Við viljum hjálpa fólki við að skapa sér fallegt heimili,“ segir hann og bendir á að til að mynda sé reynt að samrýma mynstur á gluggatjöldum, púðum og sófaáklæði. Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi þar sem vöruúrval verslunarinnar sé einkar mikið.

Atli segir hönnuði hjá fyrirtækinu alltaf hafa í huga að fólk þurfi að geta notað sófasettið sem það kaupir. Slík hugsun sé ekki sjálfgefin hjá hönnuðum. „Fólk á að geta legið í sófanum, krakkarnir leikið í honum og það á ekki að vera stórmál þótt hellist niður í hann,“ segir Atli. Hann segir að mismunandi áherslur séu þó hjá fólki. Barnafjölskyldur vilji oft fá leðursófa sem auðvelt sé að þurrka af för eftir kámuga litla fingur. Þeir sem vilji vera með textíláklæði þurfi þó ekki að örvænta því hjá Ikea sé lögð áhersla á að hægt sé að taka áklæðið af og setja í þvott.

„Nú eða bara hreinlega skipta um áklæði, með því getur maður heldur betur frískað upp á stofuna eða breytt til eftir þeim litum sem helst eru í tísku fyrir lítinn pening,“ segir hann.

Atli segir Ikea henta vel þeim tíðaranda sem nú ríkir. Nú vilji fólk fyrst og fremst geta notið þess að eiga góðar og áhyggjulausar stundir með fjölskyldunni en leggi til hliðar óþarfa kröfur um að eignast sem dýrasta hluti sem vart má nota.



**● KÁDILJÁKUR Í STOFUNA** Sannir bílaáhugamenn ættu að staldra við og gefa þessum sófa nánari gaum, en fyrirmyndin að honum er klassískur kádiljákur frá 1959.

Sófinn er fáanlegur í ýmsum litum, meðal annars svörtu og rauðu. Á honum eru kádiljáks-spoilerarnir þekktu, víniláklæði á sætunum og ljós sem má kveikja á. Sófinn þykir tilvalinn í leikjaherbergi á vinnustöðum en gera þarf ráð fyrir innstungu svo ljósin megi tengja.

**● ÚR RUSLI Í HÁGÆÐAHÖNNUN** Junktion er nýtt hönnunarfyrirtæki í Tel Avív í Ísarel sem breytir rusli í flott og listræn ekki síður en nytsamleg húsgögn og aðra innanstokksmuni.

Sófinn á meðfylgjandi mynd er ágætt dæmi um hönnun Junktion, en hann er samsettur úr krossviði, gamalli tösku, mjúkum sætum og hjólum sem hafði verið hent í ruslið.

Lokaður lítur sófinn einna helst út eins og gömul ferðataska, sem má síðan hæglega opna þegar næturgesti eða aðra gesti ber að garði.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Steingrímsson hlynurs@365.is s. 512 5439

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.



FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330



Lúxusíbúðirnar í Róm verða undir sterkum áhrifum frá Armani Casa-línunni.



Sófi úr Armani Casa-línunni.



Armani fellur aldrei verk úr hendi.

# Innréttar lúxusíbúðir í Róm

Tískuhönnuðurinn Giorgio Armani fékk á dögunum það verkefni að innrétta lúxusíbúðir í Róm á Ítalíu.

Armani var ráðinn til verksins eftir að eigendurnir ákváðu að breyta gamalli byggingaþyrpingu nálægt hinu víðfræga hringleikahúsi í Róm í ríkmannlega búnar íbúðir.

„Hugmyndin er sú að umbreyta gömlum og þreyttum byggingum á Palastín-hæð í flott og vandað íbúðarhúsnæði,“ segir í yfirlýsingu frá Armani, sem hefur á síðustu árum getið sér góðan orðstír með húsgagnalínu sinni, Armani Casa.

Fyrir utan vandaða innanhússhönnun mun væntanlegum íbúum standa ýmis þjónusta til boða, svo sem almennt viðhald og barnapössun auk þess sem móttökustjóri verður þeim innan handar allt árið um kring.

Áætlað er að fyrsta íbúðin verði tilbúin til afhendingar á fyrri árshluta 2010. - rve



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Fólk velur sér notalega og hlýlega sjónvarpssófa um þessar mundir,“ segir Erlendur Sigurðsson, framleiðslustjóri GÁ Húsgagna.

# Viðskiptavinir geta raðað saman sínum eigin sófum

**GÁ Húsgögn í Ármúla sérsmíða sófa eftir óskum viðskiptavina sinna sem hafa undanfarið fremur kosið tausófa en leðursófa.**

„Fólk velur sér notalega og hlýlega sjónvarpssófa um þessar mundir en töluvert hefur dregið úr vinsældum leðurs,“ segir Erlendur Sigurðsson framleiðslustjóri GÁ Húsgagna í Ármúla 19.

Viðskiptavinir fyrirtækisins hafa mikið val og þurfa ekki að einskorða sig við það sem til er í búðinni. „Þeir geta í raun raðað saman þeim sófa sem þeir vilja. Þannig velja þeir grind, stífleika svampsins og áklæðið,“ upplýsir Erlendur og bætir við að öll húsgögn GÁ Húsgagna séu hönnuð og framleidd á Íslandi. Inntur eftir því hvort Íslendingar séu meðvitaðri um að velja íslenskt játar hann því. „En fólk vill þó vera visst um gæðin líka,“ segir hann. Hann segir hornsófa vinsælasta í búðinni en þó seljist tungusófar og aðrar gerðir sófa einnig vel.

GÁ Húsgögn voru stofnuð árið 1975 og ná því 35 ára aldri á næsta ári. „Fyrirtækið var stofnað af Grétari Árnasyni sem enn er eigandi ásamt þremur öðrum,“ segir Erlendur. Fyrirtækið, sem var lítið í upphafi, hefur stækkað og dafnað með tímanum. „Við vinnum mikið fyrir hótel og veitingahús en fyrir tveimur árum opnuðum við í fyrsta sinn almenna búð sem stíluð er inn á heimilismarkaðinn,“ segir hann en í GÁ Húsgögnum má finna nokkuð stóra og breiða línu í sófum og öðrum húsgögnum, og að sjálfsögðu er þetta allt íslensk framleiðsla.

„Sófana hönnum við mest innan fyrirtækisins. Þó leitum við einnig eftir teikningum frá hönnuðum og arkitektum,“ segir Erlendur en bendir á að fólk njóti þess að fá að raða saman eigin sófa. Þannig fái það tilfinningu fyrir því að það eigi mun meira í húsgagninu.


1975 GÁ HÚSGÖGN



HREIÐRIÐ

Stærð: 235 cm.
Fáanlegur í öllum stærðum.
Sjá www.gahusgogn.is



PERLA

Stærð: 270x210.
Fáanlegur í öllum stærðum.
Sjá www.gahusgogn.is



MOSI

270 cm langur.
Fáanlegur í öllum stærðum.
Sjá www.gahusgogn.is

SYRUSSON



Emira

Lengd 190 cm.
Val um áklæði og liti.
Fæst sem stóll, 3 og 4 sæta sófi
Verð í leðri kr. 398.000,-
Íslensk hönnun og framleiðsla.
Sjá www.syrusson.is



Guss

Lengd 230 cm.
Val um áklæði og liti.
Fæst sem stóll og 3 sæta sófi.
Verð í flottu tauefni kr. 368.000,-
Þessi sófi getur hæglega komið í horn
og hægt er að fá tungu eða skemil í stíl.
Íslensk hönnun og framleiðsla.
Sjá www.syrusson.is



Eltoro

Lengd 220 cm.
Val um áklæði og liti.
Fæst sem stóll, tveggja og þriggja sæta sófi.
Verð í leðri kr. 395.000,-
Íslensk hönnun og framleiðsla.
Sjá www.syrusson.is



Viðskiptavinir Reynis geta ráðið áklæði sófanna að öllu leyti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Íslensk hönnunarvara

**Reynir Sýrusson hefur rekið hönnunarstofu í Kópavogi síðustu þrjú árin. Hann segir helstu sérstöðu stofunnar að boðið sé upp á hundrað prósent íslenska framleiðslu á samkeppnishæfu verði.**

„Íslenskt er klárlega inni í bransanum þessa dagana. Flest heimili, fyrirtæki og stofnanir velja íslenska framleiðslu ef þau eiga þess kost að kaupa hana á samkeppnishæfu verði. Það er mikill viðsnúningur frá því sem var,“ segir Reynir Sýrusson hönnuður, sem rekið hefur hönnunarstofu og verslun í Hamraborg 5 í Kópavogi síðustu þrjú árin. Fyrirtækið státar af mjög breiðri framleiðslulínu á húsgögnum.

Spurður um helstu sérstöðu hönnunarstofunnar á húsgagnamarkaðnum segir Reynir að hver vara sem hann selji sé mjög atvinnuskapandi hér á Íslandi. „Þetta er allt framleitt hérna heima, en þess má geta að einn sófi fer í gegnum fjórar verksmiðjur áður en hann er tilbúinn til afhendingar,“ segir Reynir.

Á hönnunarstofunni í Hamraborginni eru á boðstólum fimm mismunandi gerðir af sófum. Myndir og lýsingar á þeim má finna á heimasíðu stofunnar, www.syrusson.is. Auk þess er Reynir með tvo nýja sófa í vinnslu og smíðum og þar að auki nýjan hornsófa. „Eltoro-hönnunin hefur selst mjög vel, en sá sófi er hugsaður fyrir heimili. Nýjasti sófinn minn heitir Guss og er heimilissófi með nokkuð sérstæðri hönnun. Hann er með áföstum púðum sem eru mjög mjúkir og gefa vel eftir. Sófinn hentar bæði inni í stofu eða sem sjónvarpssófi með tungu eða skemli. Cubus-sófinn hefur verið mjög vinsæll hjá fyrirtækjum, sem leita oft í einfaldari hönnun,“ segir Reynir og bendir á að nýju sófarnir tveir, sem verða tilbúnir á allra næstu dögum, séu einmitt einkum hugsaðir í þann flokk.

Hönnunarstofa Reynis hefur einnig þá sérstöðu að viðskiptavinir geta ráðið áklæðinu að öllu leyti. „Hérna gefst fólki möguleiki á að gera vörurnar að sínum eigin. Það getur valið úr öllum heimsins litum og ég gæti þess vegna prentað Fréttablaðið á áklæðið ef óskað væri eftir því,“ segir Reynir og hlær. „Þar sem öll framleiðslan fer fram hérna heima er hægur leikur að breyta til, aðlaga stærðir og þar fram eftir götunum. Ef fólk vill fá fimm sæta sófa þá bara reddum við því. Sveigjanleikinn er gríðarlegur,“ segir Reynir Sýrusson.

# Myndapúsl á stofuvegginn

Oftar en ekki trónir fallegasta málverk heimilisins fyrir ofan sófann en þó er ekkert sem segir að þau megi ekki vera mörg.

Um þó nokkurt skeið hefur þótt smart að raða myndum eins og púsluspili þétt upp að hver annarri á vegg. Oft er um að ræða fjölskyldumyndir eða teikningar barnanna á heimilinu sem komið er fyrir í sams konar römmum. Þessa hugmynd útfæra margir í eldhúsi eða á göngum en hún kemur einnig vel út fyrir ofan sófann sé plássið fyrir hendi. Rammarnir þurfa ekki endilega að vera í stíl og geta verkin komið úr öllum áttum en ekki er verra ef tónarnir í þeim kallast á við litinn á sófanum eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. *- ve*



Þessa hugmynd útfæra margir í eldhúsi eða á göngum en hún kemur einnig vel út fyrir ofan sófann.





**● SÓFABORÐ ÁRSINS** The Newton Coffee table, hönnun sænsku hönnuðanna Dans Sunaga og Staffans Holm, vann hin norrænu hönnunarverðlaun á Stockholm Furniture Fair nú í ár.

Beygður krossviður og gler er efniviður borðsins en það er framleitt af Karl Andersson & Söner.

Eitt frægasta sófaborð allra tíma, Tribeca-borðið, er einmitt líka úr gleri og viðargrind. Það borð var hannað á fimmta áratug síðustu aldar af japansk/ameríska listamanninum og landslagsarkitektinum Isamu Noguchi.



Sófi þessi er hluti af sófaseríu Arne Jacobsen sem ber heitið 3300 en þessi tiltekni sófi kallast „model 3302“. Sófann hannaði Arne árið 1956 en Fritz Hansen hefur framleitt sófann eins og fleiri vörur Arne Jacobsen.



Poeten kallast einn fallegasti sófi Finn Juhl frá árinu 1941. Sófann teiknaði Juhl upphaflega fyrir sjálfan sig.

# Þessir dönsku klassísku

**Danskir húsgagnahönnuðir hönnuðu nokkra af þekktustu sófum heims í kringum miðja 20. öldina og komu danskri hönnun á heimskortið. Hér eru nokkrir af þeim frægustu.** *- jma*



Arne Jacobsen hannaði svana-sófann upphaflega fyrir Royal Hotel í Kaupmannahöfn árið 1958. Sófann var að finna í svítum hótelsins og setustofum. Nú er hægt að fá hann í nokkrum útgáfum.



Børge Mogensen var afkastamikill húsgagnahönnuður og margir sófa hans eru þekktir í dag. Spoke Back-sofa er einna þekktastur frá 1945.



Annar ekki síður þekktur sófi úr smiðju Børge Mogensen kallast einfaldlega 2213, leðursófi, sem Mogensen hannaði fyrir eigið heimili árið 1962.

# Tauið heitt en leðrið sígilt

**Íslendingar sækjast í auknum mæli eftir því að kaupa þægilega sófa, að sögn Bjargar Guðmundsdóttur, eiganda verslunarinnar Ego Dekor. Tauáklæði eru afar vinsæl.**

„Sófar með ofnu áklæði hafa verið að sækja í sig veðrið að undanförnu og fólk virðist óhræddara en áður við að kaupa sófa með tauáklæði. Microfiber-efni sem voru vinsæl hérna áður fyrr eru frekar á undanhaldi, en ýmiss konar ofin efni mjög vinsæl,“ segir Björg.

„Úr mörgum litum er að velja en við pöntum þó mest í svörtu, gráu og jarðarlitunum. Íslendingar eru bara ekkert rosalega litaglöð þjóð og virðast helst vera gefnir fyrir svart, grátt og jafnvel út í brúnt enda passar það við velflest.“

Nýju efnin þarf að þurrhreinsa og þá er venjulega hægt að taka áklæðið af öllum bak- og setpúðum að sögn Bjargar. „Góð regla er að nota textílvörn, úða sem varnar því að blettir festist í og við erum einmitt að selja textílvörn og hreinsiefni fyrir sófana hérna í versluninni okkar.“

Þá segir Björg leðursófa ávallt eftirsótta. „Þeir standa líka alltaf fyrir sínu, eru flottir og auðveldir í þrifum. Við erum bæði með klassíska og nýtískulega leðursófa og í leðrinu fer mest af svörtu, en brúnir litir eru líka alltaf vinsælir.

Hvers konar gerðir af sófum falla best í kramið? „Tungusófar, bæði í áklæði og leðri, hafa verið mjög vinsælir síðustu ár og ekkert lát virðist ætla að verða á,“ segir Björg.

„Einnig eru margir tautungusófarnir með færanlegri tungu og það hefur heldur betur slegið í gegn; sem og sófar með mörgum bakpúðum í staðinn fyrir hefðbundna bakpúða, það gefur sófunum ákveðna mýkt og þægindi.“ Björg segir að svo virðist sem fólk sæki í auknum mæli eftir þægilegum sófum fyrir framan sjónvarpið sem er bæði hægt að liggja í og sitja. „Þar kemur fólk ekki að tómum kofunum í Ego Dekor,“ bætir hún svo við.

„Síðan erum við til dæmis með mjög gott úrval af munstruðum púðum í öllum mögulegum litum sem passa vel í sófana, íslenska hönnun sem er aðeins fáanleg hjá okkur.“

Þá bendir Björg á að viðskiptavinir geti alltaf leitað til starfsfólks verslunarinnar með fyrirspurnir, það sé hafsjór af fróðleik sem geti leiðbeint við val og kaup á sófum og öðrum innanhússmunum.





Björg segir leðursófa alltaf standa fyrir sínu, en þeir fást í góðu úrvali í búðinni.


ego dekor



## Sicily
Tungusófi með tauáklæði og færanlegri tungu.
Stærð: 267cmX165cm
Verð: 198.000,-



## Fatcat
Tungusófi með tauáklæði og færanlegri tungu.
Einnig fylgja honum armborð úr stáli.
Stærð: 320X165
Þessi sófi er núna á tilboði hjá okkur.
Verð: 199.750,-



## Romeo
Leðurtungusófi
Stærðin: 285X165
Verð: 289.000,-



Sykurpúðasófi eftir George Nelson.



Sófinn Moraine eftir hina bresk/írösku Zaha Hadid.



Lockhead Lounge er álstóll úr smiðju Marcs Newson. Eitt eintak hans var á dögunum selt fyrir 1,1 milljón punda. Stóllinn komst fyrst í fréttirnar þegar söngkonan Madonna notaði hann í tónlistarmyndbandi árið 1999 við lag sitt Rain.



Marilyn kallast þessi sófi sem alsettur er Swarovski-kristöllum.



Segulstál heitir þessi sófi og dregur heiti sitt vafalaust af löguninni.



Þessi sófi heitir Woush og er eftir Zaha Hadid. Sófinn er nærri fjögurra metra langur og mjög sérstakur í laginu.



Joe sofa eftir ítölsku hönnuðina Lomazzi, D'Urbino og De Pas var hannaður til heiðurs hornaboltamanninum Joe DiMaggio.

# Sérstæð form og fögur

**Þegar hönnuðir gefa hugmyndafluginu lausan tauminn verður útkoman oft æði skrautleg. Sófum er oft ætlað meira og göfugra hlutverk en að standa sem nytjahlutir fyrir framan sjónvarpið. Fagurkerar hafa notað þá til að veita rými vissa stemningu og skipta þá þægindin oft síður máli en útlitið. Hér má líta nokkra sófa sem vissulega eru sérstæðir þótt litlum sögum fari af notagildi þeirra.** -sg





SÓFASETT 3+2
129.900,-



**HARVEY sófasett**
Glæsilegt leðursófasett. Litur: Svartur.
Stærð á 2ja sæta: B153 x D85 x H88 sm.
Stærð á 3ja sæta: B208 x D85 x H88 sm.

TUNGUSÓFI
109.900,-

**ATLANTA tungusófi**
Flottur tungusófi með slitsterku áklæði. Sessur úr góðum kaldsvampi sem eykur þægindi. Áklæði úr 57% polyester og 43% rayon.
Litur: Dökkgrár. St. B244 x H86 x D87/146 sm.

Mikið úrval af sófum!



2JA SÆTA HÆGINDASTÓLL
69.900,-

HÆGINDASTÓLL
39.900,-

3JA SÆTA HÆGINDASÓFI
89.900,-

**NOVA hægindasófar**
Glæsilegir hægindasófar og hægindastóll með svörtu PU áklæði. Hægt að halla baki og lyfta skemli.
Stærð á stól: B90 x H103 x D95 sm. **39.900,-**
Stærð á 2ja sæta: B x H103 x D95 sm. **69.900,-**
Stærð á 3ja sæta: B207 x H103 x D95 sm. **89.900,-**



**PALMERA hornsvefnsófi**
Flottur, gráleitur hornsvefnsófi. Áklæðið er úr akrýlblöndu sem afar auðvelt er að þrífa og lítið sést á. Svefnsófi með innbyggðri rúmfatageymslu.
Stærð: B247 x 186 x H86 x D86 sm.
Stærð í svefnstöðu: B117 x L195 sm.



HORNSVEFNSÓFI
189.900,-

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rfl.is




Dalí hugsaði sér sófann upphaflega í bleiku en hann er nú fáanlegur í fleiri litum.

# Kúrt í kyssilegum vörum

Dalilips heitir þessi skemmtilegi sófi úr smiðju spænska listmálarans Salvadors Dalí.

Listamaðurinn hannaði sófann í samvinnu við Oscar Tusquets árið 1972, fyrir hið svokallað Mae West hebergi á Dalí-safninu í Figueres á Spáni.

Meira en þrír áratugir liðu þar til hafist var handa að framleiða sófann fyrir almennan markað og fæst hann nú í nokkrum útgáfum: í þeim bleika lit sem þeir Dalí og Tusquets hugsuðu sér hann upphaflega og svo rauðum, svörtum og hvítum að auki.

Sjá heimasíðu Bd Barcelona design, www.bdbarcelona.com/.


Slökunarstólar
í miklu úrvali

Vandaður slökunarstóll
Með leðuráklæði og skemmli.
Litir: Beige, brúnt, svart og rauðbrúnt.

NÝKOMIN SENDING

● Tilboðsverð
kr. 119.000.-



Val húsgögn
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375
Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16
www.valhusgogn.is



Le Divan Rouge kallast þetta málverk, en þessi tegund af legubekk hefur verið vinsælt viðfangsefni meðal málara.

# Á rætur að rekja til Tyrkjaveldis til forna

Dívan er hvílubekkur eða legubekkur með upphækkuðu höfðalagi sem á rætur að rekja til hins forna Tyrkjaveldis. Heitið er tilkomið vegna þess að í Austurlöndum var þessi legubekkur algengur í herbergjum með hægindi í dómsölum sem kölluðust dívan á persnesku.

Dívan varð síðan vinsæll sem hálfgerður sófi í Englandi upp úr 18. öld og sem slíkur náði hann útbreiddum vinsældum um Evrópu fram eftir öldinni.

Sérstaklega varð dívaninn síðar eftirsóttur í Evrópu um miðja 19. öld. Hann varð þá gjarnan stofustáss í glæsiherbergjum kvenna og eins algengur á kaffihúsum þess tíma.

**HAYON HANNAR** Þessi hægindastóll er úr smiðju spænska hönnuðarins Jamie Hayon. Hann var á sínum tíma ráðinn til að innrétta á nýjan leik verslunarhúsnæði Camper Together í Barcelona til að gera það enn glæsilegra. Í þeim tilgangi hannaði Hayon meðal annars inn í búðina útskorin borð, lampa og fleiri húsgögn, þar á meðal stólinn, þar sem rauði liturinn var allsráðandi. Nánari upplýsingar á www.hayonstudio.com.





Carolyn Linda Jeans, svæðisstjóri sófadeildar ILVA, segir tungusófana svonefndu hafa notið mestra vinsælda á því eina ári sem verslunin hefur starfað á Korputorgi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rúmgóðir og notalegir sófar eru vinsælastir

**Verslunin ILVA á Korputorgi kappkostar að hafa nýjungar á boðstólum og býður meðal annars viðskiptavinum að sníða sína eigin sófa. Tungusófarnir njóta mikilla vinsælda.**

„Rúmgóðir og notalegir sófar eru einna vinsælastir hjá okkur. Það virðast allir vera æstir í að geta kúrt uppi í sófa, helst með allri fjölskyldunni, og haft það notalegt,“ segir Carolyn Linda Jeans, svæðisstjóri sófa-, svefnherbergis- og borðstofudeildar hjá húsgagna- og gjafavöruversluninni ILVA á Korputorgi.

Að sögn Carolyn njóta sófar frá vörumerkinu Kingston einna mestra vinsælda í versluninni. „Þessir sófar eru mjög þægilegir og einnig bjóðum við upp á hægindastóla frá sama merki. Hinir svonefndu tungusófar eru afar vinsælir og hafa selst mjög vel á þessu eina ári sem verslunin hefur verið starfandi. Tungusófarnir seljast líka eins og heitar lummur um Norðurlöndin öll.“

Carolyn segir leðursófa einnig njóta mikilla vinsælda. „En þá erum við komin út í dýrari gerðir. Við kappkostum raunar að hafa margar tegundir af sófum á boðstólum. Við leggjum mikið upp úr skemmtilegri hönnun, þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.“

ILVA var opnuð á Korputorgi hinn 4. október 2008. Auk sófa í flestum stærðum og gerðum býður verslunin upp á mikið úrval annarra húsgagna og gjafavöru á verði sem kemur skemmtilega á óvart. Í vefverslun ILVA býðst viðskiptavinum að versla allan sólarhringinn og fá svo vöruna senda heim, hvort sem þeir eru á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.

Útstillingarhönnuður ILVA veitir ókeypis ráðgjöf við val á húsgögnum og húsbúnaði. Hann getur einnig komið heim til viðskiptavina, sé þess óskað.

ILVA leggur einnig mikið upp úr nýjungum. Liður í því er að bjóða viðskiptavinum að sníða sína eigin sófa. „Við erum með um þrjú hundruð mismunandi efni á valda sófa, leður og tauáklæði, og einnig gott úrval af fótum. Þessi leið er kjörin fyrir þá sem vilja vanda valið og sníða sófa eftir eigin höfði,“ segir Carolyn.

ILVA



Amara
Sófi. Slitsterkt röndótt áklæði, Vanity Stripe.
42% pólýester, 48% viskos. Armar með 5 hæðastillingum.

| | L | D | |
|---|---|---|---|
| 3ja sæta | 282 cm | 95 cm | 179.900,- |



Kingston
Sófalína. Slitsterkt áklæði. 50% pólýester,
44% akrýl og 6% ull. Svampur m/trefjafyllingu í sessum.

| | L. | D. | |
|---|---|---|---|
| 2½ sæta m/legubekk. | 271 cm. | 161 cm. | 279.900,- |
| 3ja sæta. | 232 cm. | 113 cm. | 249.900,- |
| 2½ sæta. | 198 cm. | 113 cm. | 199.900,- |
| Hægindastóll | 136 cm. | 113 cm. | 149.900,- |
| Skemill | 94 cm. | 73 cm. | 59.900,- |



Burdiso
Sófi m/hægri legubekk. Semianilin leður. Svampur í sessum, dúnn í efsta lagi á sessum og baki. Stillanlegir hnakkpúðar. Hægt að fá sófann með vinstri legubekk. Einnig til hvítur.

| | L | D | |
|---|---|---|---|
| 2½ sæta | 310 cm | 165 cm | 489.900,- |



Barnmargar fjölskyldur ættu að huga vel að efni og lit á sófanum sem valinn er á heimilið. Dekkri sófar eru til að mynda oft hentugri.

# Verndið leðrið fyrir sólinni

Barnafjölskyldur og gæludýraeigendur þurfa yfirleitt að eyða meira púðri í að þrífa sófann sinn.

Margar barnafjölskyldur velja leðursófa sem auðvelt er að þrífa og sófa með áklæði sem hægt er að taka af og setja í þvottavélina. Þá er ágætt að muna að þótt hægt sé að taka áklæðið af má ekki alltaf setja það í þvottavélina, oft verður að fara með það í hreinsun.

Hvað umhirðu leðursófa varðar er gott að hafa í huga að láta ekki sól skína beint á sófann meirihluta dags þar sem hætt er við að leðrið upplitist. Einnig er gott að þurrka létt af því öðru hvoru með rökum klút og fyrir vandlega hreinsun er ryksugan góð til síns brúks.

Hvað tausófa varðar, sem fá í sig vonda bletti, má benda fólki á að oft er hægt að leigja hreinsivél fyrir sófa í efnalaugum. Vélin bleytir þá sófann og þurrkar hann aftur. Á minni bletti fæst oft alls konar blettaeyðir í stórmörkuðum ætlaðir fyrir sófa. *-jma*



Hliðarborð og lampi verða eitt.

# Nauðsynjar við höndina

Hvað þarf helst að hafa við höndina þegar búið er að koma sér fyrir uppi í sófa með góða bók? Einkum þrennt: Teppi, leslampa og borð.

Á www.styleestate.com er að finna skemmtilega lausn sem felur í sér bæði hliðarborð og lampa. Lampinn gefur góða birtu yfir öxlina og borðið passar akkúrat fyrir kaffibollann og kexið. Fyrir vikið er hægt að upplifa hina fullkomnu næðisstund án þess að hreyfa sig að ráði en til þess eru sófar einmitt gerðir. *-ve*

# Hlýjar og mjúkar mottur undir kaldar iljarnar

Þungar og munstraðar gólfmottur á stofugólf hafa í seinni tíð vikið fyrir kókosteppum, kálfskinni eða berum fjölum. Þó að fyrrnefnd atriði séu óneitanlega smart eiga þau lítið skylt við notalegheit.

Hvað sem öllum tískustraumum líður er fátt notalegra en að tipla um á hnausþykku teppi og sem betur fer er víða að finna fallegar lausnir sem passa jafnvel við allra fínustu sófasett.

Einlitt teppi eins og sjá má á meðfylgjandi mynd myndi sóma sér vel í stílhreinu umhverfi og er langt frá því að vera lummó. *-ve*



Fátt er notalegra en að tipla um á hnausþykku teppi.




# ;ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI

*Bílamarkaðurinn*
Smiðjuvegi 46E
v/Reykjanesbraut.
Kopavogi, sími
567-1800
Löggild bílasala



Triumph Scrambler, Verð 1.550.000 kr. Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46, 200 Kópavogi. s. 567-1800 www.bbv.is

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



LAND ROVER DISCOVERY SERIES II S. 7 MANNA, MIKIÐ ÚTBÚIN BÍLL Í TOPPSTANDI.. Árg. 2003, ekinn 108 þ.km, Sjálfskiptur. Verð 3.4 millj .... Rnr.128496.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**




RENAULT MEGANE SPORT TOURER Árgerð 2005. Ekinn 77 þ.km Verð kr. 1.490.000.

**Höfðahöllin**
**Norðurhella 8, 221 Hafnafjörður**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

## Bílar til sölu



M. Benz 300ce 124-Línan '89 til sölu. V. 390 þús. Selst á 250 þús. Þarf lagfæringar. Þetta er 3,0 L lína 6vél keyrður 310.000 km. Grár að lit er sjálfskiptur. Sími 844 1247.



Playmouth Breese '99 ek. 130þ. Mikið endurnýjaður. V. 250þ. S. 661 1836.



BMW X5 11/2006 3,0 SJÁLFSKIPTUR ,GRÁSANSERAÐUR, EKINN 60000 KM., LEÐUR , EINN EIGANDI. VEL MEÐ FARINN BÍLL. VERÐ 5,4 MILLJ. SKIPTI HUGSANLEG Á ÓDÝRARI. UPPL. Í SÍMA 8958956 OG 8941441




**Viltu skipta, kaupa eða selja ?**
Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins og stórlækkaðan sölukostnað. Kynntur þér málið Netbilar.is Hlíðasmára 2 s: 588-5300



M. Benz ML 500 árg. '05 ek. 145 þús. V. 4,9 millj. Ekkert áhvílandi. S. 898 3693.

Til sölu 2.Citroen Berlingo'07 eknir 32.þús.Gráir að lit. fást með yfirtöku á láni 1.milljón. afb. 35.þús á mán. uppl.824 1450 Stefán

Toyota Corolla 1300 sjálfsk. '94. Ekinn 194þús. Verð 160þús. Renault Omega '97. Ekinn 195þús. Verð 70þús. Biluð sjálfsk. en ökufær. Báðir skoðaðir '10. S. 862 2781.

## 250-499 þús.

250-300 ÞÚS. STAÐGREITT. Óska eftir vel meðförnum bíl fyrir 250-300 þús. staðgreitt. Sendið uppl. á arnart@gmail.com eða 840 0354.

## Bílar óskast

**VANTAR BÍL FYRIR ALLT AÐ 200 ÞÚS!**
Óska eftir bíl fyrir allt að 200 þús! Smábíl fólksbíl eða jeppling, má þarfnast smá lagfæringar. S.691 9374.

**Polo eða Golf óskast !**
á 200-350þ. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 821 2545

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

Óska eftir að kaupa bíll á verðbilinu 20- 200 þús. Sími 615 1810.

## Jeppar




**Fjölskyldubíll - CHRYSLER TOWN & COUNTRY LTD**
Leðuráklæði, DVD spilari, Rafdrifin sæti, Aksturstölva, Dráttarkúla, Fjarstýrðar samlæsingar, Geislaspilari, ofl. Ofl. Verð: 200 þús. + yfirtaka á 1800 þús. láni / 50 þús. afborgun á mánuði.S. 698-6987.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Mótorhjól




**Haustútsala á vespum í stuttan tíma!**
50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**



Til sölu götuskráð KTM300 EXC árgerð 2006. Geggjað Enduro hjól, létt og skemmtilegt og í toppstandi. Ekið.100 tíma Verð.560.000,- S.896 1312.



Til sölu götuskráð KTM EXC 250F. Árg. 2007 Ekið. 54 tíma Hjól í topp standi. Verð. 790.000,- S.896 1312.



Til sölu götuskráð Yamaha WR 450. Árg. 2006. Ekið 3000 km. Glæsilegt hjól í toppstandi, nýyfirfarið og á góðum dekkjum. Verð.640.000,- S.896 1312.

## Fjórhjól

Til sölu er Polaris sportsman 800 árg.08. Blátt með nánast öllu Verð 1990þús. lán 1100þús. nánari uppl.8600024

## Fellihýsi

Hef nokkur pláss laus fyrir fellihýsi,tjaldvagna og fleira. Upphitað og loftað löng reynsla með blessunarlega tjónalaust orðspor S: 897 1731.

## Hjólbarðar

Ódýr dekk ! Nelgd vetrardekk 175/65/14, 185/65/14, 185/70/14 Kr. 5.000 stk. Til sölu á Smiðjuvegi 1, Átak, sími 5445005

## Vinnuvélar

KRAFTVÉLAR

Höfum til sölu úrval notaðra tækja. Kíktu á www.kraftvelar.is




Skotbómulyfari óskast, vantar ódýra Skotbómulyftara, má þarfnast lagfæringar uppl. í s. 894 3000

## Varahlutir




Kaupum og sækjum bilaða bíla. Hafðu samband í síma 5676700 (varahlutaverslun). Vakabílar.is

**Þú finnur allar helstu bílapartasölur landsins á www.partasolur.is**

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Volvo 850 Varahlutir. Er að rífa Volvo 850 '92 sedan. Mikið af góðum hlutum, innrétting eins og ný. Uppl. 868 7008.

**www.netpartar.is**
**Bílapartasala**
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

**Partabílar 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Karvan '97 og Nissan Primera '99. Kaupum bíla í niðurrif.

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatcback '96, Escord '98. Accent árg. '95. Impreza árg. '99. Almera '98. Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Hyundai Elantra Wagon '97. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

Er að rífa Musso 96-04.Musso Sport 04.Isuzu Trooper 99.Landrover Discovery 98.Lanos 00-02.Nubira 02.Galloper 00.Cherokee 94.Ford 250 04.Toy Double Cap 94.Korando 98. Kia Sportage 97.Opel Astar 97.Kaupum bíla til niðurrifs.Musso varahlutir Kaplahrauni 9.S.864 0984

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

**Teppahreinsun**
Tek af mér teppahreinsun fyrir húsfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Upplýsingar í s. 892 9499

## Garðyrkja

**Trjáfellingar!**
Runnaklippingar, trjáklippingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.




**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**

**Trjáklippingar / fellingar / sláttur**
Öll almenn garðaþjónusta. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

## Bókhald

Bókhald, laun, vsk-uppgjör o.fl. Viðurkenndur bókari, vönduð vinna. S. 863 3864 og 821 0210.

Bókhald, uppgjör, framtöl. Mjög öflugur bókhalds- og uppgjörs aðili getur bætt við sig verkefnum. s. 772 55 33 info@betrabokhald.com

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarar geta bætt við sig verkefnum, uppl. s. 891 9890**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðaflutningar og allir alm. flutningar. Meðalstór og stór bíll. S. 661 1977 www.toppflutningar.is

## Húsaviðhald

**VIÐHALD**
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

**Steinsteypusögun – Kjarnaborun Múrbrot - Niðurrif**
**B.B Steinsögun**
Bbsteinsogun@simnet.is
Gsm: 896 7579

**Fagþjónusta - Allt á einum stað**
**Getum bætt við okkur í flísalögn, múrverki, pípulögn, glerísetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

## Til sölu





**Láttu ekki veturinn koma þér á óvart!**
**Er rafgeymirinn í lagi?**
Láttu sérfræðinga okkar skipta um rafgeymi fyrir veturinn. Eigum rafgeyma í nær allar gerðir bíla.
**Renndu við, þú færð góðar móttökur alla virka daga frá kl. 8 til 18.**
N1 HJÓLBARÐA- OG SMURÞJÓNUSTA SÍMI 440 1000
Meira í leiðinni

# HEILSA

## Heilsuvörur






Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Þjónusta

**Er andlega orkan á þrotum?**
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Lausir tímar. Guðrún 695 5480.

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**J. B. HEILSULIND Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur, Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Sérsmíðum kojur eftir óskum kaupanda. Upplýsingar í s. 863 2227 og 897 2225 Gólfþjónusta Ísland ehf.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Dýrahald



**Miniature Pinscher**
Til sölu rauður rakki á 150.000kr og rauð tík á 170.000kr. HRFÍ ættbók, heilsufarstrygging í eitt ár. Foreldrar innfluttir frá exigors.se í Svíþjóð. Aðeins góð heimili koma til greina. Upplýsingar í síma 861 2333.

Hreinræktaðir Labrador hvolpar til sölu. Tilb. til afhendingar. V. 60þús. Upp. í s. 694 8861.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.



**WINSOR HILLS ORLANDO**
Til leigu 5 og 6 herbergja hús, á þessum frábæra stað rétt hjá Disney. Húsin er með einkasundlaug og búin öllum þægindum. Hagstætt verð og góður afsláttur á frábæran gólfvöll. Íslensk þjónusta á staðnum. Uppl. s: 898 6224 og 499 0755

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

**Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, Ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós. fylgist með á www.heimahagar.is Upplýsingar í síma 772 7553.**

Til leigu 4 berb. íbúð á góðum stað í Hf. Sanngjörn leiga. Nánari uppl. í síma 849 9952.

Frábært 70 fm íbúð á jarðhæð, hverfi 105. Allt sér. Er laus. S. 820 5698

Stúdíóíbúðir og herbergi. til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Uppl í s. 899 7004

Laus strax í 101. Uppgerð 3. herb. 74 fm kjallaraíb. að Seljavegi . Ísskápur , örbylgja og eldhúsborð og stólar fylgja. Afhendist strax á leigu í okt. gegn því að verða máluð. Leiga 100 þ . Upplýsingar í 697 9300 eða 693 1751.

Björt og falleg 2 herbergja íbúð í fjölbýlishúsi. á Flyðrugranda. Íbúðin er nýuppgerð með parketi og rúmgóðum svölum. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni og sér geymsla í kjallara. Stutt í skóla og þjónustu. Upplýsingar í 899-6962.

Íbúð til leigu í Hamrahlíð, björt og rúmgóð á efstu hæð í góðu þríbýli. 96 fm. v. 130þ. Laus strax. Uppl. í S: 821 3790.

Björt og snyrtileg 65fm íbúð með sér inng. ,í hverfi 112,Rvík. Leiga 100þ m.hita/rafm vatnstr.uppl.í s. 659 6118.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Einstaklingsíbúðir/ herbergi til leigu í hverfi 101. Uppl. í s. 661 1247 og 694 6396 á milli kl: 17-21 alla virka daga.

## Húsnæði óskast

**Óska eftir fallegri 3ja herbergja íbúð.**
Mig vantar 3 herbergja íbúð, ég er með hund. Öruggar greiðslur. Peningar eða bankatrygging. Uppl. í s. 897 1857 Álfheiður

Óska eftir lítill íbúð fyrir einstakling miðsv. í Rvk. 104/ 101. S. 618 2970.

## Atvinnuhúsnæði



**Vöruhús-Keflavíkurflugvelli-til sölu**
Til sölu á frábæru verði þetta 1000 fm vöruhús á Kef.flugvelli. Innkeyrsludyr. Góð lofthæð. Stór ca. 7.200 fm lóð. Til afh. fljótlega. Getur hentað undir lager, iðnað og aðra atv.starfsemi. Mjög gott verð. Upplýs. S: 823-2610.

## Geymsluhúsnæði




**Geymsluhús.is**
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl. í síma 770-5144.

**Geymslupláss**
Upphitað á höfuðborgarsvæðinu. Pláss til 1. maí fyrir hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagna eða annað. Verð 5000kr. á m2. Uppl. í s. 862 4685 / 893 9777.

**Geymsluþjónusta**
Geymi tjaldvagna, fellihýsi, mótorhjól. Staðsetning Breiðholt. S. 892 4424.

**Geymsluhús.is**
Tjaldvagnageymsla 770-5144

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymsluhúsnæði**
Upphitað í 250 Garði. Tjaldvagnar 23 þús., fellihýsi 33 þús. Óli Páls S: 865 1166.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

## Þjónustuauglýsingar



FRÁBÆRU AÐHALDS HALDARARNIR SEM LÆKNAR MÆLA MEÐ FYRIR BAK OG HERÐAR VERÐ 6.990,-
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS



Lífstykkjabúðin
Laugavegi 82 s: 551 4473
Við vorum að fá nýja sendingu af ullar og silki nærfatnaði.
*Hlýtt og gott fyrir veturinn.*

VIÐHALD fasteignaviðgerðir
**Við önnumst m.a.:**
- múrviðgerðir
- þakviðgerðir
- málningarvinnu
- trésmíðavinnu
- pípulagnir
- raflagnir
- flísalagnir.

**Allt viðhald ehf. annast viðhaldog viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.**
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. kristjan@vidhald.is




**DÚNDURTILBOÐ !!!!!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900.- Trommusett kr. 79.900.- með öllu.
**Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is**

**Bílaþjónustan Bílaði Bíllinn**
Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavík
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562
Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.
Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA

Motor sport
**ÞJÓFAVARNIRNAR KOMNAR AFTUR!**



nú einning með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.-
**Mótorsport ehf Síðumúla 34, 108 Rvk. S. 567 1040**

TOYOTA SELFOSSI
**Erum með sölu á eftirfarandi**
**Toyota Hiace árg 1990-1996 , hilux árg 1985-2000, corolla 1990-1998**
Hafðu samband í síma 4808000 TOYOTA SELFOSSI eða á www.toyotaselfossi.is

Stendur þú í framkvæmdum?
Múrverk - flísalögn - trésmíði - pípulögn - raflögn - málun o.fl.
Alhliða byggingaþjónusta á einum stað.
Fagmennska og sérhæfing í fyrirrúmi
Strúctor
S: 824 0150 / 824 0160




567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS
BÍLAHÖLLIN
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
**Vantar bíla á staðinn,innisalur og stórt útisvæði. Áratuga reynsla.**
**www.nyja.is**

**www.tomstundahusid.is**



Landslags módelefni í miklu úrvali.
Tómstundahúsið, Nethyl 2, s. 587-0600
Tómstundahúsið

***ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS ALLA FIMMTUDAGA.***

***HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUMANN Í S. 512 5407***

## Fasteignir


EIGNAMIÐLUN Reykjavík

Frá 1957

Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali



Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

# Skólastræti 1
## - Íbúðarhótel





Vorum að fá í einkasölu fullbúið 285,9 fm íbúðarhótel með öllum húsbúnaði auk þess fylgir lélegt 197,5 fm bakhús og 770 fm bygginagrréttur skv. deiliskipulagi. Bílastæði á lóð fylgja eigninni. Húsið skiptist í fimm íbúðir og óklárað rými í kjallara ásamt geymslu og þvottaaðstöðu. Íbúðir á 1. hæð eru tvær stúdíó íbúðir báðar 39,2 fm. Á 2. hæð eru tvær stúdío íbúðir báðar 39,2 fm. Á 3. hæð er 78,4 fm 3ja herbergja penthouse íbúð. Möguleiki á sjöttu íbúðinni. V. 105 m. 5108

# Bankastræti
## - vönduð íbúð





Um er að ræða 120 fm íbúð sem sem er búið að skipta upp í tvær einingar. Íbúðin er ca. 80 fm og við hlið hennar er vinnustofa sem mætti breyta í íbúð. Íbúðin skiptist í stóra stofu (auðveld væri að stúka herbergi af stofu) samliggjandi eldhús, svefnherbergi og baðherbergi. V. 28,5 m. 5109


## Til sölu


# Listamannalaun 2010

Umsóknarfrestur listamannalauna rennur út mánudaginn 19. október kl.24.00.

Eyðublöðum skal skila rafrænt, hægt er að nálgast þau á vef listamannalauna: **www.listamannalaun.is.**

Fylgigögnum með umsókn sem ekki er hægt að skila rafrænt skal skila á skrifstofu Stjórnar listamannalauna, Hallveigarstöðum, Túngötu 14, 101 Reykjavík. Fyrir kl. 17:00 mánudaginn 19. október

***Stjórn listamannalauna***



Listasumar AKUREYRI

## UMSÓKN UM ÞÁTTTÖKU Á LISTASUMRI Á AKUREYRI 2010

Menningarmiðstöðin í Listagili á Akureyri auglýsir eftir umsóknum um þátttöku í Listasumri á Akureyri 2010.

Listasumar stendur yfir frá Jónsmessu í júní til Akureyrarvöku í lok ágúst. Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér skilmála fyrir þátttakendur á vefsíðu Menningarmiðstöðvarinnar í Listagili www.listagil.akureyri.is.

Umsóknarfrestur er til 15. desember 2009.

Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á vefsíðu Menningarmiðstöðvarinnar í Listagili **www.listagil.akureyri.is**

Nánari upplýsingar á skrifstofu Menningarmiðstöðvarinnar í Listagili í síma 466-2609 eða í netpósti listagil@listagil.is og/eða ketilhusid@listagil.is

Umsóknir og fylgigögn skulu send á neðanskráð póstfang, póststimplað fyrir 15. desember 2009:

Menningarmiðstöðin í Listagili
Ketilhúsið
Pósthólf 115
602 Akureyri


# ATVINNA

## Atvinna í boði


HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

**Kornið Bakarí Óskar eftir að ráða metnaðarfullan og ábyrgan starfskraft í almenn skrifstofustörf.**
**Um er að ræða hlutastarf, vinnutími eftir hádegi.**
**Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi þekkingu og starfsreynslu á DK viðskiptahugbúnaði. Starfið felllst í innheimtu,reikningagerð,launaútreikningi ásamt öðrum tilfallandi skrifstofu störfum.**
**Umsóknir ásamt upplýsingum sendist á skrifstofa@kornid.is**


**Veitingahús í Kópavogi**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 894 0292.**

Pósthúsið

Pósthúsið er dreifingarfyrirtæki á landsvísu. Vegna aukinna verkefna leitum við eftir aðilum í dreifingarverkefni í Reykjanesbæ, Vogum, Grindavík, Sandgerði og Garði, einn til tvo daga í viku. Áhugasamir hafa samband við Siggu Birtu í s.585-8330 eða í gegnum tölvupóst siggabirta@posthusid.is



Tapasbarinn Vegna mikilla anna erum við að leita af öflugu og skemmtilegu starfsfólki í sal og eldhús. Kvöld og helgarvinna. Einungis fólk sem talar íslensku kemur til greina. Upplýsingar í síma : 551-2344 og tapas@tapas.is

Manneskja, vön símasölu, óskast til starfa. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Uppl. í s 897 0023

Snyrti-, nudd-, nagla- og fótaaðgerðafræðingar/meistarar óskast til starfa. Frekari upplýsingar í síma: 6601792 eða thorunn@mizu.is

### Hellulagnir
Vantar vana hellulagningamenn í tímabundna vinnu uppl. í s. 617 3705.

### Yndislegar símadömur ó
Rauða Torgið leitar samstarfs við djarfar og skemmtilegar símadömur. Góðir tekjumöguleikar fyrir duglegar. Frjáls vinnutími. Aldur 25+. Nánar á www.RaudaTorgid.is.

Óska eftir að ráða vana saumakonu á sumastofu. Uppl. í s. 865 7754.

### Aupair - Finnland
Íslensk fjölskylda á sænsku mælandi svæði í nágrenni Helsinki auglýsir eftir Aupair á aldrinum 18-26 ára til léttari heimilsstarfa og barnagæslu frá 10.jan 2010. Umsóknir merktar „Aupair-Finnland" berist í afgreiðslu Fréttablaðsins fyrir 20.okt.

## Atvinna óskast

43 ára kona sem er alvön sölu/afgreiðslu og verslunarstörfum vantar vinnu. Get byrjað strax. S: 8664425

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Nytjamarkaður til styrktar ABC barnahjálp og kærleikans, Skútuvogi 11a**
**Til sölu bæði nýtt og notað, t.d föt, húsgögn og fleira. Föt 50 kr - 1200.- Einnig gefins föt. Húsgögn frá 200-15þ. Tökum á móti öllum hluti. Opið virka daga frá 12-18. S. 520 5500.**

## Einkamál

**Símadömur. 908 66666 & 908 2000.**

**Hringdu þegar þér hentar,engin bið!! Opið allan sólahringinn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Kona á besta aldri vill kynnast karlmanni með tilbreytingu og ævintýri í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8197.

Kona með yndislega rödd leitar kynna við karlmann með notalegar stundir í huga. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8658.

Góð kona vill kynnast hressum og heiðarlegum manni, 60-70 ára. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatortg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8950.

Sjóðheit upptaka ungar konu sem af einstakri innlifun deilir með þér sínum dýpstu tilfinningum. Upptakan er hjá Sögum Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), uppt.nr. 8319.

## Atvinna


# Líflegur, framandi, spennandi, ögrandi,

ef þú finnur að einhvað af þessu eigi við þig þá ert þú manneskjan sem við leitum að.

Græni Risinn er nýr heilsuréttastaður með ferskleikann að leiðarljósi, okkur vantar rétta fólkið með okkur og leitum að fólki í eftirfarandi stöðugildi, þjónustu í sal, afgreiðslu, bökubakstur og matreiðslu.

Reynsla er ekki skilyrði en hjálpar auðvitað til, ef þú er áhugasamur og hress persóna þá skiptir það meira máli en reynslan, allur aldur og þjóðerni velkomin.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást á staðnum frá kl. 09:00 - 15:00.

GRÆNI RISINN
HEILSUSETUR
ÖGURHVARFI 2, 203 KÓPAVOGUR, SÍMI 533 6300



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## Fasteignir




Eignatorg Sími 510 3500

**Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.**
**Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali**

**Eignatorg kynnir:** Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 90 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli í Árbænum, 110 Reykjavík. Nánari lýsing: Komið er inn í forstofuhol með parketi á gólfi og forstofuskápum. Endurnýjað eldhús með náttúruu flísum á gólfi, fallegri, hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Svefnherbergisgangur með parketi á gólfi. Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi, flísum á veggjum, baðkari, innréttingu, glugga og tengi fyrir þvottavél. Herbergi með nýlegu plastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með nýlegu plastparketi á gólfi og eldri skápum. Stofa með parketi á gólfi, gluggum til vesturs og hurð út á vestursvalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús.

**Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is**









Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
259
BÓNUS APRÍKÓSUR 250g
259 kr.
259
BÓNUS RÚSÍNUR 500g
259 kr.
259
BÓNUS VÖFFLUMIX 500g
259 kr.
198
E.S ÞEYTRJÓMI 250 ml
198 kr.
25%
AFSLÁTTUR
OS HEIMILISOSTUR NÚ MEÐ 25% AFSLÆTTI
890 kr.kg.
129
BÓNUS SÓLKJARNABRAUÐ
7 SNEIÐAR 129 kr.
BÓNUS BRAUÐ RÚGKJARNA
7 SNEIÐAR 129 kr
398
HAIR ACADEMI SJAMPÓ OG NÆRING
400ml 398 kr.
259
JOHNSON BARNA-SJAMPÓ
300ml 259 kr.
129
BÓNUS WC HREINSIR
750 ml 129 kr.
189
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G
189 kr.
259
EXOTIC SWEET CHILLISÓSA
725ML 259 kr.
298
CIF HREINSIKLÚTAR 60 STK
LEMMON 298 kr.
259
MYLLU MÖNDLUKAKA 420G 259 kr.
398
KELLOGG K-BAR ORGINAL
6 PK 398 kr.
139
E.S TÚNFISKUR 185g
VATNI EÐA OLÍU 139 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓ
ÍSLANDSFUGL FROSNIR KJÚKLINGABITAR
KJÚKLINGALÆRI 478 kr.kg.
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
KJÚLINGALEGGIR 478 kr.kg.
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR
BLANDAÐIR BITAR 449 kr.kg.
MERKT VERÐ 598 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI
398
K.F NÝTT KJÖTFARS 398 kr.kg.
1049
BÓNUS BACON
MERKT VERÐ 1398 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR
1049 kr.kg.
1189
K.S FERSK LAMBALÆRI
HAUSTSLÁTRUN 2009 1189 kr.kg.
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1598
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1598 kr.kg.
Grísapurusteik
KJARNAFÆÐI
1359
K.F LAMBAKÓTILETTUR Í RASPI
1698 KR.KG. MERKT VERÐ 20% AFSLÁTTUR 1359 kr.kg.
1298
ÍSLANDSGRÍS PURSTEIK / ÚRBEINAÐ GRÍSALÆRI
TILBÚIÐ Í OFNINN 1298 kr.kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

# Opið bréf til heilbrigðisráðherra

**UMRÆÐAN**
Ragnhildur Jóhannsdóttir skrifar um lokun St. Jósefsspítala


RAGNHILDUR JÓHANNSDÓTTIR

Mikið hefur verið fundað í Heilbrigðisráðuneytinu um starfsemi Kragasjúkrahúsanna frá því haustið 2008. Til að gera langa sögu stutta ákvað nefnd á vegum Guðlaugs Þ. Þórðarsonar fyrrum heilbrigðisráðherra að loka skurðdeild St. Jósefsspítala Hafnarfirði, flytja átti hluta starfseminnar til Keflavíkur. Mikil mótmæli urðu við þeirri ákvörðun. Í febrúar 2009 var haldinn fjölmennur fundur í Hafnarfirði þar sem margir tóku til máls, og varst þú ein af mörgum sem mótmæltu þessari ákvörðun.

Ögmundur Jónasson tók við sem heilbrigðisráðherra og ný von vaknaði. Ekkert gerðist nema skýr skilaboð um niðurskurð sem tekið var alvarlega af stjórn spítalans. Allir starfsmenn voru mjög meðvitaðir og tóku þátt í þeim niðurskurði. Þegar leið á sumarið var 12 skurðlæknum sagt upp aðstöðu á skurðdeildinni. Starfsemin minnkaði og líkja má ástandinu við hægt andlát.

Á haustmánuðum voru loksins kallaðir fagaðilar frá Kragasjúkrahúsunum til ráðgjafar á vinnufund í heilbrigðisráðuneytinu, undir stjórn Huldu Gunnlaugsdóttur, forstjóra Landspítala - Háskólasjúkrahúss. Þar var okkur ætlað að koma með tillögur og ræða hlutverk Kragasjúkrahúsanna og samvinnu þeirra við LHÍ.

En annað sýndi sig, ákveðið hafði verið að loka skurðdeild St. Jósefsspítala um næstu áramót. Engar tillögur eða sérálit voru leyfðar á þessum vinnufundi, einungis að finna leið til að loka.

Það þarf vart að nefna hvaða áhrif þetta hefur haft á starfsfólk spítalans og skjólstæðinga okkar. Öll starfsemi er í uppnámi.

Ef af þessari lokun verður er það aðför að heilbrigði kvenna. Hjá okkur er mikil starfsemi í kvenlækningum ásamt öðrum sérgreinum. Í þessu bréfi viljum við leggja sérstaka áherslu á kvenlækningar. Til okkar koma meðal annars konur með ýmis vandamál í grindarbotni t.d. vegna þvagleka, legsigs og endaþarmssigs. Mikil fagleg þekking og áratuga reynsla fer forgörðum ef þessari starfsemi verður hætt. Hvað er dýrmætast í öllum fyrirtækjum? Þekkingin og reynslan.

Það er nokkuð ljóst að einungis hluti af þessum aðgerðum sem framkvæmdar eru á St. Jósefsspítala verður framkvæmdur á Lands spítala. LHÍ á að þjóna sínu hlutverki sem hátæknisjúkrahús fyrir alla landsmenn. Þá faglegu þekkingu sem til er á Kragasjúkrahúsunum á að nýta til að styrkja Landspítalann með því að sinna þeim skjólstæðingum sem ekki þurfa á hátækniþjónustu að halda.

Þann 10. okt. síðastliðinn átti að tilkynna endanlega ákvörðun um hlutverk Kragasjúkrahúsanna. Enn á ný er skipt um heilbrigðisráðherra, engin stefnumótun er sjáanleg og allir bíða í óvissu.

Það er merkilegt að þegar konur eru við völd, forsætisráðherra, heilbrigðisráðherra og forstjóri Landsspítala þá er vegið að heilbrigði kvenna. Er máttur Guðlaugs Þórs Þórðarsonar kannski enn ríkjandi í þessari ákvörðun/tillögu? Hver er sparnaðurinn?

Við höfum óskað eftir fundi með þér og vonumst til að fá að hitta þig áður en ákvörðun er tekin um framtíð skurðdeildar St. Jósefsspítala Hafnarfirði.

*Höfundur er deildarstjóri á St. Jósefsspítala.*

# Embættismaður í pólitík

**UMRÆÐAN**
Þorleifur Gunnlaugsson skrifar um virkjanamál


ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON

Það er ekki algengt að embættismenn eða starfsfólk opinberra fyrirtækja blandi sér í stjórnmálaumræðuna. Nú hefur stjórnarformanni Orkuveitunnar, framsóknarmanninum Guðlaugi Sverrissyni tekist að fá forstjóra Orkuveitunnar, Hjörleif Kvaran með sér í pólitískan leiðangur. Þeir félagar sendu frá sér yfirlýsingu síðastliðinn laugardag þar sem þeir segja það „ótækt að búa við það að fulltrúi ríkisstjórnarinnar leitist við að draga úr fjárhagslegum trúverðugleika þessa fyrirtækis í almannaeigu“. Tilefnið virðist vera viðtal við ráðherrann sem birtist í Fréttablaðinu þann sama dag þar sem hún lýsir þeirri staðreynd að mun stærri ljón væru í veginum fyrir Helguvíkurálveri en fárra vikna töf á línuframkvæmdum. Að Century Aluminium hafi ekki enn þá náð að fjármagna álverið og að íslensk orkufyrirtæki væru mjög skuldug og eigi jafnvel erfitt með að endurfjármagna núverandi lán, hvað þá að leggjast í frekari fjárfestingar til virkjanaframkvæmda. En orkuþörfin fyrir Helguvík er á við framleiðslu Kárahnjúkavirkjunar.

Þarna var ráðherrann ekki að upplýstra um nokkuð annað en það sem allir vita sem eitthvað fylgjast með umfjöllun fjölmiðla um orkumál. Hjörleifur Kvaran upplýsti sjálfur um þessa stöðu í Fréttablaðinu daginn áður. Staðreyndin er hinsvegar sú að evrópskir lánadrottnar Orkuveitunnar þurfa ekki að lesa Fréttablaðið til að komast að þessu og þeir gera lítið með fullyrðingar framsóknarmanna um að „Orkuveita Reykjavíkur geti staðið undir umræddum framkvæmdum og lánum þeim tengdum“. Lánadrottnarnir vilja beinharðar staðreyndir og það sem fyrst. Eiginfjárstaða Orkuveitunnar er aðeins 15% og það er fyrst og fremst vegna þess sem illa gengur að fá lán. Svandís Svavarsdóttir er einfaldlega að benda á að það vanti bæði orku og álver og fullyrðingar framsóknarmanns um að hún sé „að bregða fæti fyrir verkefni, sem tiltekið er í Stöðugleikasáttmálanum“ breyta þar engu um. En að Hjörleifur Kvaran, forstjóri orkufyrirtækis í almannaeigu, ráðinn af kjörnum fulltrúum skuli taka þátt í þeirri vegferð er vægast sagt vafasamt.

*Höfundur er borgarfulltrúi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.*


ÞINN ÁRANGUR
fyrir jólin!



NÁMSKEIÐ, AÐHALD, OG FASTIR TÍMAR: ÖRUGG LEIÐ TIL ÁRANGURS!

Nánari lýsingu á námskeiðum og því sem er innifalið er að finna á www.hreyfing.is

**Námskeið hefjast 19. október**

Hægt er að panta og ganga frá skráningu á www.hreyfing.is

SÉRHÖNNUÐ ÁRANGURSNÁMSKEIÐ FYRIR KONUR Á ÖLLUM ALDRI
Nákvæmari lýsingu á námskeiðunum finnur þú á www.hreyfing.is

**7 daga gestakort fylgir öllum Árangurs-námskeiðunum.**

**ÁRANGUR – 6 vikur, 3x í viku**
Markmið að losna við aukakíló, styrkja vöðva og ná tökum á neysluvenjum.
Kílóin fjúka á þessu uppfærða og endurbætta námskeiði sem hefur aldrei verið betra.
Nýtt efni, ný uppbygging, nýjar æfingar sem eru einfaldar, skemmtilegar og árangursríkar.

**ÁRANGUR/EXTRA – 6 vikur, 3x í viku**
Markmið að taka þjálfunina enn fastari tökum fyrir þær sem hafa stundað reglulega þjálfun síðastliðna mánuði, losna við aukakíló, styrkja vöðva og ná tökum á neysluvenjum.

**ÁRANGUR/SÍÐUSTU 5 KÍLÓIN – 6 vikur, 3x í viku**
Sérhannað fyrir þær sem vilja losa sig við þessi síðustu „föstu“ kíló. Umsjónarmenn eru Ágústa Johnson og Anna Eiríksdóttir. Sérhannað æfingakerfi – Hollywood matseðillinn.
Enn meira aðhald, nákvæmar æfingaleiðbeiningar svo þú náir topp árangri. Hvatning, fróðleikur og uppskriftir í tölvupósti frá Ágústu 5x í viku. Losaðu þig við eilífa sætindaþörf og leggðu grunn að nýju neyslumynstri sem grennir þig í eitt skipti fyrir öll.

**Innifalið í öllum Árangursnámskeiðum:**
*Lokaðir tímar*
*Ótakmarkaður aðgangur að tækjasal og opnum tímum*
*Aðgangur að glæsilegri útiaðstöðu – jarðsjávarpotti og gufuböðum*
*Hvatning, fróðleikur og uppskriftir í tölvupósti frá Ágústu 2x í viku*
*Mælingar – vigtun og fitumælingar*

*97,7% segja námskeiðið hafa uppfyllt eða farið fram úr væntingum þeirra.*
*99,5% segja að þær/þeir myndu mæla með námskeiðinu við aðra.*



Sömu verð og í fyrra

HREYFING HEILSULIND
BLUE LAGOON ICELAND geothermal spa

Álfheimar 74
Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Árni Grétar Finnsson**

hæstaréttarlögmaður, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 11. október. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 21. október kl. 15.00.

**Sigríður Oliversdóttir**
**Lovísa Árnadóttir** **Viðar Pétursson**
**Finnur Árnason** **Anna María Urbancic**
**Ingibjörg Árnadóttir** **Jónas Þór Guðmundsson**
**Sigríður Erla, Pétur, Davíð, Finnur Árni, Árni Grétar, Ebba Katrín, Oliver Páll, Viktor Pétur, Guðmundur Már, Lovísa Margrét og Stefán Árni.**



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur á Heygum Magnússon**

Bræðratungu 13,

lést að heimili sínu föstudaginn 9. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 16. október kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu Landspítalans í síma 543-1159.

**Jóhanna S. Kjartansdóttir**
**Sigrún á H. Ólafsdóttir** **Halldór Ingólfsson**
**Hrafndís Hanna Halldórsdóttir**



**SARAH FERGUSON (1959) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„Þetta var hræðilegur tími. Þeir reyndu að loka lítinn rauðhaus inni í búri.“*

***Sarah Ferguson hertogaynja af York var gift Andrési prins, næstelsta syni Elísabetar Bretadrottningar, en þau skildu 1996. Sarah var um skeið eitt algengasta viðfangsefni bresku slúðurblaðanna.***

# tímamót



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Sigríður Guðbjörnsdóttir**

Eyjabakka 12, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 10. október. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 16. október kl. 13.00.

**Steinn Gunnarsson**
**Kristbjörg Áslaugsdóttir**
**Friðbjörn Steinsson** **Halldís Hallsdóttir**
**Björgvin Steinsson** **Sigrún Anný Jónasdóttir**
**Svana Steinsdóttir** **Sigurður Guðmundsson**
**barnabörn, langömmubarn og bræður.**



†

*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Svanhvít Kristjánsdóttir**

lést laugardaginn 10. október á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund Reykjavík. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 16. október kl. 11.00. Innilegar þakkir til starfsfólks á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund.

**Þórólfur Pálsson**
**Eydís María Þórólfsdóttir**
**Dóra Kristín Þórólfsdóttir** **Sigurður Ómar Ásgrímsson**
**Inga Þórólfsdóttir** **Einar Baldvin Axelsson**
**Kristján Máni, Eva Kristín, Svanhvít Þóra, María Björk, Hildur Herdís og Axel Þór.**



**GLUGGAÐ Í GAMLA LEYNDARDÓMA** Hannes Högni, lektor við Háskólann í Reykjavík, gluggar hér í gögn langafa síns, Þorsteins Þorsteinssonar hagstofustjóra, sem lagði grunn að fjölbreyttu esperantostarfi hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ESPERANTO: 100 ÁRA KENNSLUBÓK

## ESPERANTO OPNAR DYR

„Í esperanto eru miklar menningarlegar auðlindir auk þess sem það einfaldar ferðalög um heiminn,“ segir Hannes Högni Vilhjálmsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, en hann stýrir málþingi um esperanto sem hefst í fundarsal Þjóðarbókhlöðunnar í dag klukkan 15.30. Að því loknu verður sýningin Eitt tungumál fyrir allan heiminn opnuð í anddyri safnsins og verður hún gestum þess aðgengileg í nóvember.

Tilefni málþingsins og sýningarinnar er að í ár eru hundrað ár liðin frá því að fyrsta íslenska kennslubókin í esperanto kom út. Bókina skrifaði dr. Þorsteinn Þorsteinsson, hagfræðingur og fyrsti forstöðumaður Hagstofu Íslands, og lagði hún grunn að fjölbreyttu íslensku esperantostarfi. Hannes er barnabarnabarn Þorsteins og segir hann áhuga langafa síns á málinu hafa kviknað þegar hann var á unglingsaldri og síðar hafi hann unnið af dugnaði að því að fræða fólk um gildi tungumálsins.

„Það eru nokkrir hlutir sem gera þetta mál einkar aðlaðandi,“ segir Hannes og útskýrir því næst að í samtökum esperantista sé fólk um allan heim sem bjóði annað fólk sem talar málið velkomið til að dvelja hjá sér til lengri eða skemmri tíma. „Þetta gefur því ótal möguleika til spennandi ferðalaga og dregur mikið af ungu og ævintýragjörnu fólki til sín,“ segir Hannes. Hann bendir því næst á að margir heillist af þeim jafnréttisgrundvelli sem esperanto veitir.

Þar að auki veiti esperanto fólki aðgang að svo gríðarlega miklu magni af upplýsingum um allan heim. „Ef maður gerir eitthvað á esperanto er maður sjálfkrafa kominn á alþjóðlegan markað,“ segir Hannes og bendir á að fyrr í vikunni hafi hann hlustað á ungan Ítala flytja ljóð um Esjuna. Ljóðið hafi hann svo sett á vefsíðu og þar skoði esperantistar heimsins ljóð Ítalans um íslenska fjallið Esjuna á sameiginlegu tungumáli. Alþjóðlegri geti ljóðlist vart orðið. Af þeim sökum sé auðvelt að vekja athygli á sér á þessu tungumáli og efni annarra málheima verði manni aðgengilegra. **karen@frettabladid.is**



†

*Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, mágkona og amma,*

**Sigrún Helgadóttir**

Borgarheiði 41, Hveragerði,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 8. október. Jarðsungið verður frá Hveragerðiskirkju föstudaginn 16. október kl. 14.00.

**Guðmundur Valgeir Ingvarsson**
**Lilja Guðmundsdóttir** **Símon A. Pálsson**
**Guðrún Guðmundsdóttir** **Össur E. Friðgeirsson**
**Björn Guðmundsson** **Sigríður Magnúsdóttir**
**Jóna Helgadóttir Drake** **Ken Drake**
**Árni Helgason** **Elísa Símonardóttir**
**Sigurbjörn Helgason** **Fríða S. Haraldsdóttir**
**Jón Helgason** **Þorgerður Þorvaldsdóttir**
**Eiríkur Gylfi Helgason** **Gerður Janusdóttir**
**Sigrún, Dagrún Ösp, Íris Alma, Katrín Eik, Magnús Geir og Helgi.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Hinriksdóttir** (Gígja)

Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 13. október sl. Útförin auglýst síðar.

**Gunnar Örn Hámundarson**
**Hrafnhildur Hámundardóttir** **Erlingur Þ. Jóhannsson**
**Kolbrún Hámundardóttir** **Jón Guðnason**
**og fjölskyldur.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Soffía Felixdóttir**

Þórðarsveig 1, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut, 1. október sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Felix Sigurðsson** **Svanhildur Hauksdóttir**
**Sigurður Freyr Sigurðarson** **Sóley Helga Björgvinsdóttir**
**Jón Þór Sigurðarson** **Jórunn Dóra Sigurjónsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Magnússon**

rafvirkjameistari, Skólavörðustíg 16a,

lést á Landspítalanum 3. október sl. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 16. október kl. 13.00.

**Unnur Pálsdóttir**
**Magnús Sigurðsson** **Kristín Michelsen**
**Anna Guðrún Sigurðardóttir** **Ólafur Bjarni Guðnason**
**Sigríður Sigurðardóttir**
**Halldór S. Sigurðsson** **Maria Lorena R. Tolo**
**Esther Sigurðardóttir**
**Sigurður Fjalar Sigurðarson** **Sigrún Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og ástvinur,*

**Hjalti Gestsson**

ráðunautur og fyrrverandi framkvæmdastjóri, Reynivöllum 10 Selfossi,

sem lést 6. þessa mánaðar, verður jarðsunginn frá Selfosskirkju, laugardaginn 17. október kl. 13.30.

**Margrét Hjaltadóttir** **Kristján H. Guðmundsson**
**Ólafur Hjaltason** **Steinunn Ingvarsdóttir**
**Unnur Hjaltadóttir** **Friðrik Páll Jónsson**
**Gestur Hjaltason** **Sólveig R. Kristinsdóttir**
**Ástríður H. Andersen**
**og fjölskyldur.**



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Svanhildar Guðnadóttur**

Hörgshlíð 6, Reykjavík.

**Guðrún Þ. Þórðardóttir** **Þorvaldur K. Þorsteinsson**
**Svanhildur Þorvaldsdóttir** **Þór Tryggvason**
**Margrét Á. Þorvaldsdóttir** **Georg Garðarsson**
**og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

Gildir frá 15. - 25. október



# 10 daga
## verðsprengja

# Ljós
## á fáránlegu verði

# 30%
## afsláttur

## af öllum ljósum*

* gildir ekki með öðrum tilboðum

BYKO

EXPO · www.expo.is



NOKKUR ORÐ
**Freyr Gígja Gunnarsson**

# *Lengir gráturinn lífið?*

Þýsk rannsókn sem nýlega var gerð opinber hefur sýnt fram á að konur gráta lengur en karlar. Eflaust hefur nokkrum milljónum verið eytt í að sanna þetta og heimurinn verður eflaust samur. Grátköst kvenna standa yfirleitt yfir í sex mínútur og enda oftast í ekkasogum. Slíkt gerist hins vegar ekki hjá körlum nema í sex prósent tilvika og þá hljóta þeir að vera verulega svekktir, sárir og sorgmæddir. Fram kom í þessari þýsku rannsókn að grátköst karla standa yfirleitt yfir í tvær til fjórar mínútur.

Sjálfur er ég mikill vælukjói, konan mín vill kalla mig tilfinningaveru en ég verð oft pirraður á því hversu auðvelt er að græta mig. Ég tek það hins vegar skýrt fram að ég fæ aldrei ekkasog. En rétt eins og suma kitlar þá hættir mér til að fella tár aðeins of oft. Og ég viðurkenni það fúslega að mér líður stundum eins og óttalegri kerlingu. Ef Extreme Makeover: Home Edition er í gangi þá skipti ég um stöð því þótt mér finnist þátturinn vera ömurlegur þá get ég ekki annað en hrifist af þeirri gleði sem brýst út hjá fólki þegar það sér gamla hreysið vera orðið að lúxusvillu og stundum brjótast fram lítil tár eins og hjá forsetafrúnni um árið þegar karlinn hennar datt af hestbaki.



Ég vil hins vegar ekki vera staðinn að því að gráta yfir sjónvarpinu, síst yfir þessum þætti, fussa því bara og sveia og set yfir á Stöð 2 Sport. Og horfi á póker enda getur enginn heilvita maður grátið yfir slíku sjónvarpsefni. Þá fyrst ætti hann að leita til læknis.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




POPP
Nýtt fylgirit Fréttablaðsins

Sendu okkur símamynd!



POPP er nýtt fylgirit Fréttablaðsins og kemur út mánaðarlega.

Við viljum að þið sendið okkur klikkuðustu símamyndirnar ykkar.

Bestu myndirnar birtast í næsta tölublaði og höfundur bestu myndarinnar fær *tvo kassa af Doritos í verðlaun.*

Sendið myndirnar í síma: 696 POPP (696 7677) eða á popp@frettabladid.is

vodafone






GUERLAIN KYNNING Í HAGKAUP HOLTAGÖRÐUM
DAGANA 15.-21. OKTÓBER.
Sérfræðingar GUERLAIN verða á staðnum og veita faglega ráðgjöf.

Á kynningardögum verður 20% afsláttur af GUERLAIN,
ásamt glæsilegum kaupauka að verðmæti 5.199.-
Kaupaukinn inniheldur GUERLAIN snyrtibuddu og Terracotta gloss.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

**!** **Ath. Múlinn kl. 21.00 og 22.30.** *Hljómsveit Hafdísar treður upp með blöndu af frumsömdu efni og spuna. Með henni leika Grímur Helgason, klarinett, Ragnar Emilsson, gítar og bassi, Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir, selló, Magnús Trygvason Eliassen, trommur, og Camilla Barratt-Due, harmónika. Síðan kemur fram Unison: Hjörtur Steinarsson, gítar, Kjartan Valdemarsson, píanó, Leifur Gunnarsson, bassi, og Magnús Trygvason Eliassen, trommur. Unison leikur tónlist eftir Hjört, Leif og Kjartan.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Verðlaun Tómasar veitt

Borgarstjórinn í Reykjavík, Hanna Birna Kristjánsdóttir, veitti á þriðjudag Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar árið 2009. Í ljóðasamkeppni bárust að þessu sinni 42 handrit. Í dómnefnd sátu Kolbrún Bergþórsdóttir formaður, Ingibjörg Haraldsdóttir og Jón Óttar Ragnarsson. Besta ljóðahandritið að mati dómnefndar var Hundgá úr annarri sveit og reyndist það vera eftir Eyþór Árnason.

Eyþór er fæddur 2. ágúst 1954. Hann ólst upp í Skagafirði, á Uppsölum í Blönduhlíð, og stundaði almenn sveitastörf fram eftir aldri og tilfallandi vinnu, svo sem við brúarsmíði og grenjavinnslu. Vorið 1983 útskrifaðist hann úr Leiklistarskóla Íslands. Eftir það tóku við ýmis verkefni, svo sem leikstjórn hjá áhugaleikfélögum og vinna við auglýsingagerð. Árið 1987 hóf hann störf hjá Stöð 2 sem sviðsstjóri og vann þar til 2006 er hann flutti sig yfir til Saga Film. Sem stendur er hann sjálfstætt starfandi.

Í umsögn dómnefndar segir: „Í bókinni streymir ljóðmálið fram, sterkt og hugmyndaríkt. Kímnin er aldrei langt undan og alls kyns furður gera vart við sig, eins og þegar rjúpurnar hans Guðmundar í Miðdal sem gerðar eru úr gleri lifna við og láta sig hverfa. Í öðru ljóði leggja skip að bryggju bak við mánann þar sem skuggalegir menn bíða með skjalatöskur. Og í enn öðru ljóði kemur Clint Eastwood ríðandi yfir Faxaflóann. Það er gnægð af skemmtilegri hugsun og hugmyndum í þessari ljóðabók.“ Eyþór Árnason hefur ekki áður sent frá sér bók.



**> Ekki missa af…**

tónleikum Thin Jim and the Castaways í kvöld á Rosenberg með stútfullt prógramm af gömlum lögum eins og Old Union Station og Green Walls of Eden sem hafa hljómað töluvert á öldum ljósvakanna. Ásamt þeim Jökli, Margréti Eiri og Birgi verður Eggert Pálsson multi-spilari, Erna Hrönn söngkona, Scott McLemore trommari, Kristófer Jensson söngvari, Edvarð Lárusson gítarleikari og Finnur Jóhannsson söngvari.

# Kalla ég á hvern mann

**Eitt af meistaraverkum þýskra leikbókmennta frá liðinni öld verður frumsýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins annað kvöld: Biedermann og brennuvargarnir sem kallað er einfaldlega Brennuvargarnir í þessari sviðsetningu. Höfundurinn er Max Frisch.**



**LEIKLIST** Eggert Þorleifsson og Ólafía Hrönn í hlutverkum sínum í Brennuvörgunum. MYND ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ/ EDDI

Leikstjóri sýningarinnar er Kristín Jóhannesdóttir og með helstu hlutverk fara Eggert Þorleifsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Björn Thors og Magnús Jónsson.

Brennuvargarnir er eitt af frægustu leikritum 20. aldar og er vel kunnugt hér á landi. Það var flutt af Grímu 1963 og var ein af stærri sviðsetningum þess hóps. Var verkið hljóðritað í framhaldi af því og margsinnis hefur sú hljóðritun verið flutt í Ríkisútvarpinu. Þá var texti leiksins margsinnis notaður til kennslu í þýsku í framhaldsskólum á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Það er nú flutt í nýrri þýðingu Bjarna Jónsonar.

Brennuvargarnir er bráðfyndin og óvægin þjóðfélagsádeila. Verkið er skrifað snemma í kalda stríðinu og fjallar um samfélagslega sekt og meðvirkni og vísaði á sínum tíma beint til sögu Þýskalands en hefur reynst lífseigt því það hefur mun víðari skírskotun: Einhver orðaði það svo að leikritið væri nánast skrifað um hrun íslenska bankakerfisins.

Með sínu einstaka skopskyni rannsakar höfundurinn hér hugleysi manneskjunnar, græðgi og tilhneigingu okkar til að trúa því fyrst og fremst sem hentar okkur hverju sinni og afneita því sem kemur okkur illa. Þessi beitta ádeila er einkar opinberandi í kjölfar hremminga þar sem reynt hefur á mannlegt eðli. Enda hefur verkið víða verið sýnt í eftirmála hryðjuverkaógnar – og nú í miðri efnahagskreppu.

Í borginni ganga brennuvargar lausir og allir góðir borgarar eru stranglega varaðir við því að hýsa ókunnuga. Gottlieb Biederman er sterkefnaður kaupsýslumaður og hann liggur ekki á skoðunum sínum um hvað eigi að gera við hina seku, en allt kemur fyrir ekki. Hann nærir óvini við brjóst sitt og er reiðubúinn að fórna öllu fyrir þá í góðvild sinni og blindu.

Leikmynd gerir Ilmur Stefánsdóttir en myndbandshönnun annast Tinna Lúðvíksdóttir. Búninga vann Þórunn María Jónsdóttir en Barði Jóhannsson tónlistina. Lýsing er í höndum Halldórs Arnar Óskarssonar. pbb@frettabladid.is

# Birta á Melunum

Eivind Aadland stjórnar tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í kvöld. Hann nýtur mikillar virðingar í starfi sínu sem aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar í Þrándheimi. Eivind hefur stjórnað hljómsveitinni tvisvar sinnum áður og hlotið frábærar viðtökur í bæði skiptin.

Á efnisskrá tónleikanna er Sinfónía nr. 2 eftir Johannes Brahms og Hornkonsert nr. 2 eftir Richard Strauss. Einnig verður flutt verkið Strati eftir Hauk Tómasson.

Stefán Jón Bernharðsson leikur einleik í Hornkonsertinum. Hann er fastráðinn við Sinfóníuhljómsveit Íslands en var áður sóló-hornleikari við Óperuna í Malmö. Stefán hefur unnið til fjölda verðlauna á alþjóðavettvangi fyrir frábæran leik sinn, meðal annars fyrstu verðlaun í ConocoPhillips-keppninni í Ósló og önnur verðlaun í Lieksa-hornkeppninni í Finnlandi.

Önnur sinfónía Johannes Brahms hefur oft verið kölluð Sólskinssinfónían. Brahms átti í erfiðleikum með að semja sína fyrstu sinfóníu. En þegar það hafðist var líka eins og stífla hefði brostið og önnur sinfónía hans er sú ljúfasta af þeim öllum, hrífandi og björt enda samin í sumarleyfi hans í austurrísku sveitaþorpi. Náinn vinur tónskáldsins lýsti áhrifum verksins svo: „Ekkert nema blár himinn, lækjarniður, sólskin og græn forsæla!“

Seinni hornkonsert Richards Strauss er sömuleiðis sólríkt verk, eitt af þeim síðustu sem meistarinn samdi. Konsertinn er feikierfiður og því sönn ánægja að heyra íslenskan einleikara í fremstu röð spreyta sig á slíku meistaraverki.

Haukur Tómasson hefur hlotið verðskuldaða viðurkenningu á undanförnum árum, meðal annars Tónlistarverðlaun Norðurlanda árið 2004, og kominn er tími til að eitt af hans fyrstu hljómsveitarverkum heyrist á ný. Strati er hrífandi og kraftmikið verk sem hlaut Tónvakaverðlaun RÚV árið 1994. - pbb



**TÓNLIST** Stefán Jón Bernharðsson leikur einleik í Hornkonsert Strauss. MYND/SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS


VAKA HELGAFELL
www.forlagid.is




Ástin hennar Önnu

Kata saknar Deepaks síns svo mikið að hún talar um fátt annað. Anna er þögulli um sínar tilfinningar og fáir vita að einnig hún skildi hjarta sitt eftir á Englandi þegar sumri lauk.

Ný og spennandi unglingasaga eftir Jónínu Leósdóttur og sjálfstætt framhald tveggja vinsælla og verðlaunaðra bóka.

„Unglingabók sem stingur í stúf við hinar. Spennandi lestur.“

Gerður Kristný / Mannamál, Stöð 2 (um *Kossa & ólífur*)


## NÝ TÍMARIT



Jón á Bægisá – tímarit um þýðingar er komið út og er það þrettánda heftið. Það er tileinkað ævistarfi Helga Hálfdanarsyni, afkastamesta þýðanda okkar tíma og þó aftar væri leitað í þjóðarsöguna. Undirskrift heftisins er tilvitnun í Helga: Af og frá, ég kann ekki nokkurt erlent tungumál. Lunginn úr heftinu er helgaður greinum um Helga og hefur ekki verið fjallað um hans merka starf svo ýtarlega á einum stað fyrr. Þá eru í heftinu þýddir textar eftir höfunda af ýmsu þjóðerni.



Fyrr á þessu hausti kom út þriðja hefti fimmta árgangs af Þjóðmálum sem Jakob F. Ásgeirsson ritstýrir. Í heftinu er fjöldi greina um stjórnmál heima og heiman, auk bókadóma. Meðal veigamikilla greina í heftinu má nefna langt viðtal við Guðna Ágústsson, fyrrverandi ráðherra, grein um Vinstri græn eftir Pál Vilhjálmsson fjölmiðlafulltrúa, grein um heimspekirit Kristjáns Kristjánssonar eftir Atla Harðarson og margt fleira.


Við mætum aftur á svið
fólk fær einfaldlega ekki nóg af trúðum
DAUÐASYNDIRNAR
„Ég var alveg orðin tvöföld í sætinu af hlátri ... sýningin er dýrleg leikhúsreynsla ..." SA, TMM
„Sýningin er bráðfyndin og skemmtileg en með háalvarlegum tóni." IÞ, Mbl
„Fyrsta flokks ... Ekki missa af Dauðasyndunum." PBB, Fbl
20% afsláttur fyrir VISA kredit-korthafa
Jesús litli
Glænýtt verk með trúðunum
frumsýnt 20. nóvember
SNARPUR SÝNINGARTÍMI
Örfáar sýningar vegna fjölda áskorana - Tryggðu þér miða strax
Fim 15/10 kl. 20 UPPSELT
Fös 16/10 kl. 20 UPPSELT
Mið 21/10 kl. 20 Örfá sæti
Fim 22/10 kl. 20 UPPSELT
Lau 31/10 kl. 20 UPPSELT
Sun 1/11 kl. 20 UPPSELT
Fös 6/11 kl. 20 UPPSELT
Fim 12/11 kl. 20 UPPSELT
Lau 14/11 kl. 15
Sun 22/11 kl. 14
Mið 2/12 kl. 20
Sett upp í samstarfi við
VISA
Miðasala er í síma 568 8000
og á borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# Mannhatur mestan part

Leiklist ★★

**Lilja**

Eftir Jón Gunnar Þórðarson

**Leikstjóri:** Jón Gunnar Þórðarson. **Leikmynd:** Jón Gunnar og fleiri. **Búningar:** Rannveig Eva Karlsdóttir. **Lýsing:** Gunnar Sigurbjörnsson.

Hin félagslega eymd margra landa Austur-Evrópu, Afríku norðanverðrar og landa Suður- og Mið-Ameríku hefur skilað bylgju eftir bylgju flóttafólks sem komist hefur norðureftir til ríkari landa þar sem þetta fólk safnast til óþrifastarfa í borgum og sveitum sem innfæddir vilja ekki sinna lengur. Í mörgum dæmum eru þetta hefðbundin störf farandverkamanna, í öðrum tilvikum er um hreint mansal að ræða, einkum á kornungum stúlkum sem eru sviknar norður eftir með loforðum um bærilegt líf og skárri kjör. Í sumum tilvikum kemst upp um glæpastarfsemina en uppljóstrun er þeim annmarka háð að fórnarlambið, niðurbrotið og smánað, er sent heim. Í öðrum tilvikum ílendast starfskraftar kynlífsiðnaðarins en halda áfram að vera í jaðri samfélagsins.

Fyrir nær tveimur áratugum átti ég samtal við pólska konu í London sem var starfandi á vinsælum kampavínsbar íslenska flugflotans rétt utan við Regent Street milli Mayfair og Soho. Hún var heldur hispurslaus í tali og sagðist verða í þessu starfi meðan hún gæti. Árin hennar voru orðin tíu þar á klúbbnum, hún var komin með þokkalega íbúð og átti ungan strák sem hún vildi koma til manns. Með henni í starfskynningu var sautján ára landa hennar sem var nýkomin í nýtt starf. Það var alveg skýrt í hvaða erindisrekstri þær voru.

Örlög kvenna frá Eystrasaltslöndunum, Póllandi, Úkraínu, Moldavíu, Rússlandi og Balkanlöndunum gömlu hafa lengi lengi verið efniviður í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum, misgrófum. Örlög Danguole frá Litháen urðu opinber þegar hún stökk fram af brú í Svíþjóð og Lukas Moodysson nýtti þau í dæmisögu um hvert hlutskipti þessara kvenna eru í Svíþjóð. Efnið kemur líka upp í lokakafla þríleiks Stiegs Larsson sem er vinsælt skemmtiefni um þessar mundir hér á landi.

Ég á erfitt með efni sem þetta orðið: innrás glæpagengja að austan er oft notuð sem skýring á þessum smánarbletti vestrænna samfélaga, en vændishverfin í evrópskum borgum hafa um aldir verið fyllt af öreigum úr sveitum álfunnar. Það er erfiðara að finna haldbærar skýringar á þörfinni sem þessi skepnuskapur sinnir; lengi töldu menn skort á almennilegum getnaðarvörnum skýringu á því að karlmenn af öllum stigum sæktu sér kynferðislega fróun í hórukassa álfunnar. En sú skýring er ekki haldbær lengur. Víða er kynlífsiðnaðurinn inngróinn í borgarmenninguna og þrífst fyrir opnum augum stjórnvalda. Þannig er það hér.

Sagan af litháísku stúlkunni sem kaus dauðann frekar en það ömurlega líf sem hún bjó við er nú orðin uppspretta leiksýningar norður á Akureyri. Margt er þar faglega unnið, leikurinn eins og efni gefur til, útlit og leikmynd snoturlega leyst í Rýminu. Leikverkið er aftur harla þunnt í roðinu, sagan fyrirsjáanleg: „Sástu myndina,“ mátti heyra á þriðju sýningu verksins á sunnudag. Og það verður eiginlega að gera meiri kröfur til verka sem rata hingað á svið en að „gleðja“ okkur með hinu fyrirsjáanlega, jafnvel þótt hér sé um innanhúsvanda að eiga í þjóðarbúinu eins og bent er í leikskrá; við látum þetta líðast hér og erum svo hræsnisfull að horfa upp á svívirðinguna á sviði frekar en stoppa hana af með aðgerðum. Þessar konur eru efnahagslegir flóttamenn, rétt eins og hámenntaðir starfsmenn ræstingafyrirtækjanna sem hér starfa.



**LEIKLIST** Lilja í Rýminu á Akureyri. María Þórðardóttir og Jana María Guðmundsdóttir í hlutverkum sínum. MYND/GRÍMUR BJARNASON

Gernýting saklauss fólks, ævi þeirra og líkama, er virkur og verndaður hluti af efnahagskerfi heimsins, okkar heims. Menn geta sagt að sú saga sem Jón Gunnar reynir að segja þurfi sífellda upprifjun, en það er til marks um að við neitum staðreyndum, eins og okkur virðist henta mikið um þessar mundir. Og maður skammast sín.

Það eru margar fínar hugmyndir í verki Jóns. Leikurinn er allur heldur yfirborðskenndur, enda fátt um djúpmið í textanum og lífi þess fólks sem hann reynir að lýsa. Og við erum engu nær um okkur sjálf og getuleysi okkar til að stöðva óhæfuna hér á landi. Það verður gaman að sjá allt þetta fólk takast á við bitameiri verk: Jönu Maríu, Maríu Þórðar sem er orðin prýðis leikkona, Atla Þór og hinn unga og efnilega Ólaf Inga. Þráinn bætti snotru illmenni í sitt stóra gallerí. Ef þannig má að orði komast.

En ég efast um erindið í þessu formi.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Friðþæging? Félagslegt klám? Grunnfærið verk en ekki ósnoturlega unnið.


# Mannréttindi og lýðræði

## Framlag Evrópuráðsins til lýðræðis og mannréttinda í ríkjum Evrópu



*Hvenær:*
**Föstudaginn 16. október**
*Hvar:*
**í Öskju** (sal 132)
**kl. 13.30 – 16.45**

Í tilefni af 60 ára afmæli Evrópuráðsins og 50 ára afmæli Mannréttindadómstóls Evrópu munu Alþingi, Alþjóðamálastofnun og Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, dómsmála- og mannréttindaráðuneyti og utanríkisráðuneyti Íslands standa fyrir ráðstefnu þar sem ljósi verður varpað á stöðu mannréttinda, lýðræðis og þróun réttarríkisins í Evrópu og leiðandi hlutverk Evrópuráðsins á því sviði.

**13:30 Ráðstefnan sett**
Fundarstjóri *Björg Thorarensen*, prófessor og forseti lagadeildar HÍ

**13:35 Mannréttindasáttmáli Evrópu**
*Ragna Árnadóttir*, dómsmála- og mannréttindaráðherra

**13:45 Hlutverk Evrópuráðsþingsins á sviði mannréttinda: Frá orðum til athafna.**
*Lilja Mósesdóttir*, formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins

**14:00 Hlutverk ráðherranefndar Evrópuráðsins**
*Hörður H. Bjarnason*, sendiherra

**14:15 Vandi Mannréttindadómstóls Evrópu: Fórnarlamb eigin velgengni**
*Davíð Þór Björgvinsson*, dómari Íslands við Mannréttindadómstól Evrópu

**14:45 Fyrirspurnir og umræður**

**15.00** Kaffihlé

**15:30 CPT - Nefnd um varnir gegn pyndingum. Er þörf á eftirliti hér?**
*Pétur Hauksson*, fulltrúi Íslands í nefndinni og annar varaforseti

**15:45 Baráttan gegn kynþáttamisrétti!**
*Baldur Kristjánsson*, B.A. Soc, Th. M., fulltrúi Íslands í sérfræðinganefnd Evrópuráðsins

**16:00 Framlag Íslands í réttindamálum barna**
*Bragi Guðbrandsson*, forstjóri Barnaverndarstofu

**16:15 Að byggja lönd með lögum**
*Hjörtur Torfason*, fulltrúi Íslands í Feneyjarnefndinni

**16:30 Fyrirspurnir og umræður**

**16:45 Ráðstefnu slitið**

ALÞINGI
UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ
DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTIÐ
ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI
MANNRÉTTINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 15. október 2009**

### Töfrabrögð



**20.00** Hið árlega **Töfrakvöld HÍT** haldið í Loftkastalanum við Seljaveg. Sérstakur gestur verður breski töframaðurinn **John Archer** en einnig koma fram **Jón Víðis**, **Lalli töframaður**, **Magnús Böðvarsson**, **Skúli Rafn**, **Gunnar Óli** og Sirkustrúðurinn **Wally**.

### Tónleikar

**20.00** **Narfur**, **We went to Space**, **At Dodge City** og **NOLO** troða upp á tónleikum í **Hinu húsinu** við Pósthússtræti 3-5. Allir allsgáðir og eldri en 16 ára velkomnir. Enginn aðgangseyrir. Gengið inn Austurstrætismegin í kjallarann.

**20.30** **Kammerkór Bodals** frá Svíþjóð heldur tónleika ásamt kammerkórum Mosfellsbæjar og Akraness í Safnaðarheimilinu **Vinaminni** á Akranesi.

**20.30** **Papar** verða með tónleika á **Allanum** við Aðalgötu á Siglufirði. Sérstakir gestir verða **Gylfi Ægisson** og **Bubbi Morthens**.

**21.00** Hljómsveit **Hafdísar** og **Unison** koma fram á tónleikum sem **Jazzklúbburinn Múlinn** stendur fyrir í kjallara Cafe Cultura við Hverfisgötu.

**21.00** **Thin Jim and the Castaways** verða með tónleika á **Rósenberg** við Klapparstíg.

**22.00** **Dj Hreggó** verður á **Sjallanum** við Geislagötu á Akureyri.

**22.00** **HEK** spilar á **Den danske kro** við Ingólfsstræti 3. Enginn aðgangseyrir.

### Tónlistarhátíð

**20.00** **S.L.Á.T.U.R** stendur fyrir tónlistarhátíðinni Sláturtíð 15.-17. okt. Í kvöld verða tónleikar í **Fríkirkjunni** þar sem flutt verða verk eftir Þorkel Atlason, Jesper Pedersen, Áka Ásgeirsson, Hallvarð Ásgeirsson, Andre Vida og Matthew Shlomovitz.

### Pub Quiz

**21.00** Annan hvern fimmtudag er haldin spurningakeppni á **Live Pub** við Frakkastíg 8. Keppnin samanstendur af almennum krossa- og myndaspurningum ásamt hljóðdæmum. Sérstakur gestur í kvöld er **Eyjólfur Kristjánsson**. Aðgangur er ókeypis. Ath. breyttur tími.

### Sýningar

**Þorbjörg Þórðadóttir** og **Þórður Hall** hafa opnað sýningu í **Norræna húsinu** við Sturlugötu á listvefnaði og málverkum. Opið alla daga nema mánudaga kl. 12-17.

**Julia Staples** og **Lana Vogestad** hafa opnað sýningu í **Lost Horse Gallery** við Vitastíg 9a. Opið mið.-sun. kl. 13-19.

Í **Þjóðmenningarhúsinu** við Hverfisgötu 15 er nú til sýnis bókin **„Flora Islandica“** sem inniheldur 271 teikningu **Eggerts Péturssonar** á háplöntum íslenskrar flóru. Einnig standa þar yfir sýningar á verkum **Sigurður Gunnarssonar** og **Kristínar Elvu Rögnvaldsdóttir**. Opið alla daga kl. 11-17.



### Málþing

**15.00** Í **Þjóðarbókhlöðinni** við Arngrímsgötu verður sett málþing til heiðurs **dr. Þorsteini Þorsteinssyni**, hagfræðingi og esperantista. Erindi flytja: Jónas Haralz, Gylfi Zoëga, Kristján Eiríksson og Baldur Ragnarsson. Að loknu málþingi verður opnuð sýning tengd Þorsteini.

### Fyrirlestrar

**12.00** **Mark Weiner** flytur erindi um uppruna og byggingu stjórnarskrár Bandaríkja Norður-Ameríku hjá **Háskólanum á Akureyri**, Sólborg, (L201) við Norðurslóð.

**12.15** **Eva Dögg Þorgeirsdóttir**, fræðslufulltrúi Sorpu, flytur erindi um vistvænt heimilishald á hádegisfyrirlestri hjá **Norræna félaginu** við Óðinsgötu 7. Léttar veitingar verða á borðum. Enginn aðgangseyrir.

**20.15** **Jóhann Björnsson** flytur erindi um málefni flóttamanna frá sjónarhóli siðfræðinnar. Erindið fer fram í stofu HT 101 hjá **Háskóla Íslands**.

### Ráðstefna

**12.00** **Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands** heldur sinn árlega Matvæladag á **Grand Hóteli** við Sigtún. Nánari upplýsingar á www.mni.is.

### Síðustu forvöð

Sýningu **Halldórs Baldurssonar** teiknara **„Í fréttum var þetta helst...** „ í **Gerðubergi** (Gerðuberg 3-5) lýkur á sunnudag. Þar sýnir Halldór pólitískar skopmyndir sem sýna það sem helst hefur þótt fréttnæmt síðustu þrjú árin. Opið virka daga kl. 11-17 og um helgar kl. 13-16.


Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið




# HELENA RUBINSTEIN KYNNING
## Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG GARÐABÆ 15. - 20. OKTÓBER

**Kaupaukinn þinn* þegar þú kaupir 2 HR vörur**

~ HR dagkrem 15 ml
~ HR augnkrem 3 ml
~ Life Ritual hreinsir 30 ml
~ HR maskari í ferðastærð
~ HR farði 5 ml
~ Khol blýantur svartur
~ HR taska

**Verðmæti kaupaukans allt að 16.000**




*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Gildir ekki með 2 deodorant eða2 býöntum. Einn kaupauki á viðskiptavin.

50 ára HAGKAUP
fyrir íslendinga í 50 ár


MUMFORD & SONS


HAFDÍS HULD

## > Í SPILARANUM

Mumford & Sons - Sigh No More
Lára - Surprise
The XX - xx
Sykur - Frábært eða frábært
Hafdís Huld - Synchronised Swimmers

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Vel heppnuð tónleikaferð

Þungarokkssveitin Sólstafir er að ljúka mánaðarlangri tónleikaferð sinni um Evrópu, sem hefur gengið vonum framar. Þeir félagar hafa lent í ýmsum ævintýrum og meðal annars hittu þeir stúlku í Stuttgart í Þýskalandi sem var með nafn hljómsveitarinnar húðflúrað á handlegginn á sér. Tónlistargagnrýnendur hafa hrifist af sveitinni og hafa einhverjir líkt henni við goðsagnirnar í Pink Floyd. Alls hafa Sólstafir spilað á tuttugu tónleikum í níu löndum Evrópu í samfloti með hljómsveitunum Code og Secrets of the Moon. Ferðinni lýkur í Finnlandi á föstudaginn og verður síðan haldið heim á leið 19. október.


**SÓLSTAFIR** Þungarokkssveitin Sólstafir er að ljúka vel heppnaðri tónleikaferð um Evrópu.



## > Plata vikunnar

Ego - 6. október

★★★

„Hörku rokkplata frá fornfrægu bandi.“ - kg



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Ekkert armband, ekkert mál*

Eitt af einkennum Iceland Airwaves-hátíðarinnar er öflugt tónleikahald utan aðaldagskrárinnar sem aðeins armbandshafar fá aðgang að. Þessi dagskrá sem er kölluð „off-venue“-dagskrá upp á enska tungu er alltaf að verða öflugri og nú í ár eru vel á annað hundrað tónleikar á 25 stöðum í boði. Og allt ókeypis og öllum opið.

Oft er það þannig að þær hljómsveitir sem spila á dagskrá hátíðarinnar sjálfrar spila líka off-venue. Þeir sem misstu af hinu mjög svo efnilega dúói Nolo á aðaldagskrá hátíðarinnar á Grand Rokki í gærkvöldi, geta til dæmis séð þá félaga í Hinu húsinu í kvöld, í Eymundsson á morgun kl. 16.00 eða á Bar 11 annað kvöld kl. 22.00. Sykur spilar á Batteríinu í kvöld kl. 23.20, en líka off-venue í Nakta apanum á morgun kl. 15.45, sama dag kl. 17.00 á Kaffistofunni Hverfisgötu 42 og í Skífunni á laugardaginn kl. 14.00.


**DAGSKRÁ UTAN DAGSKRÁR** Sykur er á meðal yfir 100 hljómsveita sem spila utan hinnar eiginlegu dagskrár á Airwaves.

Erlendu listamennirnir spila líka off-venue. Á morgun á milli kl. 17.00 og 19.00 spila þrjár norskar sveitir til dæmis í Nikita-búðinni og erlendir gestir spila líka alla dagana í Norræna húsinu, Skífunni og Eymundsson. Á meðal sérstakra off-venue atriða má svo nefna að Bedroom Community leggur undir sig Kaffibarinn næstu þrjá daga, Ghostigital og Finnbogi Pétursson spila í gamla i8 á Klapparstíg í dag kl. 17.00 og á Dillon verður sannkallað rokkmaraþon á laugardagskvöldið frá 20.00 og fram á nótt. Þar spila meðal annars Mammút, Sudden Weather Change, Reykjavík! og Miri. Nánari upplýsingar um off-venue dagskrána má finna á www.icelandairwaves.is.



LEIÐIR TIL AÐ DRAGA ÚR LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA

Umhverfisráðuneytið og Samtök atvinnulífsins boða til kynningar- og umræðufundar um leiðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Fundurinn fer fram á Grand Hótel þriðjudaginn 20. október kl. 13:00-15:00. Aðgangur er ókeypis en óskað er eftir að þátttakendur skrái sig með tölvupósti á postur@umhverfisraduneyti.is fyrir hádegi 19. október.

**Dagskrá fundarins:**
- Opnun: Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
- Brynhildur Davíðsdóttir: Möguleikar til að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda - yfirlit.
- Bryndís Skúladóttir: Aðgerðir í iðnaði og meðferð úrgangs.
- Guðbergur Rúnarsson: Aðgerðir í sjávarútvegi.
- Umræður.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

www.umhverfisraduneyti.is



**WHEN SAINTS GO MACHINE** Töff hljómsveitarstrákar frá Danmörku sem hafa vakið mikla athygli þar. Sveitin spilar í Nakta apanum í dag klukkan 17 og Hafnarhúsinu klukkan 23. Annað kvöld spilar sveitin klukkan 22.30 á Nasa. MYND/JAKOB

# Tími hinna dönsku dýrlinga

**Einhver efnilegasta hljómsveit Dana, When Saints Go Machine, spilar í Hafnarhúsinu á Airwaves í kvöld. Sóley Kaldal hitti þrjá af fjórum meðlimum bandsins í æfingahúsnæði þeirra undir Rigshospitalet á Norðurbrú í Kaupmannahöfn.**

Danska ríkisútvarpið verðlaunaði þá fyrr á árinu sem björtustu vonina, frægasti útvarpsmaður Dana hefur lýst fyrstu smáskífu þeirra, Fail Forever, sem metnaðarfyllsta popplagi danskrar tónlistarsögu og tískuelítan vill ólm fá þá í samstarf. Hverjir eru þeir? When Saints Go Machine er fjögurra manna popphljómsveit frá Kaupmannahöfn skipuð söngvaranum Nikolaj Manuel Vonsild, Simon Muschinsky á synth, Jonas Kenton á hljómborð og bassa og Silas Moldenhawer á trommur.

### Lengi grúskað í tónlist

*Hvar kynntust þið og hvernig varð hljómsveitin til?*

**Jonas:** „Við höfum allir þekkst á einhvern hátt síðan í grunnskóla og verið að grúska í tónlist síðan þá, allt frá raftónlist yfir í kvikmyndatónlist.“

**Silas:** „Við Simon stofnuðum hljómsveit þegar við vorum sex og níu ára. Ég trommaði og söng á enskuskotnu bullmáli en listrænn ágreiningur varð til þess að sú hljómsveit hélt aðeins tvenna tónleika.“

**Simon:** „Já, mér fannst hann bara ekki nógu góður söngvari. When Saints Go Machine varð svo til fyrir rúmum tveimur árum þegar Silas og Jonas vildu fá Simon með sér í hljómsveit og hann stakk upp á Nikolaj sem söngvara.“

**Silas:** „Nikolaj var eini danski söngvarinn sem okkur þótti spennandi á þeim tíma svo að við sendum honum demó af því sem við vorum að gera og viku seinna var lagið You Should Be Someone Else fullmótað.“

### Semja á tölvur

*Lagið er eitt af tíu lögum plötunnar Ten Makes A Face sem þeir segja að reki sögu bandsins. Titillinn vísar til þess hvert laganna tíu sé eiginleiki heildarsvips hljómsveitarinnar og að án heildarinnar sé ekki hægt að þekkja þeirra stíl. En hvernig tónlist varð til úr þessu samstarfi?*

**Simon:** „Við komum allir úr ólíkum áttum en við erum sammála um að gera vandaðar poppmelódíur og þéttar útsetningar. Við nálgumst tónlistina á svolítið óhefðbundinn hátt því við hittumst ekki og „djömmum“ á hljóðfærin heldur byrjum við í tölvunum. Lokaafurðina þýðum við svo yfir í hefðbundin hljóðfæri í bland við raftónlist. Við höfum stundum kallað þetta jaðrarfpopp (e. alternative electronic pop) því við viljum gera spennandi hluti sem höfða þó til breiðs hóps.“

**Silas:** „Það sem gerir samstarfið svona gott er að við vorum í langan tíma búnir að vera aðdáendur hver annars og við erum því sífellt að reyna að bæta okkur og gera betri hluti til að ganga í augun hver á öðrum.“

### Miklir tískumenn

*Þið hafið verið þekktir fyrir að ná upp brjálaðri stemningu þegar þið spilið, hverju megum við búast við á tónleikunum hér á Íslandi?*

**Silas:** „Í upptökum er tónlistin fáguð og krafturinn beislaður en á tónleikum sleppum við honum lausum og erum þar af leiðandi töluvert harðari. Við viljum bjóða upp á almennilegt rokksjóv og erum hvorki kurteisir né settlegir á sviðinu.“

**Jonas:** „Á tónleikum eiga lögin að grípa þig og heltaka fæturna, hjartað og hugann – í þessari röð.“

*Hversu mikilvægt er útlit og ímynd hljómsveitarinnar?*

**Silas:** „Við höfum allir mikinn áhuga á tísku og hönnun og við erum kontrólfrík svo við viljum helst sjá sjálfir um að gera öll plaköt, plötuumslög og myndbönd. Við erum samt í góðum tengslum við listamenn á öðrum sviðum skemmtanabransans og hleypum góðu fólki inn með ferskar hugmyndir.“

*Þið eruð allir að koma í fyrsta skipti til Íslands, eruð þið spennt-ir fyrir því að gera eitthvað sérís-lenskt?*

**Simon:** „Einhver var búinn að segja okkur að við gætum farið í kindakappreiðar! Það var kannski misskilningur.“

## WHEN SAINTS GO MACHINE Á ÍSLANDI

**Dagskráin á Airwaves:**
**15. okt.** kl. 17 Nakti apinn
**15. okt.** kl. 23 Hafnarhúsið
**16. okt.** kl. ? Off Venue
**16. okt.** kl. 22.30 Nasa

Plötu When Saints Go Machine verður hægt að nálgast á iTunes fyrir jól en þangað til er hægt að hlusta á lögin á: www.myspace.com/whensaintsgomachine

# Iðandi, tælandi Indlandssýn fléttuð inn í snjallan krimma

## Ný bók eftir höfund *Viltu vinna milljarð?*









Sonur indversks ráðherra er skotinn til bana og sex manns eru teknir til yfirheyrslu. Hver um sig gæti haft ríka ástæðu til að vilja unga manninn feigan.

Hugvitssamleg og afhjúpandi spennusaga eftir metsölu-höfundinn Vikas Swarup.

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

„... alveg dásamleg saga, margbrotin ... fyndin og fáguð – tvímælalaust ein besta spennusaga ársins."
Businessday´s The Weekender

„... óvenjuleg, smellin og skemmtileg ... fjörug og frábær lesning."
The Times Review

> AUGLÝSIR FYRIR ARMANI

Megabeibið **Megan Fox** hefur samþykkt að auglýsa fyrir Emporio Armani-undirfatalínuna á næsta ári. Tekur hún við keflinu af Victoriu Beckham sem nýtt andlit línunnar. Fótboltakappinn Cristiano Ronaldo tekur sömuleiðis við af David Beckham sem nýi Armani-maðurinn.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Spænski risinn og framtíðartryllir

Pedro Almódovar hefur gnæft yfir spænska kvikmyndagerð undanfarna tvo áratugi. Og nýjasta mynd hans, Broken Embraces, er í ætt við önnur verk leikstjórans þar sem heitar ástríður og svik koma töluvert við sögu. Ein af eftirlætisleikkonum Almódovars, Penelope Cruz, er í aðalhlutverki en myndin er ein af tíu kvikmyndum sem tilnefndar eru til áhorfendaverðlauna evrópsku kvikmyndaakademíunnar. Hún segir frá hinum blinda leikstjóra Mateo sem rifjar upp hvernig hann missti sjónina fyrir nokkrum árum. Þá var hann ráðinn til að leikstýra kvikmynd fyrir aldraðan milljarðamæring en í aðalhlutverki var hjákona hans. Leikstjórinn fellur fyrir hjákonunni og milljarðamæringurinn ræður son sinn til að njósna um skötuhjúin. Myndin verður frumsýnd um helgina.

Önnur mynd sem verður einnig tekin til sýninga hér á landi er Gamer, framtíðartryllir, en söguþráðurinn minnir nokkuð á hina frægu Running Man þar sem ríkisstjóri Kaliforníu, Arnold Schwarzenegger, lék aðalhlutverkið. Gerard Butler leikur mann sem er fastur í ofbeldisfullum tölvuleik og reynir að brjótast út úr honum enda á hann lífið að leysa. Leikstjórar myndarinnar eru þeir Mark Neveldine og Brian Taylor, hinir sömu og gerðu Crank-myndirnar tvær með Jason Statham í aðalhlutverki. - fgg



**SPÆNSK SNILLD** Penelope Cruz fer með aðalhlutverkið í nýrri mynd Pedros Almódovar, Broken Embraces.

# Pine leikur Ryan



Stóra fréttin í Hollywood um þessar mundir er sú að leikarinn Chris Pine sé í viðræðum við Paramount-kvikmyndaverið um að taka að sér hlutverk Jacks Ryan í næstu kvikmynd um þennan bandaríska njósnara sem Tom Clancy á heiðurinn að. Pine er kannski ekki heimsþekkt nafn en stjarna hans reis nokkuð með nýjustu Star Trek-myndinni þar sem Pine fór með hlutverk hins goðsagnakennda kafteins, James T. Kirk.

Þessar fréttir koma engu að síður nokkuð á óvart enda hafa þungavigtarleikarar á borð við Harrison Ford, Alec Baldwin og Ben Affleck leikið þennan leyniþjónustumann. Kvikmyndaspekúlantar telja að með þessu útspili vilji Paramount-kvikmyndaverið hleypa nýju blóði í þennan leyniþjónustumann sem oftar en ekki hefur verið kallaður svar Bandaríkjanna við James Bond.

Fréttin er hins vegar enn merkilegri í ljósi þess að ekki er einu sinni búið að velja bók eftir Clancy til að kvikmynda eftir. En nokkrar eru á lausu. Ein virðist þó meira spennandi en aðrar, Rauða kanínan þar sem Ryan kemst á snoðir um að Sovétmenn ætli sér að myrða sjálfan páfann. Ekki hefur verið ákveðið hvenær verður ráðist í næstu kvikmynd en aðdáendur Ryans og Clancy ættu að geta tekið gleði sína á ný. - fgg

**HEITUR** Chris Pine er orðaður við hlutverk njósnarans Jacks Ryan. NORDICPHOTOS/GETTY




# Blanda af heimsku og dirfsku

**Íslenska kvikmyndin Jóhannes verður frumsýnd í dag en þetta er fyrsta kvikmynd leikstjórans, Þorsteins Gunnars Jónssonar. Kvikmyndin fékk enga styrki úr kvikmyndasjóði Kvikmyndamiðstöðvar en náði engu að síður á leiðarenda.**



**STOLTUR LEIKSTJÓRI** Fyrsta kvikmynd Þorsteins Gunnars verður frumsýnd í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég hef upplifað ýmislegt, en get ekki sagt að það hafi verið í líkingu við þennan dag í lífi Jóhannesar. Mér hefur ekki verið hent út úr íbúð nöktum, eltur af ofbeldismanni og fíkniefnalögreglunni um leið, og lent í rassíu frá sérsveitinni svo eitthvað sé nefnt. Að minnsta kosti ekki á sama deginum,“ segir Þorsteinn leikstjóri þegar hann er spurður að því hvort hann hafi einhvern tímann upplifað dag í sínu lífi þar sem allt fer úrskeiðis. Eins og gerist hjá Jóhannesi í samnefndri kvikmynd. Hún er um margt söguleg, þó fyrst og fremst vegna þess að hún er fyrsta kvikmynd Ladda þar sem hann er í aðalhlutverki.

### Allir lögðust á eitt

Þorsteinn er að upplagi Árbæingur. Hann ákvað snemma að gerast kvikmyndagerðarmaður, nam fræðin við Kvikmyndaskóla Íslands og hélt síðan út til London og stúderaði leiklist við Central School of Speech and Drama í London. Þar las hann bók Helga Ingólfssonar, Andsælis á auðnuhjólinu, og fékk strax þá hugmynd að færa hana yfir á hvíta tjaldið. Hann lagðist strax í handritagerð þegar náminu í London var lokið, svo var bara komið heim og þá átti að gera bíómynd.

En rétt eins og margir ungir íslenskir kvikmyndagerðarmenn eru veggirnir margir og sumir virðast nánast ókleifir. Jóhannes er ein fárra mynda sem gerð er án styrkja úr kvikmyndasjóði Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Þorsteinn segist ekki hafa neina eina skýringu á því af hverju myndin fékk engan styrk. „Ég skal ekki segja af hverju þessi mynd fékk ekki styrk. En það er að sjálfsögðu ekki hægt að ætlast til þess að fá kvikmyndastyrk þegar maður er nýkominn heim úr námi. En við ákváðum að kýla bara á þetta. Heimska? Jú, kannski er þetta blanda af heimsku og dirfsku. En það var mikið af góðu fólki sem vann í þessu verkefni og gerði þetta mögulegt, það lögðust allir á eitt og það er kannski ekkert síðra en að hafa styrki.“

### Mikill heiður

Óhætt er að fullyrða að Þorsteinn hafi fengið fljúgandi start á kvikmyndaferlinum. Auk Ladda leika Stefán Karl Stefánsson, Herdís Þorvaldsdóttir og fleiri þjóðþekktir Íslendingar aðalhlutverkin í myndinni. Að ógleymdri sjálfri alheimsfegurðardrottningunni, Unni Birnu. „Það kom rosalega skemmtilega á óvart að þetta fólk vildi allt taka þátt. Og frábær heiður fyrir mig sem byrjanda að vinna með þessum leikurum.“

Þorsteinn bætir því við að hann hafi hins vegar fyrst talað við Ladda, þeir hafi náð vel saman og eftir það byrjaði boltinn að rúlla. Og leikstjórinn á varla orð til að lýsa þessum vinsælasta gamanleikara þjóðarinnar. „Ég held að það sé ekki hægt að finna meira „professional“ mann og þægilegri til að vinna með, sem hentaði mjög vel þar sem þetta er mín fyrsta mynd. Hvað leikarahæfileika hans varðar get ég sagt frá því að í einni senunni sem var tekin upp síðast, datt mér í hug rétt fyrir töku að hann myndi gráta í atriðinu. Ég laumaði því að honum að ef það væri möguleiki þá væri það frábært. Ég kallaði „gjörðu svo vel“ og hann grét í atriðinu. Fólkið á settinu varð eiginlega bara slegið. Ég held að það sé ekki algengt að karlleikarar geti bara grátið svona á „q-i“, einn tveir og þrír.“

### Vantar léttmeti

Þorsteinn kveðst líta þannig á að mikil þörf sé fyrir svona „léttari“ myndir um þessar mundir og bendir meðal annars á glimrandi aðsókn á Algjöran svepp og Leitina að Villa en síðast þegar fréttist höfðu yfir tuttugu þúsund manns séð myndina. „Ég held reyndar að vegna ástandsins í þjóðfélaginu hafi þetta verkefni náð að verða að veruleika. Allir virtust vera tilbúnir að vera með og taka þátt í einhverju skemmtilegu, þótt það væri kannski á öðruvísi forsendum heldur en gengur og gerist.“

freyrgigja@frettabladid.is

# Raimi kvikmyndar Warcraft

Sam Raimi er í óða önn að undirbúa fjórðu myndina um Köngulóarmanninn Peter Parker. En leikstjórinn hefur fleiri járn í eldinum því hann hyggst gera kvikmynd eftir hinum ofurvinsæla tölvuleik, Warcraft, sem tölvunördar hafa stundað af miklum móð.

Raimi hefur fengist við ýmsar tegundir kvikmynda í gegnum árin en aldrei áður gert kvikmynd eftir tölvuleik. Í samtali við MTV-sjónvarpsstöðina sagðist Raimi ætla að vanda vel til handritsins og hefði því ákveðið að ráða Robert Rodat til verksins. Rodat þessi þykir nokkuð flinkur í sínu fagi en hann á heiðurinn að handritum mynda á borð við Saving Private Ryan og The Patriot.



**KVIKMYNDAR WARCRAFT** Leikstjórinn Sam Raimi undirbýr fjórðu myndina um Köngulóarmanninn en ætlar líka að kvikmynda tölvuleikinn Warcraft. NORDICPHOTOS/GETTY

# THE BODY SHOP™

## Vinsælar vörutegundir með **25-30%** afslætti dagana 14.-19. október

*Nýtt kortatímabil*



### E-vítamín fyrir andlitið
Þrjár vörutegundir saman: E-vítamín dagkremið sívinsæla (50ml), hreinsimjólk með E-vítamíni (200ml) og andlitsvatn með E-vítamíni (200ml)
**Verð nú: 2990 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 4270 kr.



### Dekurvörur með kókosolíu
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi “body butter“ -húðnæring (200ml) með kókosolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali
**Verð nú: 2750 kr. með 25% afslætti**
Verð áður: 3670 kr.



### Aloe Vera fyrir andlitið
Vörutegundir með græðandi aloe vera-geli henta vel viðkvæmu hörundi. Tilboðið inniheldur þrjár helstu andlitsvörurnar: Dagkrem (50ml), hreinsimjólk (200ml) og andlitsvatn (200ml)
**Verð nú: 3290 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 4720 kr.

### Dekurvörur með ólífuolíu
Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi “body butter“-húðnæring (200ml) með ólífuolíu, sams konar sturtusápa (250ml) auk skrúbbhanska í lit að eigin vali
**Verð nú: 2750 kr. með 25% afslætti**
Verð áður: 3670 kr.





### Vörutegundir fyrir herramanninn
Tvær vörutegundir saman: “Of a man“-hár og -sturtusápa (200ml) og “Of a man“-svitalyktareyðir (75ml)
**Verð nú: 1990 kr. með 30% afslætti**
Verð áður: 2870 kr.

### Augun eru “spegill sálarinnar“
Tvær vörutegundir saman: “Divide & multiply“-augnháralitur (annað hvort svartur eða brúnn) og augnhárabrettarinn vinsæli
**Verð nú: 2235 kr. með 25% afslætti**
Verð áður: 2980 kr.



**KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI**

*Sendum í póstkröfu sé þess óskað, sími 588 7299*

THE BODY SHOP®

## > HITTIR FORELDRANA

Söngkonan **Katy Perry** er víst svo hrifin af háðfuglinum Russell Brand að hún vill kynna hann fyrir foreldrum sínum sem fyrst. „Katy er jafn skotin í Russell og hann er í henni. Foreldrar hennar eru strangtrúaðir en Katy er viss um að þau eigi eftir að kunna vel við Russell,“ sagði vinur söngkonunnar. Russell Brand er þekktur sem mikill glaumgosi og hefur verið við margar konur kenndur síðustu árin.



**Fólk**

folk@frettabladid.is

# MTV heimsækir Airwaves

Hátt í þrjú hundruð erlendir blaðamenn sækja Iceland Airwaves-hátíðina heim sem hófst í gærkvöldi. Þar á meðal koma hingað tveir starfsmenn MTV, eða blaðamaður og ljósmyndari frá heimasíðu tónlistarstöðvarinnar. Þetta verður í fyrsta sinn í nokkur ár sem MTV mætir á Airwaves. „Þeir ætluðu að koma til að taka upp en þeir eru að skera niður og ákváðu að vera frekar með eitthvað á heimasíðunni. Þeir eru mjög spenntir og vilja endilega gera eitthvað stærra og meira á næsta ári,“ segir Róbert Aron Magnússon hjá Airwaves.

Blaðamenn þekktra fjölmiðla á borð við NME, Dazed and Confused, Daily Telegraph, Die Welt, Gaffa og danska tímaritsins Soundvenue verða einnig á meðal gesta. „Breska pressan hefur alltaf sýnt þessu mikinn áhuga og flestar fyrirspurnir komu þaðan,“ segir Róbert. „Þarna verður líka fjöldinn allur af óháðum blaðamönnum sem skrifa kannski fyrir tvö til þrjú tímarit.“

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær verður David Fricke, blaðamaður hjá Rolling Stone, ekki á meðal gesta í ár en hann er mikill aðdáandi hátíðarinnar. „Hann forfallaðist í ár. Honum fannst það mjög leiðinlegt en sagðist ætla að koma tvíefldur til leiks á næsta ári.“ Enginn annar blaðamaður frá Rolling Stone kemur í staðinn fyrir hann, sem eru að sjálfsögðu vonbrigði fyrir skipuleggjendur Airwaves. „En við erum að fá MTV. Það kemur maður í manns stað,“ segir Róbert.



**RÓBERT ARON MAGNÚSSON** Tveir starfsmenn frá heimasíðu MTV koma hingað til lands í tengslum við Iceland Airwaves.

Fólk frá yfir tuttugu löndum hefur keypt sér miða á hátíðina, þar á meðal frá Mongólíu, Japan, Brasilíu og Grikklandi. „Flestir eru búnir að bóka sig í einhverja túra. Þetta verður rosaflott innspýting fyrir Reykjavík.“ - fb




# Eldri borgarar sauma út Helvítis fokking fokk

**Helvítis fokking fokk er fyrir löngu orðið sígilt slagorð. Fátt þykir táknrænna fyrir það sem á okkur hefur dunið síðustu misserin. Slagorðið er eitt af þeim sem Arndís Sigurbjörnsdóttir, sem sér um félagsstarfið í þjónustuíbúðum eldri borgara á Dalbraut 27, hvetur þátttakendurna til að sauma út.**

„Þeim þykir nú samt ekki alveg passa að sauma út „Helvítis“, en að öðru leyti eru þau hrifin af þessu,“ segir Arndís. „Ég kalla þetta saumaverkefni „Gríptu augnablikið“ og hvet fólk til að sauma það út sem þeim dettur í hug. Tjá augnablikið. Það er ætlunin að hver geri sitt. Myndirnar mínar eru bara til að koma fólki af stað.“

Arndís hefur búið til sextán útsaumsmyndir sem hugmyndir fyrir heldra fólkið og til viðbótar við „Helvítis fokking fokk“ má þarna sjá annað mótíf úr hruninu, „Guð blessi Ísland“, auk þekktari útsaumsmótífa eins og „Heima er best“ og „Drottinn blessi heimilið“. „Svo er þarna mynd sem mér datt í hug til minningar um Helga Hóseasson,“ segir Arndís. „Þetta er held ég eini minnisvarðinn um hann sem er kominn. Ég geri líka abstraktmyndir. Það er undarlegt hvernig hugurinn virkar. Ég varð veik um daginn og þá gerði ég fyrstu svart-hvítu myndina mína.“

Arndís hefur unnið við félagsstarfið á Dalbraut 27 frá byrjun, í þrjátíu ár. „Við höldum upp á afmælið um næstu mánaðamót og ætlum að hafa jólastemningu í einu herberginu af því tilefni,“ segir hún. „Hér er mikið listastarf. Við veljum listamann mánaðarins sem við leyfum að vera stjarna í mánuð. Svo er ýmislegt í boði. Vöfflukaffi, boccia, bingó og videó einu sinni í mánuði. Sound of Music var síðast og svo sýnum við Börn náttúrunnar svona einu sinni á ári.“

drgunni@frettabladid.is








**GRÍPTU AUGNABLIKIÐ**

**Arndís Sigurbjörnsdóttir** við útsaumsmyndir sínar. Öðruvísi útsaumur Helgi Hós og Helvítis fokking fokk.




512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

# Sjálfstraust með nýju útliti

„Ástæðan fyrir því að ég vildi komast í Nýtt útlit var fyrst og fremst sú að mig langaði að efla sjálfstraust mitt og finna minn eigin stíl. Ég var að vonast til þess að þátttakan mundi gefa mér aukið sjálfstraust þannig að mér mundi líða vel í eigin skinni og í fötunum sem ég klæðist,“ segir Ragnheiður Kjartansdóttir, þátttakandi í sjónvarpsþættinum Nýtt útlit með Karli Berndsen.

Í þættinum fékk Ragnheiður, sem er dóttir leikarans Kjartans Bjargmundssonar, ráðleggingar varðandi klæðaval auk þess sem Karl litaði hár hennar og klippti og þótti breytingin gríðarlega vel heppnuð og vakti nokkurt umtal í kjölfarið. „Ég þorði sjálf aldrei að gera neinar drastískar breytingar á hárinu á mér og kunni heldur ekki að hafa hemil á því. Mér fannst það alltaf eitthvað svo óviðráðanlegt. Ég kunni heldur ekki að velja mér föt og átti erfitt með að finna flíkur sem hentuðu mér þannig ég eyddi frekar peningunum mínum í mynddiska heldur en föt.“ Ragnheiður stundar nám á félagsliðabraut við Borgarholtsskóla og segist hún hafa fengið jákvæð viðbrögð frá vinum og skólafélögum, „Ég hef fengið mjög jákvæð viðbrögð frá öllum sem ég þekki.“

Aðspurð segir Ragnheiður sjálfstraust sitt hafa aukist til muna eftir yfirhalninguna og hún hafi nú meiri trú á sjálfri sér en áður. „Mér finnst ég hafa meira sjálfstraust og mér líður miklu betur með sjálfa mig. Ég fékk líka mjög góða kennslu frá Ísak um hvernig eigi að ganga í háum hælum og núna geng ég næstum daglega í hælaháum skóm,“ segir Ragnheiður að lokum. - sm



**ÁNÆGÐ** Ragnheiður Kjartansdóttir fékk góð ráð frá Karli Berndsen og aðstoðarmanni hans, Ísaki.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Kaupir sér rándýrt svín

**Hótelerfinginn Paris Hilton hefur bæst í hóp þeirra stjarna sem hafa keypt sér smásvín sem gæludýr. Smásvínin eru ræktuð í Bretlandi og fullvaxta eru þau á stærð við meðalstóran hund, eitt svín kostar um eitt þúsund dollara.**

**Paris festi kaup á einu smásvíni sem hún kallar Miss Piglette, eða Fröken Svínka. Fröken Svínka kostaði þó heldur meira en önnur smásvín því París greiddi fjögur þúsund dollara fyrir grísinn.**



**„Paris er afskaplega ánægð með gæludýrið. Hún elskar dýr og hún hlakkar mikið til að fá grísinn sinn til sín,“ sagði talsmaður fröken Hilton.**







# Fólkið sem skapar sýndarheim Spaugstofunnar

**Spaugstofan er vinsælasti sjónvarpsþáttur landsins eins og undanfarin ár. Þátturinn hefur smám saman tekið breytingum; gömlu grínararnir eru farnir að notast við nýjustu tækni til að fríska upp á sjóið. Að baki sýndarheimi Spaugstofunnar eru þau Ólöf Erla Einarsdóttir og Sigurður Bragason.**

„Ég er búinn að vinna með Spaugstofunni í fimm ár og það hefur aldrei verið eins mikið af grafík og síðustu tvö ár,“ segir hönnuðurinn Ólöf Erla Einarsdóttir.

Ólöf Erla og Sigurður Bragason hanna sýndarheim Spaugstofunnar sem virðist stækka með hverju árinu. Í síðasta þætti voru grínistarnir til að mynda sendir út í geim þar sem risavaxið geimskip gleypti þá með húð og hári. Þættirnir eru unnir frá miðvikudegi til föstudags og Ólöf segir að það sé gríðarleg keyrsla. „En þetta er rosalega gaman og við gerum aldrei það sama,“ segir hún. „Við höfum gert heilu teiknimyndirnar á einum degi. En þetta reddast alltaf og við náum alltaf að klára þetta á góðum tíma.“

Spaugarinn Karl Ágúst Úlfsson staðfestir að sýndarheimur Spaugstofunnar stækki með hverri þáttaröðinni. „Eftir því sem tækninni fleygir fram verður auðveldara að gera þetta,“ segir hann og bætir við að vinnslutími Spaugstofunnar hafi alltaf verið knappur. „Við gerum ýtrustu kröfur til allra deilda. Það eru allir að vinna ofurmannlegt starf í hverri viku, en nú erum við komnir með þekkingu og tækni til að gera flóknari hluti á þessum skamma tíma. Það hefur þróast þannig að kröfurnar halda áfram að vera miklar. Við ráðum við flóknari hluti á þessum stutta tíma.“

**atlifannar@frettabladid.is**



**SKAPARAR** Ólöf Erla og Sigurður hanna heiminn utan um Spaugstofuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FYRIR OG EFTIR** Séð frá stjórnarráðinu fyrir og eftir meðferð frá Ólöfu og Sigurði.

# Best að hafa nóg fyrir stafni

„Ég er rosalega spennt fyrir báðum tónleikunum. Hljómsveitirnar spila gjörólíka tónlist og það verður gaman að syngja með þeim báðum,“ segir söngkonan Rakel Mjöll Leifsdóttir, sem syngur með hljómsveitunum Sykri og Útúrdúr sem báðar verða á tónlistarhátíðinni Airwaves í ár.

Rakel Mjöll hefur sungið í kór í nokkur ár auk þess sem hún keppti tvisvar fyrir hönd Kvennaskólans í Söngkeppni framhaldsskólanna, þaðan sem hún útskrifaðist í vor. Nú stundar hún nám í kvikmyndafræði við Háskóla Íslands og lærir djasssöng við FÍH ásamt því að syngja með tveimur hljómsveitum. „Mér finnst gaman að gera margt í einu og hingað til hefur það gengið fullkomlega upp. Tónleikar Sykurs og Útúrdúrs eru sjaldan á sama tíma þótt það sé stundum stutt á milli.“



**UNG OG EFNILEG** Rakel Mjöll Leifsdóttir segist hafa gaman af því að hafa nóg fyrir stafni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rakel Mjöll segir það mikilvægt að hún skipti um karakter þegar hún er á sviði með hljómsveitunum því tónlistin sé ólík og stemning tónleikagesta eftir því. „Ég reyni að vera sitthvor karakterinn til þess að skapa rétta stemningu á tónleikum. Tónlistin er svo ólík og hjá Sykri er þetta til dæmis meiri dans og stuð. Útúrdúr er tólf manna hljómsveit sem spilar hálfgerða sígaunatónlist og á ýmis hljóðfæri. Stundum hefur verið þröngt að koma okkur öllum fyrir á sviði þar sem við erum svo mörg, en ég hef engar áhyggjur af því fyrir Airwaves-tónleikana, við verðum bara að sitja þétt,“ segir Rakel Mjöll.

Fyrsta plata Sykurs kom út í vikunni og plata er væntanleg frá hljómsveitinni Útúrdúr seinna í vetur. Sykur spilar á Batteríinu í kvöld klukkan 23.20. **- sm**

# Al Martino látinn

Bandaríski söngvarinn Al Martino, sem lék Johnny Fontane í Guðföðurmyndunum, lést á heimili sínu í Fíladelfíu, 82 ára gamall. Hann vann sér það eina til frægðar að hafa átt fyrsta lagið sem komst í efsta sæti breska vinsældalistans. Lagið Here In My Heart náði toppsætinu þegar NME kynnti vinsældalista sinn í fyrsta sinn árið 1952. Hélt Martino sætinu í heilar níu vikur. Á meðal annarra vinsælla laga hans voru Spanish Eyes, Can't Help Falling in Love og Volare. Martino tók einnig upp titillag The Godfather og söng það í brúðkaupsatriði fyrstu myndarinnar. Persónan Johnny Fontane var guðsonur Don Vito Corleone, sem Marlon Brando lék á eftirminnilegan hátt. Talið er að söngvarinn Frank Sinatra hafi verið fyrirmynd Fontanes.



**AL MARTINO** Johnny Fontane úr Guðföðurmyndunum er látinn, 82 ára. NORDICPHOTOS/GETTY






# FEITUSTU BITAR LANDSINS

**„Brjálaði borgarinn“ – hinn beikonvafði „Craz-e“ ostborgari sem er pakkað í kleinuhring í stað hamborgarabrauðs – hefur vakið mikla athygli að undanförnu, ekki síst vegna þess að hann inniheldur um 1.500 hitaeiningar. Þegar betur er að gáð má auðveldlega finna jafn hitaeiningaríka borgara og báta á Íslandi.**



**ER EINHVER AÐ TELJA HITAEININGARNAR?** Kraftajötnar borða risaborgara í Mangógrilli fyrir nokkrum árum.

Hjá TGI Friday‘s í Smáralind má til að mynda fá Jack Daniels-borgara. Þetta er sérkryddaður og grillaður hamborgari með stökku beikoni, þakinn bræddum Maribo-osti og borinn fram með Jack Daniels-viskígljáa. Þessi borgari inniheldur litlar 1.540 hitaeiningar samkvæmt upplýsingum á Netinu og þá eru frönskurnar ekki taldar með, hvað þá kokkteilsósan og kókið!



**SLEF, SLURP, 1.540 HITAEININGAR!** Jack Daniels borgarinn á TGI Fridays.

Á hinni amerísku lúxusborgarakeðjunni, Ruby Tuesday, geturðu fengið Smokehouse – sígildan hamborgara með grillsósu, osti, beikoni og laukstráum. Þessi borgari er 1.434 hitaeiningar, samkvæmt heimasíðu Ruby. Ef þú lætur það eftir þér að fá þér „hlaðnar“ franskar með bræddum osti, beikoni og sýrðum rjóma erum við að tala um 668 hitaeiningar í viðbót. Og svo færðu þér auðvitað kokkteilsósu og kók og þá er nú alveg óþarfi að borða meira þann daginn!



**SLEF, SLURP, 1.434 HITAEININGAR!** Smokehouse-borgarinn á Ruby Tuesday.

Í Bandaríkjunum er skylt að gefa upp upplýsingar um næringarinnihald matvöru, þar með talið rétta á veitingahúsum, ef fleiri en 500 manns vinna hjá fyrirtækinu. Allar stórar skyndibitakeðjur eru því með nákvæma útlistun á vörum sínum. Svipuð lög eru ekki til á Íslandi og því renna neytendur blint í sjóinn þótt hyggjuvitið ætti nú að segja þeim hvað sé fitandi og hvað ekki. Þótt nákvæmar tölur liggi ekki fyrir er ljóst að „Hlölla-hlunkurinn“ blandar sér í baráttuna um feitasta bitann á Íslandi. Þessi risavaxni Hlöllabátur er gjörsamlega úttroðinn af nautakjöti, beikoni, kjúklingi, osti, káli, gúrkum, lauk og Hlöllasósu.



**ÓMÆLDUR** Hlunkur og bomba frá Hlölla ættu að gefa nokkrar hitaeiningar.

Annar Hlöllabátur, svokölluð „Hlölla-bomba“, fæst í Hlöllabátum á Bíldshöfða. Í þessum íturvaxna báti er lambahakk OG svínahakk, skinka, beikon, ostur og grænmeti – „ef maður vill“.

Á Greifanum á Akureyri fæst hin sígilda „Kólesterólsprengja“ – þunnt sneitt nautakjöt með sveppum og lauk í hamborgarabrauði og allt löðrandi í bérnaise-sósu. Á Greifanum fæst líka „Trukkaborgari“, sem er sagður „uppáhald vörubílstjórans“ – „Einn tvöfaldur með miklu beikoni, osti, sósu og káli. Borinn fram með frönskum og kokkteilsósu.“ Þessi pakki ætti að slaga upp í 2.000 hitaeiningar með kóki.



**GREIFINN Á AKUREYRI** Heimkynni Kólesterólsprengjunnar og Trukkaborgarans.

Til hliðsjónar má nefna að ostafyllt fjórtán tommu „kjötveislu“-pítsa á Pizza Hut er 3.840 hitaeiningar. Pastaréttir í rjómasósu slaga vel upp í 1.500 hitaeiningar. Big Mac á McDonald‘s og stór skammtur af frönskum innihalda 1.040 hitaeiningar. Máltíð á KFC (franskar, hrásalat, kjúklingabringa og læri) er 837 hitaeiningar. Pylsa með öllu er 429 hitaeiningar og hálfur Subway-bræðingur er 380 hitaeiningar, en sú tala hækkar auðvitað fljótt með ótæpilegu sósuflóði.



**ALVEG CRAZ-E** Hinn vafasami kleinuhringsborgari.

Til gamans má svo geta þess að dagsþörf fullorðins karlmanns er 2.500 hitaeiningar, konu um 2.000.

**drgunni@frettabladid.is**



# Fyrsta einkasýning Harðar Sveinssonar

„Þetta er fyrsta einkasýningin mín – það hefur alltaf blundað í mér að halda sýningu," segir ljósmyndarinn Hörður Sveinsson.

Myndir og Mayhem, ljósmyndasýning Harðar, var opnuð í Kaffistofunni Hverfisgötu 42 í gær og stendur fram yfir Iceland Airwaves-hátíðina. Sýningin er helguð íslensku tónlistarlífi og henni samhliða verður tónleikadagskrá þar sem hljómsveitir á borð við Reykjavík!, Mammút, Sudden Weather Change og Sykur koma fram. „Ég valdi allar hljómsveitirnar sjálfur," segir Hörður. „Þetta eru uppáhaldshljómsveitirnar mínar í augnablikinu." Óvæntar hljómsveitir koma fram á fimmtudags-, föstudags- og laugardagskvöld, en Hörður vill ekkert láta uppi um þær.

Hörður hefur myndað fjölmargar hljómsveitir og listamenn síðustu ár, meðal annars Björk, Sigur Rós, Emilíönu Torrini, Agent Fresco, Múm, Megas, Magna og Mugison. Hann hefur meðal annars myndað fyrir Grapevine, Fréttablaðið og Monitor og myndirnar hans hafa birst í fjölmörgum erlendum miðlum.

Sýning Harðar er haldin í samstarfi við tónlistarsjóðinn Kraum, Útflutningsstofu íslenskrar tónlistar og Listaháskóla Íslands. - afb



**FYRSTA SÝNINGIN** Hörður var á fullu að undirbúa sýninguna þegar Fréttablaðið bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LILY ALLEN** Breska söngkonan vinnur skaðabótamál á hendur blaðinu The Sun.

# Skaðabætur handa Lily

**Breska söngkonan Lily Allen hefur unnið skaðabótamál sem hún höfðaði á hendur slúðurblaðinu The Sun. Blaðið hélt því fram fyrr á árinu að hún hefði gert lítið úr fótboltamönnum og eiginkonum þeirra, þar á meðal David og Victoriu Beckham, í viðtali við franska tímaritið So Foot. Lily vísaði fréttinni snarlega á bug og höfðaði mál gegn blaðinu. The Sun hefur viðurkennt að hafa lagt söngkonunni orð í munn, og sendi afsökunarbeiðni til hennar sem var birt í síðasta mánuði.**

# Heillast af glæponum

Í viðtali við breskt tímarit segir söngkonan Fergie að hún hafi eitt sinn verið heilluð af undirheimamenningu Los Angeles. Fergie, sem var þá meðlimur í stúlknabandinu Wild Orchid, sökkti sér niður í skemmtanalífið og eiturlyfjanotkun á þessum tíma. „Ég var heltekin af glæpagengjum og fannst hugmyndin mjög rómantísk og heillandi. En eftir að byssu var miðað á höfuð mitt eitt kvöldið ákvað ég að nú væri komið nóg. Maður á ekki að taka þessum heimi of létt. En mér finnst suðuramerískir glæpamenn enn mjög sætir," segir söngkonan.



**HEILLUÐ AF GLÆPAMÖNNUM** Fergie heillaðist af suðuramerískum glæpagengjum í Los Angeles.

íslensk hönnun og handverk



fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is




LANCÔME DAGAR Í DEBENHAMS
15. TIL 21. OKTÓBER

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur**

- Lancôme taska
- Kinnalitur í sólarpúðurlit
- Aqua Fusion rakakrem 15 ml
- Lancôme Sérum 10 ml
- Lancôme maskari
- Juicytubes gloss 7 ml
- Khol blýantur

**Verðmæti kaupaukans 13.000 krónur**
Einnig aðrar gerðir kaupauka.



DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR
Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI
* Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Gildir ekki með 2 blýöntum og Bocage. Einn kaupauki á viðskiptavin.

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 9 | kl. 6 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 og 9 | 16 |
| FUNNY PEOPLE | kl. 10 | 12 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 8 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FAME | kl. 5:50 - 8D - 10:20D | L |
| FAME | kl. 10:20 | VIP |
| ORPHAN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| SURROGATES | kl. 6 - 8 - 10:10 | 12 |
| SURROGATES | kl. 6 - 8 | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl. 5 - 6D | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 8 - 10:50 | 12 |
| HAUNTING IN CONNECTICUT | kl. 10:20 | 16 |
| DISTRICT 9 | kl. 8 | 16 |
| BANDSLAM | kl. 5:50 | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FAME | kl. 8:10D - 8:10D - 10:30D | L |
| ORPHAN | kl. 6 - 9:10 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8:30 - 10:30 | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6D | L |
| KRAFTUR | kl. 8D síðasti sýningardagur | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA | kl 6 | L |
| FAME | kl. 6 - 8 | L |
| MANAGEMENT | kl. 8 | 10 |

ROBBIE WILLIAMS 20. október

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| 9 | kl. 4 - 6t - 10 | 10 |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM L | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| BIONICLE ÍSLENSKT TAL | kl. 4 | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| ANTICHRIST | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 18 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND | kl.5.45 - 8 | L |
| THE UGLY TRUTH | kl. 10 (Síðasta sýning) | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |
| JENNIFER'S BODY | kl. 5.45 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE UGLY TRUTH | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 14 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**LISTRÆNIR FEÐGAR** Guðmundur og Atli gera listaverk í anda popplistar. Guðmundur segist vilja segja sögu með verkum sínum.

# Sækir innblástur í kreppuna

**Guðmundur Atlason tók aftur upp pensilinn í vor eftir langt hlé. Hann málar í popplistarstíl og hefur fengið innblástur eftir innreið kreppunnar hér á landi.**

Listamaðurinn Guðmundur Atlason málar verk í anda popplistarinnar og sækir innblástur í íslenskt þjóðlíf, kreppuna og búsáhaldabyltinguna. Guðmundur hóf að mála fyrir fimmtán árum í kjölfar veðmáls þar sem hann vildi sýna og sanna fyrir vini sínum að hann gæti málað í sama stíl og meistari Erró. Hann málaði sex myndir og lagði svo pensilinn á hilluna þar til hann hóf að mála aftur nú í vor.

„Fyrir kreppu hafði ég rekið eigið fyrirtæki í byggingabransanum, en tveimur vikum eftir hrunið varð allt stopp og hefur ekki farið í gang aftur síðan. Ég var að íhuga að yfirgefa Ísland og fá vinnu erlendis og vildi fá meðmæli frá erlendum aðila. Ég hafði samband við mann í Bandaríkjunum, Edward Christians, forstjóra Saga Communication, til að fá meðmæli og sá hafði séð eitt verka minna á skrifstofunni í gamla daga. Hann spurði mig af hverju ég sneri mér ekki þess í stað að myndlistinni og eftir smá umhugsun ákvað ég að láta verða af því,“ útskýrir Guðmundur.

Málverkin eru akrýlverk og segir Guðmundur að sér finnist best að vinna með teiknimyndastílinn því á þann hátt geti hann sagt sögu með verkum sínum. Hann er þó ekki einn að vinna verkin því hann starfar með syni sínum, Atla, sem er í þjálfun hjá Guðmundi um þessar mundir.

Máverkin þykja mjög raunsæ og á einu verki þeirra feðga má sjá Gunnar Má Pétursson mótmæla á Austurvelli, en Gunnar Már er líklega þekktastur sem Helvítis Fokking Fokk-maðurinn. „Það tók okkur eina og hálfa viku að mála peysuna hans í smáatriðum og skiltið er einnig nákvæm eftirlíking af fyrirmyndinni,“ segir Guðmundur.

Sýning með verkum Guðmundar og Atla verður opnuð á föstudaginn í Kaffi París við Austurstræti 14.

sara@frettabladid.is




# ÍBÚAR ÍSLANDS:

Innan skamms ætlum við heimsækja ykkur. Bráðlega munið þið kynnast okkur. Við getum aðeins sagt að við erum hundrað manns sem langar að heimsækja allt landið og ætlum að halda mikinn fagnað með ykkur næsta miðvikudag, 21. október. Fljótlega heyrið þið meira frá okkur.



## > McShane og Jón Gunnar skiptu um treyju

Sérkennileg félagaskipti áttu sér stað á íslenska leikmannamarkaðnum í knattspyrnu í gær þegar tveir miðjumenn einfaldlega skiptu um treyjur. Paul McShane fór til Keflavíkur og Jón Gunnar Eysteinsson til Fram. Bein skipti. Jón Gunnar er þar með aftur kominn undir stjórn Þorvaldar Örlygssonar sem þjálfaði hann hjá Fjarðabyggð. Einnig hittir Jón Gunnar fyrir hjá Fram gamlan félaga að austan, Halldór Hermann Jónsson, en sá hefur slegið í gegn með Fram síðustu tvö tímabil.



**sport**

sport@frettabla-

FYRSTI LEIKUR ÍSLANDS Í UNDANKEPPNI EM 2010: NÍU MARKA TAP Í FRAKKLANDI

# *Gáfumst aldrei upp gegn sterkum Frökkum*

Íslenska landsliðið í handbolta tapaði í gær fyrir Frökkum ytra í fyrsta leik liðanna í undankeppni EM kvenna sem fer fram á næsta ári, 32-23. Staðan í hálfleik var 16-12, Frökkum í vil. Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari var ánægður með margt í leik íslenska liðsins.

„Ég er auðvitað ekki sáttur við að tapa með níu marka mun en við vorum að spila við frábært lið í troðfullri höll. Við byrjuðum illa og lentum undir, 7-1. Við það þurftum við að eyða miklum kröftum í að koma okkur aftur inn í leikinn en það tókst og ég var mjög ánægður með það," sagði Júlíus.

„Eftir það var munurinn lengi vel aldrei meiri en 3-4 mörk. Við áttum svo möguleika á að koma okkur enn betur inn í leikinn á 11. mínútu seinni hálfleiks. Þá var staðan 21-18 og við einum fleiri. En í stað þess að við skoruðum tvö mörk fengum við tvö mörk á okkur. Þær fór svo að stinga okkur af á síðasta korterinu. Við vorum að gera mikið af mistökum í sóknarleiknum og það má ekki gegn jafn sterku liði og því franska. Þær voru mjög fljótar að refsa okkur."



Ísland er einnig með Bretlandi og Austurríki í riðli en Júlíus segir engan vafa leika á því að Frakkar séu með sterkasta lið riðilsins. „Þetta er lið í hæsta gæðaflokki og gríðarlega sterkt. En við gáfumast aldrei upp og vorum að skapa þeim smá vandræði. Við byrjuðum frekar illa og síðustu tíu mínúturnar voru heldur ekki góðar. Þess á milli var ég talsvert ánægðari með leik liðsins."

Ísland mætir næst Austurríkismönnum í Vodafonehöllinni og segir Júlíus að um algeran lykilleik sé að ræða.

„Þessi leikur skiptir gríðarlega miklu máli upp á framhaldið að gera. Við höfum nú nokkra daga til að sleikja sárin og undirbúa okkur fyrir það einvígi. Við ætlum okkur að leggja allt sem við eigum í leikinn og hvetjum alla til að koma og styðja við bakið á okkur. Við þurfum á því að halda."

Áfall fyrir Bandaríkjamenn:

## Landsliðsmaður í bílslysi

**FÓTBOLTI** Charlie Davies, leikmaður Sochaux í Frakklandi og fastamaður í bandaríska landsliðinu, slasaðist þegar hann lenti í slæmu bílslysi í Virginíu-ríki í Bandaríkjunum.

22 ára gömul kona lést í árekstrinum en ástand Davies er sagt vera alvarlegt en stöðugt. Hann fótbrotnaði illa og fór í aðgerð vegna þessa.

Meiðslin eru ekki lífshættuleg en óvíst er nú um þátttöku hans á HM í Suður-Afríku á næsta ári. Það yrði nokkur blóðtaka fyrir Bandaríkjamenn ef Davies getur ekki spilað.

Bandaríkjamenn hafa þegar tryggt sér þátttökurétt í úrslitakeppni HM en liðið mætir Kostaríku í undankeppninni í kvöld.

- esá

# Grindavík er með sterkasta liðið

**Benedikt Guðmundsson, fyrrverandi þjálfari karlaliðs KR og núverandi þjálfari kvennaliðs félagsins, spáir því að Grindavík hirði Íslandsmeistaratitilinn í ár. Hann segir eðlilegt að spá Breiðablik og FSu falli.**

**KÖRFUBOLTI** Keppni í Iceland Express-deild karla hefst í kvöld með þremur leikjum. Íslandsmeistarar KR sækja FSu heim, ÍR fær Njarðvík í heimsókn og Snæfell tekur á móti Hamri.

KR á titil að verja frá síðasta tímabili en mætir til leiks með mikið breytt lið. Grindavík er spáð titlinum í ár og Benedikt Guðmundsson er sammála þeirri spá.

„Grindavík er augljós kostur í fyrsta sætið enda með sterkasta liðið eins og staðan er í dag. Það hafa orðið litlar breytingar á liðinu og ef Kaninn er góður verður erfitt að stoppa þá. Það eina sem þeir eiga eftir að sakna er Helgi Jónas. Ég held að liðið eigi eftir að sakna hans meira en margur heldur," sagði Benedikt.



**MUNU LYFTA OFTAR** Leikmenn Grindavíkur munu lyfta fleiri bikurum í vetur ef spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna gengur eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Snæfelli var spáð öðru sæti deildarinnar á árlegum kynningarfundi KKÍ en KR aðeins þriðja sæti. Benedikt er ekki alveg sammála þeirri spá.

„Ég set KR í annað sætið en Snæfell í það þriðja. Ég er kannski pínuhlutdrægur en ég hef mikla trú á þessum strákum hjá KR. Menn eru mikið að bera liðið saman við það sem var í fyrra en þá gleymist stundum að flestir þessara stráka voru í liðinu 2007 sem þá varð einnig meistari," sagði Benedikt sem hefur einnig trú á fyrrum aðstoðarmanni sínum, Inga Þór Steinþórssyni, sem nú stýrir liði Snæfells.

„Snæfelli hefur gengið mjög vel á undirbúningstímabilinu. Þeir verða samt að fá sér Kana ef þeir ætla að eiga möguleika á titlinum," segir Benedikt. „Svo er eðlilegt að Breiðablik og FSu sé spáð falli. Bæði lið hafa misst mikið. Veturinn verður þungur fyrir bæði lið."

henry@frettabladid.is






**LIONEL MESSI** Er ánægður í Barcelona.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Forráðamenn Barcelona:

## Samningurinn er löglegur

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Barcelona segja ekkert vera hæft í þeim ásökunum að nýr samningur Lionels Messi stríði gegn reglum FIFA.

Samningur Messi er til ársins 2016 en forseti heimssamtaka knattspyrnumanna segir að samningar megi ekki vera lengri en til fimm ára í senn. Hafa samtökin kvartað til FIFA vegna þessa samnings.

Forráðamenn Barcelona segjast ekki hafa fengið nein skeyti, hvorki frá leikmannasamtökunum né frá FIFA.

Í yfirlýsingu félagsins kemur einnig fram að samningurinn sé í samræmi við öll lög og þar á meðal lög FIFA en þeir segja að þar komi fram að samningur geti verið lengri en til fimm ára.

Ekki fylgir sögunni hvort Messi sjálfur hafi kvartað til leikmannasamtakanna en það verður að teljast ólíklegt að hann hafi verið neyddur til þess að skrifa undir samninginn við spænska risann.

- hbg


Göngudagar
20%
afsláttur af öllum gönguskóm
frá fimmtudegi til sunnudags.
Öll helstu merkin í gönguskóm.
MEINDL
THE NORTH FACE
SCARPA
LOWA
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

Stefán Logi Magnússon:

## Salan kláruð á næstu dögum

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KR, segir yfirgnæfandi líkur á því að félagið muni ganga frá sölu á markverðinum Stefáni Loga Magnússyni nú um helgina.

Stefán Logi hefur verið í láni hjá norska úrvalsdeildarfélaginu Lilleström síðan í sumar og þótt standa sig mjög vel.

„Þeir hafa mikinn áhuga á að fá Stefán Loga en það var vitað að þeir myndu taka sér góðan tíma til að skoða hann. Mér skilst þó að það sé stutt í að það verði hægt að ganga endanlega frá þessu,“ sagði Rúnar við Fréttablaðið.

Enn er óvíst hvort Andre Hansen verði seldur frá Lilleström til KR. Sjálfur hefur hann þó lýst yfir áhuga á að vera áfram í herbúðum félagsins.

Lilleström er í ellefta sæti norsku úrvalsdeildarinnar. **- esá**

Jósef Kristinn Jósefsson:

## Aftur til Malmö

**FÓTBOLTI Grindvíkingurinn Jósef Kristinn Jósefsson mun að öllum líkindum fara aftur til Malmö í Svíþjóð í næsta mánuði þar sem forráðamenn Malmö FF vilja skoða hann nánar.**

**Hann fór til félagsins í síðasta mánuði og stóð sig vel. „Mér leist mjög vel á félagið. Það er gríðarlega góð umgjörð í kringum liðið og mér leist mjög vel á allar aðstæður,“ sagði Jósef.**

**Hann skoraði annað marka Íslands í 2-1 sigri á Norður-Írlandi í fyrrakvöld í heimabæ sínum og hefur verið fastamaður í liði Grindavíkur undanfarin þrjú tímabil.** **- esá**

# Vandræðagangur á Haukum

**Íslandsmeistarar Hauka fara ákaflega hægt af stað á Íslandsmótinu í ár og nokkur vandræðagangur í leik liðsins og þá aðallega sóknarleiknum. Vængbrotið lið Akureyrar sótti gott stig á Ásvelli í gærkvöld.**

**HANDBOLTI** Haukar og Akureyri skildu jöfn, 24-24, í æsispennandi leik á Ásvöllum í gær. Leikurinn var í járnum allan tímann og jafntefli líklega sanngjörn niðurstaða.

Akureyri var skrefi á undan allan fyrri hálfleikinn en Haukar komust yfir undir lokin. Liðin skiptust á að hafa forystuna í þeim seinni. Lokamínútan var æsispennandi. Birkir Ívar varði tvö skot í röð frá Akureyri og sá til þess að sitt lið fékk lokasóknina.

Það kom í hlut Sigurbergs að taka lokaskot leiksins en Hafþór varði það. Meistararnir urðu því að sætta sig við eitt stig á heimavelli í gær. Þeir rétt mörðu slakt lið Stjörnunnar í fyrsta leik og skoruðu svo aðeins 24 mörk gegn Akureyri sem var án tveggja af sínum bestu varnarmönnum. Sigurbergur á enn nokkuð í land og Björgvin ekki eins tilbúinn og búist var við. Nýliðar á borð við Tjörva Þorgeirsson virðast síðan ekki tilbúnir í slaginn.

Birkir Ívar dró Haukaliðið inn í leikinn í gær er þeir voru að tapa honum og Haukar geta þakkað honum fyrir stigið. Pétur Pálsson var einnig firnasterkur á línunni en sóknarleikinn þarf liðið að laga hið fyrsta.

Akureyringar spiluðu hörkuvörn lengstum í gær og þurftu ekki sömu markvörslu og Haukar þó svo Hafþór hafi varið ágætlega á köflum. Heimir Örn var geysilega drjúgur á lokakaflanum en slíkt hið sama verður ekki sagt um Árna Þór sem átti skelfilegan leik. Oddur var flottur og Hafþór ágætur í markinu.

„Fyrirfram hefði maður verið sáttur við stig en eftir þennan leik hefði maður viljað meira. Við fengum færi til þess að klára leikinn og slíta okkur frá þeim en við nýttum þau ekki,“ sagði Jónatan Magnússon, leikmaður Akureyrar.

Ekki náðist í þjálfara né leikmenn Hauka sem létu sig hverfa hið fyrsta inn í klefa, líklega á krísufund.

**henry@frettabladid.is**

*N1-deild karla:*

Haukar-Akureyri 24-24 (13-12)

Mörk Hauka (skot): Sigurbergur Sveinsson 7/3 (16/3), Björgvin Hólmgeirsson 5 (14), Pétur Pálsson 5 (5), Einar Örn Jónsson 2 (2), Tjörvi Þorgeirsson 1 (3), Elías Már Halldórsson 1 (4), Guðmundur Árni Ólafsson 1 (1), Heimir Óli Heimisson 1 (1), Stefán Rafn Sigurmannsson 1 (3).

Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 16 (32/3) 50%, Aron Rafn Eðvarðsson 7 (15) 47%.

Hraðaupphlaup: 3 (Elías, Heimir, Stefán).

Fiskuð víti: 3 (Pétur, Einar, Björgvin).

Utan vallar: 6 mín.

Mörk Akureyri (skot): Oddur Grétarsson 7/3 (10/3), Heimir Örn Árnason 6 (12), Árni Þór Sigtryggsson 3 (12), Guðmundur Hólmar Helgason 3 (7), Jónatan Magnússon 2 (5), Heiðar Aðalsteinsson 1 (2), Halldór Logi Árnason 1 (2), Hreinn Hauksson 1 (1).

Varin skot: Hafþór Einarsson 13 (32/2) 41%.

Hraðaupphlaup: 5 (Árni 2, Oddur 2, Hreinn).

Fiskuð víti: 3 (Árni, Jónatan, Halldór).

Utan vallar: 6 mín.



**SEIGUR** Heimir Örn Árnason var drjúgur í liði Akureyrar á Ásvöllum í gær. Hann skoraði sex mörk í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**ALFREÐ** Gæti verið á leið í atvinnumennskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Alfreð Finnbogason:

## Æfir og spilar með Genk

**FÓTBOLTI Alfreð Finnbogason hélt í gær til Belgíu þar sem hann mun æfa og spila með úrvalsdeildarfélaginu Genk næstu tíu dagana. Frá þessu var greint á fótbolti.net.**

**Alfreð var kjörinn efnilegasti leikmaður Pepsi-deildar karla í sumar en hann var þriðji markahæsti leikmaður deildarinnar. Alls skoraði hann þrettán mörk í átján leikjum með Breiðabliki í sumar. Hann skoraði auk þess bæði mörk Blika í bikarúrslitaleiknum gegn Fram á dögunum.** **- esá**

Pétur Georg Markan:

## Aftur í Fjölni

**FÓTBOLTI** Pétur Georg Markan hefur ákveðið að ganga aftur til liðs við Fjölni. Hann lék með Val í sumar en með Fjölni frá 2005 til 2008. Hann gerir nú tveggja ára samning við Fjölni.

„Eftir að hafa skoðað þá kosti sem mér stóðu til boða stóð hugurinn þangað. Mér finnst spennandi að fara aftur upp í Grafarvoginn og taka þátt í þeim metnaðarfullu verkefnum sem eru fram undan þar.“ **- esá**



# HotYoga
## í Sporthúsinu



**Kennari:**
**Jóhannna Karlsdóttir**
**með alþjóðleg**
**kennararéttindi í Hot Yoga**

**Ath. Hvert námskeið er 6 vikur að lengd.**
**Hver tími er 90 mínútur nema annað sé tekið fram.**
**Hámarks fjöldi á námskeið er 45 manns.**

## Skráning er hafin á eftirfarandi námskeið:

1) **Hot Yoga - Morgnar**
Hefst mán 12. okt.
mán + mið + fostud kl. 6:00
Verð 19.000 kr.

2) **Hot Yoga - seinnip. I**
hefst þri 13. okt
þri + fim kl. 17:30 + laug kl. 9:30
Verð: 19.900 kr.

3) **Hot Yoga - seinnip. II**
hefst mán 19 okt.
mán + mið + föstud kl. 17:30
Verð: 19.900 kr.

4) **Hot Yoga - kvöld I**
hefst man 19. okt
mán + mið kl. 19:30
Verð: 14.500 kr.

5) **Hot Yoga - kvöld II**
Hefst þri. 27. okt.
þri + fim kl. 20:00
Verð: 14.500 kr.

6) **Hot Yoga - dagur - 60 mín**
Hefst þri 27. okt
þri +fim kl. 14:0
Verð: 12.900 kr.

**Nánari upplýsingar og skráning í síma**
**564-4050 eða á gunnhildur@sporthusid.is**

**SPORTHÚSIÐ**
heilsurækt fyrir alla

**DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050**

## ÚRSLIT

*Undankeppni HM:*

**1. riðill:**

| | |
|---|---|
| Danmörk-Ungverjaland | 0-1 |
| Svíþjóð-Albanía | 4-1 |
| Olof Mellberg 2, Marcus Berg, Anders Svensson. | |
| Portúgal-Malta | 4-0 |
| Nani, Simao, Miguel Veloso, Arnaldo Edinho. | |

**LOKASTAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Danmörk** | **10** | **6** | **3** | **1** | **16-5** | **21** |
| Portúgal | 10 | 5 | 4 | 1 | 17-5 | 19 |
| **Svíþjóð** | **10** | **5** | **3** | **2** | **13-5** | **18** |

**2. riðill:**

| | |
|---|---|
| Grikkland-Lúxemborg | 2-1 |
| Sviss-Ísrael | 0-0 |
| Lettland-Moldavía | 3-2 |

**LOKASTAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sviss** | **10** | **6** | **3** | **1** | **18-8** | **21** |
| Grikkland | 10 | 6 | 2 | 2 | 20-10 | 20 |

**3. riðill:**

| | |
|---|---|
| Tékkland-Norður-Írland | 0-0 |
| San Marinó-Slóvenía | 0-3 |
| Pólland-Slóvakía | 0-1 |

**LOKASTAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Slóvakía** | **10** | **7** | **1** | **2** | **22-10** | **22** |
| Slóvenía | 10 | 6 | 2 | 2 | 18-4 | 20 |

**4. riðill:**

| | |
|---|---|
| Aserbaijan-Rússland | 1-1 |
| Liechtenstein-Wales | 0-2 |
| - David Vaughan, Aaron Ramsey. | |
| Þýskaland-Finnland | 1-1 |
| Lukas Podolski - Jonatan Johansson. | |

**LOKASTAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þýskaland** | **10** | **8** | **2** | **0** | **26-5** | **26** |
| Rússland | 10 | 7 | 1 | 2 | 19-6 | 22 |

**5. riðill:**

| | |
|---|---|
| Bosnía/Hersgóvína-Spánn | 2-5 |
| - Alvaro Sanchez Negredo 2, Gerard Pique, David Silva, Juan Garcia Mata. | |
| Eistland-Belgía | 2-0 |
| Tyrkland-Armenía | 2-0 |

**LOKASTAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Spánn** | **10** | **10** | **0** | **0** | **28-5** | **30** |
| Bosnía | 10 | 6 | 1 | 3 | 25-13 | 19 |

**6. riðill:**

| | |
|---|---|
| Andorra-Úkraína | 0-6 |
| England-Hvíta-Rússland | 3-0 |
| Peter Crouch 2, Shaun-Wright Phillips. | |
| Kasakstan-Króatía | 1-2 |

**LOKASTAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **England** | **10** | **9** | **0** | **1** | **34-6** | **27** |
| Úkraína | 10 | 6 | 3 | 1 | 21-6 | 21 |
| **Króatía** | **10** | **6** | **2** | **2** | **19-13** | **20** |

**7. riðill:**

| | |
|---|---|
| Litháen-Serbía | 2-1 |
| Frakkland-Austurríki | 3-1 |
| Karim Benzema, Thierry Henry (víti), Andre Pierre Gignac. | |
| Rúmenía-Færeyjar | 3-1 |

**LOKASTAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Serbía** | **10** | **7** | **1** | **2** | **22-8** | **22** |
| Frakkland | 10 | 6 | 3 | 1 | 18-9 | 21 |

**8. riðill:**

| | |
|---|---|
| Búlgaría-Georgía | 6-2 |
| Ítalía-Kýpur | 3-2 |
| Alberto Gilardino 3. | |
| Írland-Svartfjallaland | 0-0 |

**LOKASTAÐA EFSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ítalía** | **10** | **7** | **3** | **0** | **18-7** | **24** |
| Írland | 10 | 4 | 6 | 0 | 12-8 | 18 |



**FÖGNUÐUR** Simao Sabrosa og félagar í portúgalska landsliðinu gátu leyft sér að brosa eftir að liðið tryggði sér sæti í umspili HM í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

# Portúgal slapp í umspil

**Portúgal komst í umspil í gær en bæði Svíþjóð og Noregur eru úr leik í baráttunni um HM-sæti eftir lokaleikina í undankeppni HM. Alberto Gilardino tryggði Ítalíu ævintýralegan sigur og England kláraði riðilinn með stæl.**

**FÓTBOLTI** Það var mikil spenna í gærkvöldi þegar lokaumferðin í undankeppni HM fór fram. Barist var í fjórum riðlum af átta.

Möguleikar Svía á að komast í umspil runnu endanlega út í sandinn er Portúgal valtaði yfir Möltu, 4-0, án Ronaldo. Svíar gerðu sitt á sama tíma er þeir lögðu Albaníu, 4-1, en það dugði ekki til. Danmörk vann riðilinn þrátt fyrir tap gegn Ungverjum en Portúgalar tókum umspilssætið. Sigur Portúgal gerði það einnig að verkum að Noregur komst ekki í umspil en liðið náði öðru sæti í riðli Íslands.



**KÁTUR** Skeggjaður David Beckham fékk að spila í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Grikkir rétt mörðu Lúxemborg, 2-1, og það dugði til að koma liðinu í umspil. Ísrael sat eftir með sárt ennið en Sviss vann riðilinn þrátt fyrir markalaust jafntefli gegn Ísrael. Sviss því aftur komið á HM og fyrrverandi Evrópumeistarar Grikkja halda lífi í vonum sínum.

Tékkar ollu gríðarlegum vonbrigðum með frammistöðu sinni í undankeppninni og þeir luku undankeppninni ekki einu sinni með sóma er liðið gerði markalaust jafntefli gegn Norður-Írlandi á heimavelli. Slóvakar unnu riðilinn afar óvænt er þeir náðu frábærum útisigri á Póllandi í gær. Slóvenía tók umspilssætið eftir 3-0 útisigur á slöku liði San Marínó.

Úkraína átti ekki í nokkrum vandræðum með að tryggja sér umspilssæti með 6-0 sigri á Andorra. Sigurinn gegn Englandi um síðustu helgi var þó lykillinn að umspilssætinu. Króatar sátu því eftir í þessum riðli sem England vann örugglega. Englendingar kláruðu sitt dæmi með sóma í gær er liðið vann sigur á Hvíta-Rússlandi, 3-0. Peter Crouch í fínu formi og skoraði tvö mörk í fjarveru Waynes Rooney.

Alberto Gilardino tryggði Ítölum ævintýralegan sigur á Kýpverjum í gær. Allt stefndi í niðurlægingu Ítala á heimavelli en liðið var 0-2 undir þegar aðeins 12 mínútur voru eftir. Þá tók Gilardino til sinna ráða og skoraði þrjú mörk á mettíma og þar af sigurmarkið á 90. mínútu. **henry@frettabladid.is**



**ÆVINTÝRI** Alberto Gilardino fagnar einu af mörkum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY

## ÚRSLIT

*N1-deild karla:*

Stjarnan-Fram 28-25 (18-12)

Mörk Stjörnunnar (skot): Daníel Einarsson 6 (7), Sverrir Eyjólfsson 5 (5), Vilhjálmur Halldórsson 5 (9), Kristján Svan Kristjánsson 4 (9), Þórólfur Nielsen 3 (4), Jón Arnar Jónsson 3 (8), Eyþór Magnússon 2 (5) Roland Valur Eradze 0 (1)

Varin skot: Roland Valur Eradze 17/1 (25/4, 40%)

Hraðaupphlaup: 6 (Daníel 5, Kristján Svan)

Fiskuð víti: 0

Utan vallar 10 mínútur

Mörk Fram (skot): Haraldur Þorvarðarson 8 (10), Magnús Stefánsson 7 (14), Andri Stefan Haraldsson 4 (6/1), Halldór Jóhann sigfússon 4/4 (8/6), Stefán Baldvin Stefánsson 1 (3), Arnar Birkir Hálfdánarson 1 (5)

Varin skot: Magnús Gunnar Erlendsson 2 (9, 18%), Zoltan Majeri 3 (14, 18%), Sigurður Örm Anarson 4 (9, 31%)

Hraðaupphlaup: 3 (Haraldur 2, Arnar Birkir)

Fiskuð víti: 7 (Haraldur 4, Magnús 3)

Utan vallar 4 mínútur



**SNORRI STEINN** Kominn í þýska boltann með Löwen. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Þýski handboltinn:

# Sigrar hjá Kiel og Löwen

**HANDBOLTI** Tveir leikir fóru fram í þýska handboltanum í gær.

Aron Pálmarsson tók þátt í sínum fyrsta nágrannaslag er Kiel heimsótti Flensburg. Heimamenn áttu ekkert í meistara Kiel sem unnu öruggan sigur, 33-41. Aron komst ekki á blað hjá Kiel en Alexander Petersson skoraði tvö mörk fyrir Flensburg.

Rhein-Neckar Löwen vann einnig útisigur er liðið sótti Hannover Burgdorf heim. Lokatölur þar 24-34.

Guðjón Valur Sigurðsson var markahæstur hjá Löwen með 8 mörk, Snorri Steinn Guðjónsson skoraði tvö mörk úr víti og Ólafur Stefánsson lét sér eitt mark nægja að þessu sinni.

Hannes Jón Jónsson komst ekki á blað hjá Burgdorf. **- hbg**


**Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!**

Hefst 02. nóv. nk. og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar. 1. stig alm. hluta og er námskeiðsgjald kr. 24.000.- Skráning fyrir 26. okt. á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000. Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá einnig á **www.isi.is**





Stjarnan komin á blað í N1-deildinni eftir sigur á Fram í Mýrinni í gær:

# Ófarir Framara halda áfram

**HANDBOLTI** „Eins og handbolti er nú oft á tíðum þá var þetta kaflaskipt en við lögðum grunninn að sigrinum með góðum leikkafla í fyrri hálfleik þar sem vörn og markvarsla voru góð og við fengum auðveld mörk í kjölfarið. Við erum samt ekki komnir á neitt flug en það er mikilvægt að vinna og fá stig. Við erum með ungt lið og við þurfum að hafa virkilega mikið fyrir öllu en ef við gerum það þá getum við unnið fullt af leikjum í vetur," sagði Patrekur Jóhannesson, þjálfari Stjörnunnar, eftir 28-25 sigur liðs síns gegn Fram í N1-deild karla.

Jafnræði var með liðunum framan af leik en Framarar virtust þó vera skrefinu á undan Stjörnumönnum. Það reyndist þó vera skammgóður vermir því í stöðunni 8-9 hrundi leikur Framara algjörlega. Vörnin hjá Stjörnunni small saman og þá fylgdi að sjálfsögðu góð markvarsla hjá Roland Val Eradze í kjölfarið.

Stjörnumenn gengu á lagið og gerðu sér lítið fyrir og skoruðu hvorki fleiri né færri en níu mörk í röð. Framarar skoruðu ekki mark í rúmar ellefu mínútur.

Í seinni hálfleik söxuðu Framarar jafnt og þétt á forskot heimamanna sem virkuðu ragir á köflum og leikmenn liðsins skorti kjark



**SLAKIR** Magnús Stefánsson og félagar í Fram hafa nákvæmlega ekkert getað í upphafi tímabilsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

til þess að taka af skarið og klára dæmið líkt og þeir gerðu í fyrri hálfleik.

Staðan var orðin 24-22 þegar um fimm mínútur voru eftir af leik og Framarar náðu í tvígang eftir það að minnka muninn niður í eitt mark. Vilhjálmur Halldórsson innsiglaði hins vegar sigurinn þegar hann kom Stjörnunni í 27-25 þegar um hálf mínúta var eftir.

Framarar fóru í sóknina og töpuðu boltanum og Stjarnan laumaði inn marki í lokin og lokatölur urðu því 28-25 og Stjörnumenn komnir á blað í deildinni. Framarar sitja hins vegar eftir með tvo tapleiki gegn liðunum sem var spáð falli í árlegri spá fyrir tímabilið. Viggó Sigurðsson, þjálfari Fram, vildi ekki veita Fréttablaðinu viðtal í leikslok. **- óþ**



BT
BT ER EINNIG Í
ORMSSON SMÁRALIND
LENDIR
Á FÖSTUDAG
MONSTERS VS ALIENS
2.199
facebook
FACEBOOK LEIKUR BT MÚSARINNAR:
BT MÚSIN DREGUR ÚT VINNINGSHAFA
MEÐAL VINA SINNA Á FACEBOOK Í OKTÓBER:
1. VINNINGUR: NINTENDO WII LEIKJATÖLVA AÐ VERÐMÆTI KR. 44.999-
2. VINNINGUR: GJAFABRÉF Í BT AÐ VERÐMÆTI KR. 20.000-
3. VINNINGUR: GJAFABRÉF Í BT AÐ VERÐMÆTI KR. 10.000-
-ERT ÞÚ EKKI ÖRUGGLEGA VINUR
BT MÚSARINNAR Á FACEBOOK?
44.999
OLYMPUS FE-26
12 Megapixels
3x optical zoom
2.7" LCD skjár
Face Detection
Stafræn hristivörn
19.999
NÝJUSTU LEIKIRNIR
Á BETRA VERÐI Í BT!
PSP, XBOX 360
PC, XBOX 360
UNCHARTED 2
NBA LIVE 10
NBA 2K10
9.499
PS3
11.999
9.999
PS3
11.999
9.999
PS3
11.999
MEDION 23.6" FULLHD LCD SKJÁR
HDMI
Full HD 1920 x 1080
16:9, 60.000:1 , 2ms
HDMI, DVI og VGA tengi
2 hátalarar
GEGGJAÐ
KYNNINGAR
TILBOÐ
44.999
54.999
spilað & skilað
BT
Skeifunni
Búinn með
leikinn?
Við kaupum
hann af þér!
Komdu með gamla
leikinn þinn í BT
og fáðu inneignarnótu
eða annan leik í staðinn.
INNEIGNARNÓTUR
BT GILDA EINNIG Í
ORMSSON
Við tökum við
PS2 – PS3 – Wii og DS leikjum
BT SKEIFAN - BT SMÁRALIND - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444



## > Tina Fey

„Mig hefur lengi langað til að fá Opruh í gestahlutverk í þættinum og þá helst hef ég viljað að hún léki bestu vinkonu mína.“

***Fey hefur orðið að ósk sinni því Oprah fer með hlutverk í þættinum 30 Rock sem Skjáreinn sýnir í kvöld kl. 20.25.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM HLUT HEIMILDARMYNDA

# *Hvernig sjáum við heiminn?*

Í langri kynningarstiklu sem ríkissjónvarpið keyrir um þessar mundir má líta brot úr nokkrum heimildarþáttaröðum sem þar verða á dagskrá í vetur. Eva María er andlitið á stiklunni og talar á einum stað um „skemmtilegar“ heimildarmyndir með sérstakri áherslu. Undir hljómar upptaka Rolling Stones frá 1965 á Paint It Black.

Nú átta ég mig ekki alveg á samhenginu: stærstur hluti heimildarmynda er oftast annað en „skemmtilegur“; þær fjalla um hluti í samtíma okkar sem þörf er á að kryfja, skýra, atvik, aðstæður sem heimta að áhorfandinn skoði samhengið, sé leiddur að niðurstöðu. Það er oft skemmtilegt að sjá heiminn í nýju ljósi, en ekki í þeim skilningi sem hnykkur Evu Maríu vísar til.



Hún er að tjá eina ferðina enn þá hugmynd hins markaðsmiðaða auglýsingasjónvarps sem hér er rekið bæði af ríki og einkafyrirtækjum að hin gruflandi heimildarmynd sé ekki við alþýðuskap. Það er enda sú stefna sem stjórnendur sjónvarpsstöðva á Íslandi hafa rekið um árabil; gagnrýnin, frjó skoðun heimildarmynda er þeim ekki að skapi. Að hluta til vegna þess að hún er óvægin, óvenjuleg og oft pólitísk að því leyti að hún leiðir fólk til að hugsa sjálfstætt.

Nú er boðað að á Ríkissjónvarpinu verði ekki bara raðir heimildarþátta, heldur líka stakar myndir. Verður fróðlegt að sjá hvert úrvalið er og hvernig efnið verður kynnt – jafnvel „skemmtilegt“.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00 Everybody Hates Chris** SKJÁREINN



▶ **21.25 Ævintýrið til Estorill** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.10 Eleventh Hour** STÖÐ 2



▶ **22.15 Gossip Girl** STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**14.55 Persónur og leikendur** (e)
**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Flautan og litirnir** (2:8) (e)
**17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (2:12) (e)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Hvaða Samantha?** (12:15) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Eldað með Jóhönnu Vigdísi** Matreiðsluþáttaröð í umsjón Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur.
**20.40 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (57:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.
▶**21.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (3:12) Í þessum þætti er farið í saumana á olíuleit norðaustur af Íslandi, fjallað um fyrirtæki sem hefur náð miklum árangri í tölvuheimi skóla og skólastarfs og um hveraörverur sem geta aðstoðað Íslendinga í orkumálum.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Fé og freistingar** (Dirty Sexy Money 2) (21:23) Bandarísk þáttaröð um lögmann auðugrar fjölskyldu í New York sem þarf að vera á vakt allan sólarhringinn við að sinna þörfum hennar.
**23.10 Hamarinn** (2:4) (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 She's the One**
**10.00 Great Expectations**
**12.00 Draumalandið**
**14.00 She's the One**
**16.00 Great Expectations**
**18.00 Draumalandið**
**20.00 Gattaca** Spennutryllir með Ethan Hawke og Umu Thurman í aðalhlutverkum.
**22.00 The Amityville Horror**
**00.00 Battle Royale**
**02.15 Hot Fuzz**
**04.15 The Amityville Horror**
**06.00 The Things About My Folks**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Elías og Ævintýri Juniper Lee.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Atvinnumennirnir okkar**
**11.45 Supernanny** (2:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (46:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (47:300)
**14.30 Ally McBeal** (2:23)
**15.15 You Are What You Eat** (13:18)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Nonni nifteind, Bratz, Ævintýri Juniper Lee og Elías.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (5:22)
**19.45 Two and a Half Men** (3:24) Gamanþáttaröð um bræðurna Charlie og Alan Harper.
**20.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (3:10) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.
**20.40 The Apprentice** (12:14) Í sjötta sinn leitar Donald Trump að nýjum lærlingi.
**21.25 NCIS** (10:19) Spennuþáttaröð sem fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu.
▶**22.10 Eleventh Hour** (13:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við að rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða eru talin af yfirnáttúrulegum toga. Það er jafnan allra síðasta úrræði að kalla Hood til enda er hann hrokagikkur og erfiður í samstarfi.
**22.55 A History of Violence**
**00.30 Fangavaktin** (3:8)
**01.00 The 4400** (9:13)
**01.45 Silver City**
**03.50 Retrograde**
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 England - Hvíta Rússland** Útsending frá leik í undankeppni HM.
**17.55 Brasilía - Venezuela** Útsending frá leik í undankeppni HM.
**19.35 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**20.00 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir komandi keppni. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**20.30 Bardaginn mikli: Joe Louis - Max Schmeling**
▶**21.25 Ævintýrið til Estorill** Sýnt frá einu stærsta pókermóti í Evrópu en þangað hélt hópur Íslendinga fyrr á árinu en meðal keppenda voru bæði Auðunn Blöndal og Gilzenegger ásamt bestu pókerspilurum Íslands.
**21.50 Presidents Cup 2009: Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum í Forsetabikarnum í golfi sem fram fór helgina 8. - 11. október.
**22.45 Úrúgvæ - Argentína** Útsending frá leik í undankeppni HM.
**00.25 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**01.15 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**18.05 Season Highlights 2002/2003** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**19.00 Goals of the Season 2000/2001** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**19.55 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches** West Ham - Sheffield Wed, 1999. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**21.00 PL Classic Matches** Southampton - Liverpool, 2000.
**21.30 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**22.25 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**23.00 West Ham - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (3:10) (e)
**08.00 Dynasty** (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (3:10) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**17.20 Dynasty**
**18.10 Lífsaugað** (4:10) (e)
**18.50 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
**19.05 King of Queens** (1:25) Skjár einn byrjar í kvöld að endursýna þessa vinsælu þætti.
**19.30 Game Tíví** (5:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
▶**20.00 Everybody Hates Chris** (21:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.
**20.25 30 Rock** (2:22) Oprah Winfrey leikur gestahlutverk í þessum þætti. Liz er í flugvél á leið til Chicago og trúir vart sínum eigin augum þegar Oprah reynist vera sessunautur hennar.
**20.55 Flashpoint** (12:12) Spennandi þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest.
**21.50 Fréttir** (e)
**22.05 Law & Order: Criminal Intent** (22:22) Það er komið að lokaþættinum að sinni. Draugar fortíðar ásækja Goren þegar hann finnur mynd við leiði móður sinnar.
**22.55 The Jay Leno Show**
**23.45 She's Got The Look** (6:6) (e)
**00.35 Secret Diary Of A Call Girl** (e)
**01.05 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Umræður um pólitík líðandi stundar.
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm heldur áfram með sitt tveggja manna tal við Gunnar Dal.
**21.30 Grasrótin** Þáttur í umsjón Vinstri grænna.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



Kópavogur, Smiðjuvegi 68-70, sími 544 5000
Njarðvík, Fitjabraut 12, sími 421 1399
Selfoss, Gagnheiði 2, sími 482 2722
Smurstöðin Klöpp, Vegmúla 4, sími 553 0440
SÓLNING | BARÐINN
Skútuvogi 2 | 104 Reykjavík | Sími 568 3080 | www.bardinn.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### Eldsnöggt með Jóa Fel



Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Matreiðslan verður þjóðlegri en áður, góðar steikur, matarmiklir pottréttir, súpur og einfaldir fiskréttir. Hollur, hagkvæmur og heimilislegur matur eldaður af hjartans lyst. Jói ætlar einnig að kenna okkur að baka einföld brauð, fín og gróf, formkökur, klatta, flatkökur og skonsur svo eitthvað sé nefnt. Í kvöld verður þátturinn helgaður skemmtilegum uppskriftum handa börnum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Fréttir - NÝTT**

### Skjár einn kl. 18.50

Skjár einn byrjar í kvöld í samstarfi við Morgunblaðið með útsendingar á nýjum fréttatíma þar sem lögð verður áhersla á stuttar og hnitmiðaðar fréttir ásamt fréttum af veðri. Fréttatíminn verður á dagskrá alla virka daga kl. 18.50 og endursýndur samdægurs kl. 21.50. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.05** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
**15.25** Raddir barna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**18.57** Með augum Helga
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Einfarar - Is there someone out there?
**22.34** Útvarpsleikhúsið: Í aðalhlutverki - Herdís Þorvaldsdóttir
**23.05** Tónleikur
**00.00** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (26:26)
**17.00 Doctors** (1:26)
**17.30 The O.C. 2** (16:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.15 Seinfeld** (6:24)
**18.45 Doctors** (26:26)
**19.15 Doctors** (1:26)
**19.45 The O.C. 2** (16:24)
**20.30 Seinfeld** (6:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 You Are What You Eat** (5:18) Dr. Gillian McKeith er sérfræðingur á sviði mataræðis og aðstoðar fólk sem er komið í ógöngur.
▶**22.15 Gossip Girl** (2:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**23.00 Ástríður** (9:12) Heilbrigð innbyrðis samkeppni ríkir á öllum vinnustöðum. Sveini Torfa finnst þó eins og einhver sé í samkeppni við hann um hylli Ástríðar.
**23.25 Medium** (9:19)
**00.10 True Blood** (4:12)
**01.00 Auddi og Sveppi**
**01.30 In Treatment** (22:43)
**01.55 Sjáðu**
**02.25 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Blackadder II **12.30** Only Fools and Horses **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** Blackadder II **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **18.30** Coupling **19.00** Little Britain **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** The Innocence Project **20.55** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.25** Coupling **21.55** Little Britain **22.25** Absolutely Fabulous **22.55** EastEnders **23.25** The Weakest Link

## DR 1

**12.00** Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.50** S P eller K **14.00** Boogie Update **14.30** Braceface **14.50** Hojspændingsmanden og Robotdrengene **15.00** Lloyd i Rummet **15.20** Den lyserode panter **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Sporlos **18.30** Kender du typen **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **20.00** Manet Halls hemmelighed **21.30** VM Taekwondo **22.00** Seinfeld **22.25** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.05** Jessica Fletcher **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Ut i nærturen **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Sørens ønskestøvler **16.05** Fritt fram **16.35** Danny og Daddy **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.50** TV-aksjonen **17.55** Tilbake til 60-tallet **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Forbrytelsen **20.30** Den norske humor **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Klar til kamp! **23.15** Kulturnytt

## SVT 1

**12.10** Fråga doktorn **12.55** Den stora resan **13.55** Fem minuter för Världens Barn **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Hannah Montana **15.25** Robins **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Niklas mat **18.30** Mitt i naturen **19.00** Fem minuter för Världens Barn **19.05** Plus **19.35** Ett fall för Louise **20.05** Debatt **20.50** Världens Barn. Uganda **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Uppdrag Granskning **22.15** Skavlan **23.15** Kysst av spriten **23.45** Kriminaljouren




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég set alltaf á „shuffle“, þannig að það getur verið allt frá Hrekkjusvínum upp – eða niður – í Queens of the Stone Age og System of a Down. Rammstein eða Abba, að ógleymdum S/H draumi, Sprengjuhöllinni, Fræbbblunum, Mannakorni, Amy Winehouse, Ramones, Noruh Jones og AC/DC. Og fugl dagsins auðvitað.“*

Ævar Örn Jósepsson rithöfundur.

# Ótrúlegar vinsældir Stiegs Larsson

Fjórtán þúsund manns hafa séð kvikmyndina Stúlkan sem lék sér að eldinum síðan hún var frumsýnd 2. október. Að auki hafa um sex þúsund eintök selst af samnefndri bók sem var gefin út í íslenskri þýðingu 18. september.

„Þetta er bara algjört æði, það hefði enginn getað látið sig dreyma um þetta. Þetta er bara mjög óvenjulegt,“ segir Guðrún Vilmundardóttir hjá útgáfunni Bjarti. „Hún nær á mánuði því sem hin tók á ári,“ bætir hún við og á þar við fyrstu bókina í Millennium-þríleiknum, Karlar sem hata konur. Hún hefur selst í um sex þúsund eintökum innbundin síðan hún kom út í október í fyrra. Eftir að hún kom út í kilju hafa níu þúsund eintök bæst við.

Þriðja og síðasta bókin, Loftkastalinn sem hrundi, er væntanleg í íslenskri þýðingu í næsta mánuði. Ensk þýðing hennar er þegar komin í búðir og hefur selst vel. Guðrún segir að þeir sem geti ekki beðið eftir íslensku þýðingunni fái sér hana. Engu að síður hefur hún heyrt kvartanir. „Hann er allt öðruvísi þessi skandinavíski heimur sem við höfum aðgang að. Mér skilst að fólki finnist hann ekki komast nógu vel til skila í ensku útgáfunni.“

Hvað varðar kvikmyndina er hún skammt undan Körlum sem hata konur í aðsókn miðað við jafnlangan sýningartíma. Nítján þúsund manns sáu hana á jafnlöngu tímabili og endaði aðsóknin í 52 þúsund gestum. Hún er önnur mest sótta mynd ársins hjá Senu á eftir Hangover. Að auki er DVD-mynddiskurinn með Körlum sem hata konur uppseldur hjá útgefanda. Sex þúsund eintök eru farin og er von á nýrri sendingu von bráðar. - fb



**STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM** Millennium-æðið er heldur betur í fullum gangi hér á landi. Íslendingar fá ekki nóg af Lisbeth Salander.



**LÁRÉTT**
2. vegsama, 6. hljóm, 8. frestur, 9. draup, 11. tveir eins, 12. mont, 14. skýli, 16. átt, 17. dreift, 18. tæfa, 20. tveir eins, 21. truflun.

**LÓÐRÉTT**
1. fita, 3. pot, 4. litur, 5. þróttur, 7. naggrís, 10. kverk, 13. hólf, 15. sjá eftir, 16. hlóðir, 19. bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. lofa, 6. óm, 8. töf, 9. lak, 11. ll, 12. grobb, 14. skáli, 16. sv, 17. sáð, 18. tík, 20. rr, 21. ónáð.

**LÓÐRÉTT:** 1. tólg, 3. ot, 4. fölblár, 5. afl, 7. marsvín, 10. kok, 13. bás, 15. iðra, 16. stó, 19. ká.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Kredia hf.
2. Westlife.
3. Veigar Páll Gunnarsson.

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010



**JAPANSKIR ÍSLANDSÁHUGAMENN Á RÁNARGÖTUNNI** Yuka Ogura (með hvíta veskið) og galvaskir Íslandsfarar á hennar vegum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### YUKA OGURA: MÆTT Á SJÖUNDU AIRWAVES-HÁTÍÐINA SÍNA

# Japönsk innrás á Airwaves

Líf og fjör. Músík og útlendingar á hverju götuhorni. Jebb, Airwaves er gengin í garð og miðbærinn fær vel þegna vítamínsprautu. Yuka Ogura, sem býr í Yokohama í nágrenni Tókýó í Japan, er mætt á sína sjöundu Airwaves-hátíð og fer fyrir 22 japönskum ferðamönnum sem komnir eru gagngert til að upplifa Airwaves.

„Ég kom reyndar með aðeins fleiri í fyrra,“ segir Yuka. „Ég held að fréttir af óeirðunum sem voru hérna í kjölfar efnahagshrunsins hafi fælt frá. Að minnsta kosti í Japan. Bandarískum og evrópskum ferðamönnum hefur þó ekkert fækkað, held ég.“

Yuka er mikill Íslandsvinur og er búin að sinna áhuga sínum á íslenskri músík af mikilli elju síðustu árin. Hún rekur netverslun og selur tónlist sem hún pantar frá Íslandi og bloggar um íslenska tónlist og allt annað sem íslenskt er á icelandia1.exblog.jp. „Það er japanskt fólk á landinu núna sem er ekki á mínum vegum heldur hefur bara lesið bloggið mitt og komið af sjálfsdáðum,“ segir hún. „Fólkið sem ég er með er mest í kringum þrítugt, en sá yngsti er nítján ára og sá elsti 49 ára. Þetta er alls konar fólk. Það fæst við ýmis störf heima í Japan, en þau eiga sameiginlegan þennan mikla áhuga á Íslandi og þá sérstaklega á tónlistinni.“

Yuka segir aðdráttarafl Airwaves-hátíðarinnar mikið. „Fólk er búið að hlakka til þessarar ferðar lengi. Þetta góða andrúmsloft sem ríkir á hátíðinni hefur spurst út og öll þessi góða tónlist sem er í boði. Ekki skemma allir þessir frábæru veitingastaðir fyrir. Svo förum við auðvitað líka í „Golden circle“-ferðina og í Bláa lónið.“

Yuka hefur komið árlega á Airwaves síðan 2003, en hún hefur líka komið til Íslands fyrir utan hátíðina, nú síðast í sumar þegar hún fylgdi japönsku poppstjörnunni Tomoyo Harada til landsins. Sú var mjög vinsæl á 9. og 10. áratugnum, bæði sem leik- og söngkona. „Hún tók upp eitt lag með Valgeiri Sigurðssyni og tvö lög með múm. Þessi lög ásamt fleirum eru á nýjustu plötunni hennar sem heitir „Eyja“, af því hún var tekin upp á tveimur eyjum, Íslandi og Japan. Hún tók upp myndband á Íslandi og plötuumslagið var tekið hér.“

En hvað með gestsaugað glögga? Hvernig líst Yuku á kreppuþjóðina? „Mér fannst nú vera miklu fleiri auð rými við Laugaveginn þegar ég kom í sumar,“ segir hún. „Mér finnst eins og það sé ekkert að, eins og ekkert hafi breyst. Enginn sem ég tala við er eitthvað langt niðri. En það er svo sem fullt af auðum húsum og hálfbyggðum þegar maður fer eitthvað út úr miðbænum.“

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Páll Óskar** kemur fram með hljómsveitinni Hjaltalín á Iceland Airwaves-hátíðinni í Hafnarhúsinu á laugardagskvöld. Palli syngur ekki aðeins ofursmellinn Þú komst við hjartað í mér með hljómsveitinni, heldur ætlar Hjaltalín að flytja með honum nokkur af allra vinsælustu lögum popparans. Þá heyrist að Palli komi til með að syngja nýtt lag af óútkominni plötu Hjaltalín á tónleikunum.



DV greindi frá því í gær að sjónvarpsmaðurinn **Helgi Seljan** myndi flytja tímabundið til Akureyrar um áramótin þar sem hann væri kominn með nóg af Reykjavík í bili. Ekki kom fram hvað verður um starf hans í Kastljósi Sjónvarpsins, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er hann ekki að hætta þar. Hann verður reyndar minna áberandi á skjánum, en á móti verður hann nýr liðsmaður svæðisútvarps Norðurlands svo að þeir sem eru með óhreint mjöl í pokahorninu ættu að kaupa lyktareyði áður en sporhundurinn mætir á svæðið.



Þjófinn, sem stal útprentaðri þýðingu á Týnda tákninu eftir **Dan Brown** úr höfuðstöðvum Bjarts, hefur væntanlega rekið í rogastans þegar hann skoðaði eintakið betur. Kaflarnir voru aðeins 125 talsins en alls eru 134 kaflar í bókinni. Vantaði því sögulokin í prófförkina og vonbrigðin hafa því vafalítið verið mikil þegar þjófurinn komst að hinu sanna. - afb, fb



Fundur um
SORG OG SORGARVIÐBRÖGÐ
Margrét Blöndal hjúkrunarfræðingur hjá áfallamiðstöð Landspítalans flytur erindi um sorg og sorgarviðbrögð í safnaðarheimili Háteigskirkju í kvöld, fimmtudagskvöld kl. 20.
Allir velkomnir.
nydogun@nydogun.is



NÝ DÖGUN
Samtök um sorg og sorgarviðbrögð

# Svínaflensa hindrar Hoffman

„Maður var brosandi út að eyrum þangað til í gær, þá bara búmm!“ segir Sæþór Ágústsson, bassaleikari hljómsveitarinnar Hoffman.

Tveir meðlimir Hoffman hafa greinst með svínaflensu og liggja nú heima í bælinu. Hoffman var ein af fáum hljómsveitum sem áttu að koma tvisvar fram á Iceland Airwaves-hátíðinni, sem hófst í gær.

„Bjarki vill reyndar meina að hann sé að braggast, en Óli liggur bara,“ segir Sæþór svekktur.

Hoffman átti að koma fram á Sódómu í gær og Grand Rokki í kvöld. Þá átti hljómsveitin að koma fram á utandagskrártónleikum á Dillon á föstudag á undan hljómsveitinni Klink.

Róbert Aron Magnússon, upplýsingafulltrúi Iceland Airwaves-hátíðarinnar, segir að aðrar hljómsveitir hafi ekki hringt sig inn veikar. „Vonandi sleppur þetta fram yfir helgi,“ segir hann og bætir við að leitt sé að horfa á eftir Hoffman. „Flensan hefur herjað illa á þá. Við vonum að þeir nái bata sem fyrst.“ - afb



**VEIKIR** Hljómsveitin Hoffman varð að hætta við tvenna tónleika á Iceland Airwaves.



GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
6.999,-
Dömuúlpa · hlý og vönduð · st. XS-XL
3.999,-
Hettupeysur 3 litir · st. S-XXL
7.999,-
Nýjar herraúlpur · st. S-XXL
VERÐ FRÁ
9.999,-
Ný sending af vönduðum jakkafötum
st. 46-64 · margir litir
VERÐ AÐEINS
499,-
Hlýrabolir · svartir og hvítir
299,-
Kósýsokkar · margir litir
999,-
Þykkar og hlýjar leggings · 3 litir · 2 munstur
4.999,-
Herrajakki · margir litir · allar stærðir
VERÐ AÐEINS
999,-
B.C herraskyrtur
3 litir · st. XS-XL
NÝTT KORTA-TÍMABIL
NÝTT KORTA-TÍMABIL
SKÓMARKAÐUR
NÝ SENDING VERÐ FRÁ 499.-
BARNA KULDASKÓR FRÁ 1999
BARNA TAKKASKÓR 3999
DÖMUSTIGVÉL FRÁ 2999
OFURTILBOÐ VIKUNNAR
NORTHFIELD ÚLPA
3.999,-
ST.S-XL, TAKMARKAÐ MAGN
OPIÐ 10-18 · SUNNUDAGA 12-17

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**TILBOÐSBLAÐ BÓNUS ER Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG**
TAKTU OPNUNA ÚR BLAÐINU MEÐ ÞÉR ÞEGAR ÞÚ FERÐ AÐ VERSLA
BÓNUS NÝTT KORTATÍMABIL





**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna


## *Þegar allt breyttist ekki*

Mér fannst fall Berlínarmúrsins ekkert svo merkilegt. Að minnsta kosti man ég ekkert hvað ég var að gera þegar fréttin barst. Ég man hins vegar ljóslifandi eftir 11. september 2001. Maður var alveg í smá sjokki, fyrst og fremst vegna þess að ég og Lufsan áttum pantaða New York-ferð í desember. Við höfðum skoðað myndir af mollinu sem var í kjallara World Trade Center. Hún vildi hætta við ferðina en ég náði að lempa hana til að fara. Maður tók fyrst og fremst eftir því hvað ameríski fáninn var úti um allt. Blakti alls staðar á húsum og á bílum.

**MAÐUR** hélt að allt myndi breytast. Að lífið yrði aldrei aftur eins. Svo gerðist ekki neitt nema helst að það varð ævintýralega mikið vesen að komast í gegnum flugvelli. Á flugvellinum í Las Vegas árið 2002 komu tvær löggur og tóku mig afsíðis eftir ábendingu vænisjúks flugvallargests. Ég gæti náttúrulega alveg eins verið brjálaður hryðjuverkamaður með þennan hökutopp. Löggurnar voru kurteisin uppmáluð og ég auðvitað með allt tandurhreint í mínu pokahorni. Þetta var upplifun mín af stríðinu gegn hryðjuverkum.

**SÖMU** „nú breytist allt"-tilfinninguna fékk maður þarna fyrir ári þegar þjóðin vaknaði upp við vondan draum. Ég var með í maganum í viku á meðan Geir Haarde kom daglega flóttalegur til augnanna með nýjustu tíðindi af heimsenda. Ég fékk martraðir um AGS og missti nokkur kíló af áhyggjum. Í sturtunni í Laugum heyrði ég menn helst binda vonir við að annars staðar færi allt til andskotans líka svo við litum ekki út eins og algjörir aumingjar. Ég sá fram á að líf mitt færðist aftur til ársins 1980. Ég vonaði bara að internetinu yrði ekki lokað vegna skulda. Öfugt við í New York blakti hvergi íslenski fáninn hjá okkur. Við klikkuðum á því.

**ÉG** hefði auðvitað getað sagt mér það strax að slappa af. Ári síðar er maður í svipuðum sporum, stritandi til að borga reikningana, úti er haustsuddi og það styttist í jólin. Í þessu eins og öðru ræður maður því sjálfur hvort glasið er hálftómt eða hálffullt. Það er helst að maður sakni sígaunanna sem voru alltaf að spila á harmóníkur fyrir framan matvörubúðir í mesta góðærinu. Þeir sjást ekki lengur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 15. október 2009, 288. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.18 | 13.13 | 18.07 |
| Akureyri | 8.08 | 12.58 | 17.47 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





